

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

ÁRSSKÝRSLA 2008

REYKJAVÍK 2009

FORMÁLSORÐ

Starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum var með svipuðum hætti á árinu 2008 og árið á undan. Mikið hagræði var fyrir starfið þegar örnefnasvið gat flutt starfsemi sína og gögn úr Garðabæ á Neshaga 16 og komið sér þar fyrir í vinalegu húsrými í sambýli við önnur svið sem fást við íslenskt mál.

Eins og fram kemur í skýrslunni miðaði flestum verkefnum vel áfram þótt ekki tækist að koma út á árinu öllu sem vonir stóðu til. Þó kom nú út í tveimur bindum stórvirkið *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal* sem Guðrún Ása Grímsdóttir bjó til prentunar. Unnið var að endurbótum og samræmingu á gagnagrunnum stofnunarinnar, en hægt var á því starfi þegar fjárhagsörðugleikar blöstu við á síðustu mánuðum ársins.


Forstöðumaður tók á árinu þátt í starfi nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til að undirbúa hönnunarsamkeppni um hús fyrir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslenskuskor Háskóla Íslands (nú námsbraut í íslensku í íslensku- og menningardeild). Samkeppnin fór fram og voru úrslit tilkynnt og verðlaun afhent af menntamálaráðherra í hátíðasal Háskóla Íslands 21. ágúst. Verðlaunin vann arkitektastofan Hornsteinar sf. Boðuð hefur verið frestun framkvæmda, en hönnun verður haldið áfram. Þetta hús hefur frá upphafi verið mikilvægur þáttur í framtíðarsýn stofnunarinnar – staður samstarfs á sviði íslenskra fræða í nánnum tengslum við Háskóla Íslands og Landsbókasafn – Háskólabókasafn, verðug og traust umgjörð þjóðargersema. Óvíst er nú hvenær framkvæmdir geta hafist, en miklu skiptir að þessi hugsýn lifi á erfiðleikatímum og geti orðið að raunveruleika svo fljótt sem ástæður leyfa.

Eins og annað sem fram fer á stofnun er ársskýrslan afrakstur af samstarfi, stofustjórar og Rósa Þorsteinsdóttir hafa einkum lagt mér lið.

Þetta verður síðasta ársskýrsla sem ég læt frá mér fara, og er tækifærið notað til að þakka öllum starfsmönnum fyrir gott samstarf og vinsemd, svo og stjórn stofnunarinnar og yfirvöldum menntamála. Stofnunin nýtur velvildar og álits innan lands og utan, og er það bæði starfsmönnum og starfinu sjálfu mikils virði.

Á þorraþræl 2009

Vésteinn Ólason



Hús íslenskra fræða – tillaga Hornsteina, 1. verðlaun

STJÓRN OG STARFSLIÐ

Stjórn:

Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. ráðherra, formaður
Sigríður Snævarr sendiherra
Guðrún Nordal prófessor
Torfi H. Tulinius prófessor
Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor

Forstöðumaður:

Vésteinn Ólason prófessor

Sérfræðingar ráðnir til rannsóknarstarfa:

Ari Páll Kristinsson rannsóknardósent, stofustjóri málræktarsviðs
Ásta Svavarsdóttir rannsóknardósent
Einar G. Pétursson rannsóknarprófessor
Gísli Sigurðsson rannsóknarprófessor, stofustjóri þjóðfræðisviðs
Guðrún Ása Grímsdóttir rannsóknarprófessor
Guðrún Kvaran prófessor, stofustjóri orðfræðisviðs
Guðvarður Már Gunnlaugsson rannsóknardósent
Gunnlaugur Ingólfsson rannsóknardósent
Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor
Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor
Sigurgeir Steingrímsson rannsóknardósent, stofustjóri handritasviðs
Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknardósent
Svavar Sigmundsson rannsóknarprófessor, stofustjóri nafnfræðisviðs
Sverrir Tómasson rannsóknarprófessor
Úlfar Bragason rannsóknarprófessor, stofustjóri alþjóðasviðs

Rannsóknarstaða Árna Magnússonar:

Haraldur Bernharðsson (frá 1.4.)

Ármann Jakobsson, sem gegndi stöðu Árna Magnússonar til ársloka 2007, tók við lektorsstöðu við hugvísindadeild HÍ um áramót.

Rannsóknarstaða Sigurðar Nordals:

Daniel Sävborg (til 15.8.)

Aðalheiður Guðmundsdóttir (frá 1.9.)

Elizabeth Ashman Rowe, sem til stóð að tæki við stöðu Sigurðar Nordals af Daniel Sävborg, afpakkaði stöðuna eftir að henni bauðst ráðning til lengri tíma við Cambridge-háskóla, og var þá ákveðið í samráði við húsþing rannsóknarstarfsmanna að bjóða Aðalheiði Guðmundsdóttur að taka við fyrir en upphaflega var ráðgert.

Sérfræðingar ráðnir til ákveðinna verkefna:

Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir verkefnisstjóri (50%)

Ágústa Þorbergsdóttir deildarstjóri

Bessi Aðalsteinsson verkefnisstjóri

Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri (80%)

Hallgrímur J. Ámundason verkefnisstjóri

Jóhanna Bogadóttir verkefnisstjóri (50% til 14.9.)

Jóhannes B. Sigtryggsson verkefnisstjóri

Jónína Hafsteinsdóttir deildarstjóri

Kristín Bjarnadóttir verkefnisstjóri

Kristján Eiríksson verkefnisstjóri

Rósa Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri

Sigrún Helgadóttir verkefnisstjóri (75%)

Þórdís Úlfarsdóttir verkefnisstjóri

Starfsmenn við stjórnslu og þjónustu:

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (50%)

Kári Kaaber deildarstjóri

Rósa Sveinsdóttir deildarstjóri (50%)

Þórunn Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnslusviðs (frá 1. sept. 70%)

Soffía G. Guðmundsdóttir deildarstjóri (frá 1.8.) (50%)

Bókavörður:

Ólöf Benediktsdóttir

Safnkennari:

Svanhildur Gunnarsdóttir

Forvörður:

Hersteinn Brynjúlfsson

Ljósmyndari:

Jóhanna Ólafsdóttir

Öryggisverðir:

Guðmundur G. Guðmundsson

Magnús Jónsson

Sigurður Valtýsson

Ævar Sigurðsson

Ræsting Þingholtsstræti og Hvassaleiti:

Ragnhildur Bragadóttir (20%)

Tímabundin ráðning til rannsókna:

Ásdís Þórsdóttir
Bjarni Páll Ingason
Gísli Rúnar Harðarson
Haraldur Bernharðsson Ph.D.
Hjördís Stefánsdóttir
Karl Ó. Ólafsson
Marteinn H. Sigurðsson
Soffía G. Guðmundsdóttir
Valgerður Hilmarsdóttir
Þórunn Sigurðardóttir

Styrkþegastaða RANNÍS:

Aðalheiður Guðmundsdóttir dr. phil. (til 30.6.)

Doktorsnemar sem fá leiðbeiningu og aðstöðu:

Yelena Sesselja Helgadóttir
Þórður Ingi Guðjónsson

Fyrrverandi starfsmenn með vinnuáðstöðu:

Jónas Kristjánsson dr. phil.
Ólafur Halldórsson dr. phil.

FJÁRMÁL

Rekstur

Rekstur stofnunarinnar var erfiður á árinu eins og rekstrarreikningur sýnir. Að hluta til stöfuðu þeir erfiðleikar af misvísandi upplýsingum frá bókhaldi um stöðu stofnunarinnar í árslok 2006, eftir sameiningarárið. Grein var gerð fyrir því í síðustu ársskýrslu, en þá voru þó ekki öll kurl komin til grafar eins og fram kom í endanlegum ársreikningi Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007 sem undirritaður var 22. des. 2008. Fullmikil bjartsýni, sem villandi upplýsingar ollu, skýrir þó ekki nema að hluta vaxandi rekstrarhalla síðustu ára (hallinn á árinu 2007 var í raun minni en tölur frá Ríkisbókhaldi hér að neðan sýna). Að mati forstöðumanns eru skýringarnar þó ekki bruðl eða óhóf. Í fyrsta lagi er innbyggt launaskrið í samninga akademískra starfsmanna sem ekki er sjálfkrafa leiðrétt í fjárlögum. Í stórum stofnunum ætti þetta að leiðrétta jafnóðum vegna starfsmannaveltu, en á minni stofnunum, þar sem starfsmannavelta er lítil og margir starfsmenn á svipuðum aldri, tekur það langan tíma. Í öðru lagi hafa þær stofnanir sem sameinaðar voru og sú nýja tekið að sér ýmis verkefni fyrir ríkið á liðnum árum, sum tímabundin, önnur varanleg, og áætlaður kostnaður verið færður inn í fjárlög stofnananna ómerktur. Slík verkefni verða oft kostnaðarsamari en áætlað er og á móti koma hagræðingarkröfur frá ríkinu ár eftir ár sem erfitt eða ómögulegt er að mæta á stofnunum þar sem yfirvinna er sáralítill en fastur launakostnaður mjög hátt hlutfall af heildarútgjöldum, nema með því að draga úr starfsemi.

Eftir þau áföll, sem dundu yfir þjóðarbúið haustið 2008, blasir aukinn vandi við þessari stofnun eins og öðrum. Fjárveiting ársins 2009 var í meðförum Alþingis lækkuð úr 290,5 milljónum í 279,3 milljónir, og ekki er gert ráð fyrir neinum uppbótum vegna verðbólgu. Á grundvelli þessarar fjárheimildar hefur þó verið gerð fjárhagsáætlun sem á að

geta staðist, en því aðeins að ekki verði gerð krafa um að neikvæður höfuðstóll (uppsafnaður halli) verði leiðréttur í einu lagi.

Hér að neðan er birtur rekstrarreikningur fyrir árið 2008 eins og hann liggur fyrir nú í febrúarlök hjá Ríkisbókhaldbi. Þær tölur verður að birta með fyrirvara. Ekki eru birtar hér neinar tölur úr efnahagsreikningi því að rétt þykir að bíða endanlegs uppgjörs.

Tekjur	2008	2007
Sértekjur	94.360.028	43.294.746
Markaðar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0

Tekjur samtals	94.360.028	43.294.746
-----------------------	-------------------	-------------------

Gjöld

Almennur rekstur	378.011.024	319.849.140
Gjöld samtals	378.011.024	319.849.140

Tekjur umfram gjöld	-283.650.996	-276.554.394
Framlag úr ríkissjóði	271.604.567	253.584.000
Hagnaður/Tap ársins	-12.046.429	-22.970.394


Þegar reikningurinn er borinn saman við rekstrarreikning 2007 vekur athygli hve sértekjur hafa aukist mikið. Það sýnir virkni stofnunarinnar og hugmyndaauðgi starfsmanna og það álit sem þeir og stofnunin njóta. Öflun styrkja úr samkeppnissjóðum er í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda og almenn akademísk viðhorf. Nauðsynlegt er þó að gera sér grein fyrir að slíkum styrkjum fylgja beinar og óbeinar skuldbindingar um mótframlög og aðstöðu, þannig að ekki er gefið að þeir bæti fjárhag stofnana þótt þeir auki umsvif og veltu og skili árangri sem er í samræmi við lögbundin markmið stofnunar og hlutverk. Stærstu liðir sértekna eru þessir: Framlög frá innlendum aðilum öðrum en ríkissjóði (einkum rannsóknastyrkir) 33,2 m.kr., framlög frá erlendum aðilum (rannsóknastyrkir) 29,3 m.kr., kennsla starfsmanna 9,2 m.kr., vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur 7,6 m.kr., bóksala 6,9 m.kr.

Fjárhagur bókasjóðanna

Sjóðir stofnunarinnar til bókakaupa, Bókasjóður Þorsteins M. Jónssonar og Sigurjónu Jakobsdóttur og Minningarsjóður Birgit Baldwin, ávöxtuðust vel í liðnu góðæri og hefur verið veitt úr þeim miklu fé til bókakaupa á liðnum árum. Árið 2001 var ákveðið að leita tilboða hjá fjármálafyrirtækjum í vörslu og ávöxtun Þorsteinssjóðs. Hagstæðast þótti tilboð Verðbréfadeildar Búnaðarbankans og var samið við hann árið 2002. Þegar Minningarsjóður Birgit Baldwin bættist við var þessi varsla komin í hendur Kaupþings, arftaka Búnaðarbankans, og var samið við bankann um vörslu þess sjóðs með hliðstæðum skilmálum og þeim sem giltu um Þorsteinssjóð. Í árslok 2007 var eign Þorsteinssjóðs 24,1 milljón króna, en Minningarsjóðs Birgit Baldwin 44,2 milljónir, eða samtals 66,3 milljónir. Eins og við var að búast urðu sjóðirnir fyrir tjóni við bankahrunið þrátt fyrir varkára ávöxtunarstefnu sem fól í sér að lágt hlutfall eigna var í hlutabréfum. Allmikill hluti af fé sjóðanna var hins vegar í peningamarkaðssjóði og rýrnaði því verulega. Það má þó kalla lán í óláni að sjóðirnir skyldu varðveittir í þeim banka þar sem peningamarkaðssjóður rýrnaði minnst.

Í árslok 2008 var eign Þorsteinssjóðs 21,4 milljónir, en Minningarsjóðs Birgit Baldwin 35,5 milljónir, eða samtals 56,9 milljónir. Sjóðirnir höfðu þá greitt 2,8 milljónir til bókaþaua á árinu, svo að þeir hafa rýnað um 6,6 milljónir að nafnverði eða rösklega 10%. Eftir sem áður eru þetta öflugir sjóðir sem munu skipta miklu máli fyrir stofnunina.

„Það hefði getað farið verr,“ sagði karlinn. Hann datt niður stiga með brennivínsflösku í hendinni og handleggsbrotnaði, en flaskan var heil.



Hús íslenskra fræða – tillaga Hornsteina

STARFSANNÁLL

Störf stjórnar

Stjórn stofnunarinnar hélt á árinu 7 fundi, fékk þar skýrslur um fjármál og helstu viðfangsefni stofnunarinnar og ræddi við forstöðumann. Á haustmánuðum hóf stjórnin undirbúning að auglýsingu starfs forstöðumanns og skipaði, eftir að umsóknir bárust, fulltrúa í dómnefnd um hæfi umsækjenda.

Störf húsþings

Húsþing kom saman 9 sinnum, í fjögur skipti voru rannsóknarstarfsmenn einir boðaðir til að fjalla um mál sem sérstaklega heyra undir þá. Fjöldmörg mál voru rædd á húsþingum. Í upphafi árs var rætt um stefnumótun á grundvelli fyrra starfs og samþykkt almenn stefna stofnunarinnar á húsþinginu 9. apríl (sjá Viðauka 2). Á húsþingi 7. okt. var samþykkt að tilnefna dr. Veturliða Óskarsson, prófessor á menntavísindasviði HÍ sem fastafulltrúa í dómnefnd um rannsóknarstöður á stofnuninni. Menntamálaráðuneyti tilnefndi síðar dr. Margréti Eggertsdóttur rannsóknarprófessor fastafulltrúa í dómnefndina. Á húsþingi 17. okt.

var fjallað um hugsanlegar afleiðingar bankahrunsins fyrir stofnun og starfsmenn, og 22. des. gerði forstöðumaður grein fyrir stöðu og horfum vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpi í meðförum Alþingis og nýjustu talna um fjárhag stofnunarinnar. Í ágúst lagði forstöðumaður fyrir húsþing rannsóknarstarfsmanna tillögur um að stöðum þriggja verkefnisstjóra yrði breytt í rannsóknarstöður ef starfsmennirnir sæktust eftir því og yrðu dæmdir hæfir. Tillagan var samþykkt eftir meðferð á tveimur húsþingum, starfsmennirnir sóttu um og dómnefnd var skipuð. Dómnefnd kvað upp hæfnisdóm og var sú niðurstaða staðfest af húsþingi 12. des. Frá breytingunum var síðan gengið miðað við áramót. Hið minna húsþing tilnefndi einnig á fundi sínum 7. okt. fulltrúa í dómnefnd um stöðu forstöðumanns.

Húsnæðismál

Starfsemi nafnfræðisviðs fluttist inn í húsnæði á Neshaga 16 í lok janúar.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu skipaði menntamálaráðherra 17. des. 2007 dómnefnd sem „hefði það hlutverk að efna til opinna samkeppni um hönnun húsnæðis Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“. Í nefndina voru skipuð: Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður, án tilnefningar, Jón Ólafur Jónsson arkitekt og Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands, Vésteinn Ólason tilnefndur af SÁ og Guðmundur R. Jónsson tilnefndur af Háskóla Íslands. Dómnefndinni var ætlað að styðjast við fyrirbyggjandi drög að samkeppnislýsingu. Með nefndinni unnu Þráinn Sigurðsson, menntamálaráðuneyti, og Bergljót S. Einarsdóttir, Framkvæmdasýslu ríkisins. Ritari nefndarinnar var Ingólfur Aðalbjörnsson, Framkvæmdasýslu ríkisins. Ráðgjafar voru Sigurgeir Steingrímsson og Eiríkur Rögnvaldsson prófessor.

Dómnefndin hélt alls 18 fundi. Samkeppnislýsing var samin í janúar og febrúar og samkeppnin auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu 2. mars. Frestur til að skila tillögum var 12. júní. Alls bárust 19 tillögur, sem allar voru metnar, og voru úrslit í samkeppninni tilkynnt og verðlaun afhent af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra 21. ágúst í hátíðasal Háskóla Íslands. 1. verðlaun hlaut tillaga Hornsteina arkitekta ehf., 2. verðlaun hlaut tillaga PK arkitekta ehf. og 3. verðlaun tillaga VA arkitekta ehf. Menntamálaráðuneyti og Framkvæmdasýsla hafa gert samning við Hornsteina ehf. um áframhaldandi hönnun, en vegna aðstæðna í efnahagsmálum hafa fyrirheit um fjárveitingar af því fé, sem fékkst við sölu Símans, verið numin úr gildi. Óvíst er því hvenær hægt verður að hefja framkvæmdir.

Við verðlaunaafhendinguna 21. ágúst flutti forstöðumaður ávarp:

Menntamálaráðherra, háskólarektor, góðir samstarfsmenn og aðrir gestir!

Það er ánægjuefni að ávarpa ykkur, nú þegar birtar eru niðurstöður þessarar hönnunarsamkeppni. Þessi atburður á sér langan aðdraganda, og ég læt nægja að víkja að lokasprettinum. Sumarið 2005 samþykkti ríkisstjórnin að leggja til við Alþingi að einum milljarði af andvirði Símans yrði varið til að reisa hús yfir nýja stofnun í íslenskum fræðum sem þá var í fæðingu. Í ársbyrjun 2007 var ég skipaður í nefnd ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt og Örlygi Geirssyni verkefnastjóra til að vinna að forathugun og þarfagreiningu vegna samkeppni meðal arkitekta um hönnun nýrrar byggingar. Samstarf við Þorstein og Örlyg var með miklum ágætum, eins og raunar alla sem að þessu þjóðþrifamáli hafa komið. Starfsmenn Árnastofnunar lögðu til efni í þarfagreininguna, og vil ég sérstaklega nefna Sigurgeir Steingrímsson, sem var ritari þessarar nefndar og ráðgjafi þeirrar sem nú skilar verki sínu. Reynsla hans og umhyggja fyrir þeim gersemum, sem hann hefur umgengist um áratugaskeið, skilaði drjúgum afrakstri í allan undirbúning. Meðan á þessu starfi stóð tókst fullt samkomulag og samstarf við Háskóla Íslands um fyrirhugaða byggingu. Nefndin, sem skipuð var í árslok 2007 til að annast samkeppnina sjálfa, undir forystu Sigríðar Önnu Þórðardóttur sendiherra, hefur unnið af svo miklu kappi, með forsjá, að óblandin

ánægja hefur verið að taka þátt í því starfi. Það var mér gleðiefni að við skyldum verða sammála um allar niðurstöður þótt við komum að verkinu úr ólíkum áttum. Sjálfur er ég mjög ánægður með þær tillögur sem borist hafa og harma það eitt að aðeins ein geti orðið að veruleika.

*Innan við múrvegginn átti ég löngum mitt sæti,
utan við kvikaði borgin með gný sinn og læti;
hálfvegis vakandi, hálfvegis eins og í draumi
heyrði ég þungann í aldanna sígandi straumi.*

*Undrandi renndi ég augum með bókanna röðum:
eljuverk þúsunda, varðveitt á skrifudum blöðum;
hvar sem ég fletti, við eyrum mér ólguðu og sungu
uppsprettulindir og niðandi vötn minnar tungu.*

Svo kvað Jón Helgason í kvæðinu Í Árnasafni, sá maður sem lengur en flestir aðrir annaðist og rannsakaði íslensk handrit og rýndi í þau í ástríðufullri leit að traustri þekkingu. Nýir veggir munu nú rísa til að skýla handritunum okkar um langan aldur. Þeim er líka ætlað að skapa umgerð um lifandi fræðastarf, rannsóknir og miðlun þekkingar á andlegum og efnislegum fjársjóðum, arfleifð okkar. Það starf er því meiri ábyrgðarhluti sem þjóðin öll, og þeir sem við höfum kosið til að stjórna, sýna verkinu meiri áhuga og ræktarsemi. Í hinu nýja húsi verður margt fleira gert en rýna í handrit. Íslensk tunga og bókmenntir verða í öndvegi; kynslóðir munu mætast þar, reynsla og þekking hinna eldri blandast við eldmóð og hugmyndaauðgi æskunnar. Innan örskotshelgi eru Þjóðarbókhlaðan, sem einnig geymir fjársjóði handrita og prentaðra bóka, og Þjóðminjasafn með sínar fjölmörgu og fjölbreytilegu gersemar. Ég sé fyrir mér að húsið okkar muni hleypa nýju lífi í samstarf þessara stofnana að varðveislumálum, rannsóknum og kynningu: saman verða þær aflstöð menningarverðmæta og menningarrannsókna í nánnum tengslum við Háskóla Íslands.

Um leið og ég, fyrir hönd Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þakka öllum, nefndum og ónefndum, sem lagt hafa þessu máli lið, ekki síst þeim sem lagt hafa hugvit og metnað í tillögur samkeppninnar, vil ég að lokum þakka menntamálaráðherra og fyrirrennurnum hennar fyrir áhuga og velvild í garð þessa verkefnis.



Hús íslenskra fræða – tillaga PK arkitekta, 2. verðlaun

Ritstjórnir og útgáfunefndir

Tímaritaútgáfa stofnunarinnar hélt áfram með sama hætti á árinu, en breytingar urðu á ritstjórn Griplu í samræmi við það sem áður var boðað: Gísli Sigurðsson, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Úlfar Bragason eru nú ritstjórar. Útgáfustjórnir eru hinar sömu og greint var frá í ársskýrslu 2006–2007.

Vefsetur

Sama vefstjórn starfaði og árin á undan, en Kristín Bjarnadóttir leysti Ástu Svavarsdóttur af á árinu 2008 meðan Ásta var í rannsóknarleyfi.

Á árinu 2007 var unnin heimasíða fyrir stofnunina í vefumsjónarkerfinu SoloWeb frá Lausn hugbúnaði ehf. Hönnun var í höndum auglýsingastofunnar H2 hönnunar. Nefndarmenn vefritstjórnar skipulögðu veftré síðunnar, ritstýrðu efni, skrifuðu texta og uppfærðu og fluttu efni í kerfið. Menntamálaráðherra opnaði heimasíðuna formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2007. Á árinu 2008 var unnið að gerð vefsíðna á ensku og dönsku. Ensku útgáfunni var komið fyrir á netþjóninum vorið 2008 og þeirri dönsku um haustið. Philip Roughton, sjálfstætt starfandi fræðimaður og þýðandi, annaðist enskar þýðingar á nýju efni fyrir vefsíðuna og Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri á stofnuninni og löggiltur skjalabýðandi, þýddi efnið á dönsku. Vefslóðirnar eru:

<http://www.arnastofnun.is/>

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_frontpage_en

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_frontpage_dk

Gagnagrunnar og gagnavinnsla

Stofnunin ræður yfir mikilvægum gagnagrunnum sem þurfa stöðugar endurnýjunar og endurskipulagningar, auk nýrra gagnagrunna sem til verða. Unnið var að því að koma heildarskipan á þau mál öll, en það er kostnaðarsamt og tekur tíma. Í árslok 2006 var gerður samningur við Reiknistofnun Háskóla Íslands um hýsingu o.fl. sem var fyrsta skref í framtíðarlausn. Flutningur grunna til RHÍ hefur þó gengið hægar en vonir stóðu til. Í samningnum felst engin hugbúnaðarvinna; hana verður að kaupa af verktökum nema unnin sé af starfsmönnum.

Starfshópur undir forystu Kristínar Bjarnadóttur hefur unnið að söfnun gagna og tillögum um gagnagrunna, en Bessi Aðalsteinsson hefur unnið með hópnum. Auk þess hefur Bessi annast margvíslega tölvuþjónustu innan stofnunar, innkaup og samskipti við RHÍ. Á árinu dró Íslenska verkfræðistofan sig út úr samstarfi við stofnunina, en Lausn hugbúnaður ehf. og Ragnar Hafstað unnu við endurbætur á hugbúnaði. Þegar við blasti halli á rekstri stofnunarinnar og niðurskurður á fjárlögum á síðustu mánuðum ársins varð ljóst að fresta yrði ýmissi mikilvægri hugbúnaðarvinnu við gagnagrunna.

Reglugerð

Reglugerð fyrir stofnunina var sett og undirrituð af menntamálaráðherra 20. ágúst og er birt hér í Viðauka 1.

Memory of the World

Í samráði við Árnasafn í Kaupmannahöfn og menntamálaráðuneyti var á árinu unnið að undirbúningi umsóknar um að handritasafn Árna Magnússonar með viðaukum, hvort sem það er varðveitt í Reykjavík eða Kaupmannahöfn, verði skráð á lista Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um „Minni heimsins“. Ríkisstjórn Íslands samþykkti 25. janúar 2008 að tilnefna handritasafn Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn á lista UNESCO, „Memory of the World International Register“, í samstarfi við dönsk stjórnvöld og fól um leið SÁ að vinna verkið af Íslands hálfu. Umsóknin var af hálfu SÁ unnin af forstöðumanni og

Sigurgeiri Steingrímssyni, stofustjóra handritasviðs. Hún var undirrituð 26. og 27. mars af Vésteini Ólasyni og M. J. Driscoll, forstöðumanni Árnasafns í Kaupmannahöfn og send til UNESCO. Afgreiðsla þar tekur nokkurn tíma, en vænta má úrslita á árinu 2009.

Samstarfsnefnd SÁ og Háskóla Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd 20. maí og farið yfir þau mál sem samstarfið tekur til. Það hefur gengið ágætlega. Rætt var um undirbúning að hönnun Húss íslenskra fræða, aðild að sjóðum og úthlutun úr þeim, svo og um framtíðarskipan á stöðu forstöðumanns sem prófessors við Háskóla Íslands.

BÓKASAFN

Fjárhagur og aðföng

Á árinu 2008 var varið 412.562 kr. til bóka og tímaritakaupa úr Bókasjóði Þorsteins M. Jónssonar og Sigurjónu Jakobsdóttur og 2.339.877 kr. úr Minningarsjóði Birgit Baldwin. Til Landskerfis bókasafna voru greiddar kr. 42.932 á mánuði. Safnið tekur auk þess þátt í að greiða tvö gagnasöfn á netinu ásamt Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Ritaukinn var mestur í safninu í Árnagarði sem allir starfsmenn hafa aðgang að. Ritakaup fara fram í samráði við starfsmenn á öllum sviðum og nokkrar tillögur bárust einnig frá kennurum við HÍ. Aðföng bóka voru alls 507 titlar en þar af fékk stofnunin 99 eintök bóka að gjöf eða í ritaskiptum auk fjölmargra sérprenta. Tímarit og fréttabréf, sem berast árlega, eru u.þ.b. 138 titlar, þar af um 54 í ritaskiptum eða að gjöf.

Í mynda- og filmsafnið bættust 4 örfilmur og 3 geisladiskar með myndum af íslenskum handritum í erlendum söfnum. Stafrænar myndir voru prentaðar út eftir þörfum með aðstoð örfilmuskanna.

Skráningarmál og -kerfi

Öll rit eru skráð í Gegni um leið og þau berast. Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar er nú 33.327 eintök, langflest í Árnagarði. Einnig eru skráð 500 handrit í Sagnaneti og 108 eintök korta, tónlistarefnis o.fl. Skrá yfir ný aðföng birtist á vefsíðu safnsins. Tímaritsgreinar um íslenskt efni eru lyklaðar úr um 10 tímaritum á efnissviði stofnunarinnar.

Notendur og þjónusta

Innanhússlán sem skráð voru í Gegni voru u.þ.b. 2.811.

Sem fyrir var mikið og gott samstarf um millisafnalán við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, einkum vegna vinnu við Ljóðmæli Hallgríms Péturssonar.

Stúdentar og háskólakennarar notuðu safnið talsvert og er ætíð mikil eftirspurn eftir vinnuaðstöðu. Safninu berast jafnan fyrirspurnir og beiðnir um upplýsingar úr ritum þess og er þeim svarað jafnóðum, oftast með tölvupósti.



Hús íslenskra fræða – tillaga VA arkitekta, 3. verðlaun

KENNSLA STARFSMANNA

Vormisseri 2008

- 05.02.61 Íðorðafræði (10e). Ágústa Þorbergsdóttir (og Sigurður Jónsson).
 05.40.13 Skrift og handrit 1100–1900 (5e). Guðvarður Már Gunnlaugsson.
 05.40.19 Málnotkun (10e). Ari Páll Kristinsson.
 05.40.29 Fornaldarsögur og -rímur (5e). Aðalheiður Guðmundsdóttir.
 05.98.03 Handritavinna: Handritafræði og uppskriftir (5e). Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir.

Haustmisseri 2008

- ÍSB401F Völuspá (5e). Vésteinn Ólason.
 ÍSF401F Textafræði (10e). Guðrún Ása Grímsdóttir, Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.
 ÍSL106G Málnotkun (10e). Ari Páll Kristinsson, Jóhannes B. Sigtryggsson (og Sigríður Sigurjónsdóttir).
 MIS101F Textar – þýðingar og túlkun I (10e). Haraldur Bernharðsson (og Annette Lassen).
 MIS103F Forníslenska (5e). Haraldur Bernharðsson.
 ÞJÓ104G Sagnir, ævintýri og sagnamenn: Þjóðsagnafræði (10e). Rósa Þorsteinsdóttir (og Júlíana Þ. Magnúsdóttir).

LEIÐBEININGAR VIÐ LOKAVERKEFNI

Ritgerðir til BA-prófs í íslensku:

- Rut Ingólfssdóttir: „Veit eg, ef þú vaxa næðir fyrir þinna vina brjósti.“ Um æsku, þroska og ástir í hetjukvæðum eddu. Brautskráning í febrúar. Leiðbeinandi Aðalheiður Guðmundsdóttir.
 Anna Katrín Þórarinsdóttir: Ástfagur óskadraumur. Nýyrði í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. Brautskráning júní. Leiðbeinandi Guðrún Kvaran.
 Jóna Svandís Þorvaldsdóttir: Gulli betra er göfugt nafn. Um áhrif bókmennta og dægurmenningar á nafnaval. Brautskráning júní. Leiðbeinandi Guðrún Kvaran.
 Linda Ösp Heimisdóttir: Yfirlit yfir beygingu karlkyns *ija*-stofna frá nítjándu öld til nútímamáls. Brautskráning í júní. Leiðbeinandi Haraldur Bernharðsson.

Ylfa Kristín K. Árnadóttir: Rýnt í dagblaðastíl: samanburður fréttu Morgunblaðsins og DV af borgarstjórnarbreytingum 12. október 2007. Brautskráning í júní. Leiðbeinendur Ari Páll Kristinsson (og Kristján Árnason).

Ritgerð til BA-prófs í þjóðfræði:

Guðmunda Björnsdóttir: Að minnst liðins tíma: Arfleifð íslenska sveitasamfélagsins í munnlegri geymd. Brautskráning í júní. Leiðbeinandi Gísli Sigurðsson.

Selma Guðnadóttir. Á Sléttu er alltaf sól: Rannsókn á lífi systkinanna frá Bólhúsi á Sléttu í Jökulfjörðum. Brautskráning í október. Leiðbeinandi Gísli Sigurðsson.

Ritgerð til MA-prófs í íslenskri málfræði:

Nedelina Stoyanova Ivanova: Tillaga um nýja íslenska táknmálsorðabók á málvísindalegum forsendum. Brautskráning í október. Leiðbeinendur Ásta Svavarsdóttir (og Rannveig Sverrisdóttir).

Ritgerðir til MA-prófs í miðaldafræðum:

Joel Anderson: The Miraculous Water of Guðmundr Arason and the Limits of Holiness in Medieval Iceland. Brautskráning í október. Leiðbeinandi Sverrir Tómasson.

Natalie J. Colceriu: Facsimiles of medieval Icelandic manuscripts. Brautskráning í október. Leiðbeinendur Svanhildur Óskarsdóttir (og Már Jónsson).

Jane Heward: Páls saga postula I. A new critical edition. Brautskráning í október. Leiðbeinendur Svanhildur Óskarsdóttir (og Philip Roughton).

Helen Leslie. „Heima í millum“: Landscape and the Other Worlds of the Fornaldarsögur. Brautskráning í október. Leiðbeinandi Aðalheiður Guðmundsdóttir.

Ritgerð til MS-prófs í umhverfis- og auðlindafræði:

Gunnhildur Skaftadóttir: Sýn Vestur-Íslendinga á umhverfi lesin úr íslenskum örnefnum. Brautskráning í október 2008. Leiðbeinendur Guðrún Kvaran (og Karl Benediktsson).

Dómnefndarstörf:

Vésteinn Ólason:

- 1) Skipaður af hugvísindadeild Bergensháskóla í dómnefnd um doktorsrit Bergsveins Birgissonar: *Inn í skaldens sinn: kognitive, estetiske og historiske skatter i den norrøne skaldediktningen*. Ritgerðin var samþykkt af dómnefnd 11. des. 2007 og vörn fór fram 29. febrúar. Var 1. andmælandi.
- 2) Í júlí skipaður af Føroyamálsdeild við Fróðskaparsetur Føroya í dómnefnd um doktorsrit Solfinn Hansen: *Hitt føyroyska kvæðið: Rannsóknir í og kring Føroya kvæði*. Dómnefndarálit undirritað í nóvember.

Nám í miðaldafræðum

Frá árinu 2004 hafa Úlfar Bragason og Svanhildur Óskarsdóttur átt sæti í nefnd til að undirbúa 45 eininga nám á ensku í íslenskum miðaldafræðum til MA-prófs. Aðrir í nefndinni hafa verið Ásdís Egilsdóttir dósent, Guðrún Nordal prófessor, formaður, Helgi Þorláksson prófessor og Torfi H. Tulinius prófessor. Nefndin hefur síðan skipulagt námið og séð um framkvæmd þess. Það fór fram skólaárið 2007–2008 og fer einnig fram 2008–2009. Undirbúningur undir námskeið 2009–2010 hófst á árinu. Nokkrir starfsmenn stofnunarinnar kenndu námskeið á MA-stigi á ensku um fræði sín sem erlendum nemendum í miðaldafræðum stóð til boða.

NÁMSKEIÐ Á VEGUM STOFNUNARINNAR

Nordkurs

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók að sér að annast norrænt sumarnámskeið í íslensku sem fram fór í Háskóla Íslands 9. júní til 4. júlí. Eftir hefur verið til slíkra sumarnámskeiða við Háskólann síðan á sjötta áratug síðustu aldar. Norræna ráðherra nefndin greiddi kostnað af námskeiðinu en nemarnir fengu ferðastyrki frá sínum heimalöndum. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri en Guðrún Laufey Guðmundsdóttir annaðist undirbúning námskeiðsins að mestu leyti. M.a. útvegaði hún stúdentunum húsnæði á meðan á námskeiðinu stóð. Skrifstofa Háskóla Íslands sá um bókhald fyrir námskeiðið eins og hún hefur gert áður.

Þátttakendur voru 28, fimm karlar og 23 konur. Átta komu frá Danmörku og Noregi, sjö frá Svíþjóð og fimm frá Finnlandi. Íslensktímar voru 42 en tímar í íslenskum bókmenntum 24. Aðaláhersla var á íslenskt mál en einnig á íslenskar bókmenntir. Tveir fyrirlestrar voru um íslenska sögu og farið í kynnisferðir innan og utan Reykjavíkur. Námskeiðinu lauk með prófi og stóðust nemarnir það allir. Námskeiðið gaf 10 ECTS-einingar.

Gerð var könnun meðal nemanna á mati þeirra á námskeiðinu. Voru flestir þeirra mjög ánægðir með skipulag þess og kennsluna og ánægðir með dvölinna hér á landi.

Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 7. júlí til 1. ágúst gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Var það haldið í Háskólanum. Þetta var í tuttugasta og annað skipti sem slíkt alþjóðlegt sumarnámskeið var haldið við Háskólann. Stofnunin fékk 1 m. kr. á fjárlögum til að efna til námskeiðsins. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á alþjóðasviði, sá um alla skrifstofuvinnu og aðstoðaði við framkvæmd námskeiðsins. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri. Skrifstofa Háskóla Íslands annaðist bókhald fyrir námskeiðið.

Kennt var íslenskt mál og fyrirlestrar fluttir um íslenska jarðfræði. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Úlfar Bragason fluttu fyrirlestra um íslenska sögu og menningu. Farið var í ýmsar skoðunar- og kynnisferðir. Þátttökugjald hvers nemanda var 450 evrur eða um 40.000 ísl. kr. Að öðru leyti greiddu nemarnir ekki fyrir kennslu, fjölrítuð kennslugögn, kynnisferð um Reykjavík eða ferðalög á söguslóðir. Nemendur greiddu ferðir til og frá landinu og dvalarkostnað. Stofnunin útvegaði nemunum, sem þess óskuðu, dvalarstað á einkaheimilum og stúdentagörðunum. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir annaðist húsnæðismiðlunina fyrir stofnunina. Þátttakendur voru 33, 17 karlar og 16 konur frá 13 löndum. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi. Gerð var könnun meðal nemanna á mati þeirra á námskeiðinu. Nemendur voru yfirleitt mjög ánægðir með kennsluna og ánægðir með skipulag námskeiðsins í heild. Líkaði þeim dvölin hér á landi mjög vel.

Alþjóðlegt sumarnámskeið 2009 var auglýst á netinu á árinu 2008 og m.a. var útbúin ný og ítarlegri vefsíða fyrir það. Mörgum fyrirspurnum var svarað og tekið á móti fyrstu umsóknunum.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Stofnunin fékk 400 þús. kr. framlag á fjárlögum til að gangast fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 27. maí til 4. júlí. Þetta var í áttunda skipti sem boðið var upp á slíkt námskeið á sumarmisseri Minnesota-háskóla. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík. Við skipulagningu á námskeiðinu var gert ráð fyrir að aðeins yrði kennt einum hópi nema og þeir yrðu ekki fleiri en 12 til 14. Nemarnir voru 14 sumarið 2008, átta karlar og

sex konur. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Úlfar Bragason héldu fyrirlestra á námskeiðinu og sáu um framkvæmdina, m.a. kynnisferðir, en aðrir kennarar voru utan frá.

Gerð var könnun meðal nemanna um skoðun þeirra á námskeiðinu. Voru þeir ánægðir með kennsluna og allt skipulag, svo og dvölinna hér á landi.

Þar sem þessi námskeið hafa tekist vel var ákveðið að halda samstarfinu áfram og bjóða námskeið á árinu 2009. Var námskeiðið auglýst víða við háskóla fyrir vestan haf á haustdögum með umsóknarfresti til 17. febrúar 2009.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmenni af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2008 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 16.–26. júní. Nemarnir voru látnir fara í gegnum kennslufni Icelandic Online I áður en þeir komu til landsins. Í hópnum voru fjórtán manns, tíu frá Kanada og fjórir frá Bandaríkjunum. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir flutti þeim fyrirlestra um íslenska sögu og Úlfar Bragason um íslenska menningu.

Námskeiðið tókst mjög vel og voru nemarnir mjög ánægðir með það. Var ákveðið að stofnunin tæki aftur að sér að skipuleggja svipað námskeið árið 2009.

Fimmti alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum

Að venju stóð stofnunin ásamt Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn fyrir sumarskóla í handritafræðum sem var að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn 9.–16. ágúst. Eins og áður var verkefnið unnið í samvinnu við háskólana í Tübingen og Zürich og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, en nú bættust Det danske sprog- og litteraturselskab og Søren Kirkegaard Forskningscenteret í hóp samstarfsaðila. Alls tóku um sjötíu manns frá Evrópu og Norður-Ameríku þátt í sumarskólanum að þessu sinni. Kennarar komu úr ýmsum áttum en af hálfu SÁ kenndu Guðvarður Már Gunnlaugsson, Margrét Eggertsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir.

Þjóðlagaakademían

Stofnunin var aðili að Þjóðlagaakademíu, námskeiði um íslenska þjóðlagatónlist í samvinnu við Þjóðlagasetur séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Háskóla Íslands, menntavísindasvið. Námskeiðið var haldið á Siglufirði 1.–6. júlí í tengslum við þjóðlagahátíð og hafði Rósa Þorsteinsdóttir umsjón með námskeiðinu ásamt Gunnsteini Ólafssyni. Kennt var á ensku þar sem nemendur frá tónlistarháskólum í Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi sóttu námskeiðið auk Íslendinga.

RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Málstefnumorgunn

Málræktarsvið stóð fyrir málþinginu „Málstefnumorgunn“ 30. maí 2008. Flutt voru þrjú erindi, auk almennra umræðna. Megintilgangur málþingsins var að kynna nýjar rannsóknir á íslenskri málstefnu. Betty Wahl, sem varði árið 2007 doktorsritgerð sína „Isländisch: Sprachplanung und Sprachpurismus“, flutti erindi sem hún nefndi „Frá norrænu til Netsins. Um íslenska málstefnu fyrr og nú“. Sigurður Jónsson, sem varði árið 2007 doktorsritgerð sína „Det vilda tänkandet och det kultiverade. Isländsk fackspråklig språkvård med tyngdpunkt på första hälften av 1900-talet“, flutti erindið „Málrækt í fagmáli á fyrri hluta 20. aldar“. Amanda Hilmarsson-Dunn, sem varði árið 2007 doktorsritgerð sína „The impact of Global English on Language Policy: the Situations of Iceland and Denmark“, flutti erindið „Áhrif ensku á

málstefnu annars vegar íslensku og hins vegar dönsku“. Málþingið sóttu um 40 manns. MS (Mjólkursamsalan) lagði til 100 þús. kr. framlag til að styrkja komu erlendu fræðimannanna til Íslands.

Lektorafundur

Þrítugasti og fjórði fundur íslenskra sendikennara var haldinn við Uppsalaháskóla dagana 30. – 31. maí. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við Heimi Pálsson íslenskulektor við skólann. Fundinn sóttu tíu sendikennarar sem gegndu störfum á vormisseri 2008, auk Hartmuts Mittelstädt, íslenskukennara í Greifswald. Úlfar Bragason, stofustjóri alþjóðasviðs, og Þóra Björk Hjartardóttir, dósent við Háskóla Íslands, sátu einnig fundinn. Þá kom Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs, í heimsókn á fundinn seinni daginn. Íslenskukennararnir fengu nokkurn styrk frá stofnuninni til ferðarinnar. Heimir Pálsson stjórnaði fundinum en Þorsteinn Indriðason skrifaði fundargerð.

Á fundinum gerðu sendikennarar grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2007–2008. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Ár hvert sækja á annað þúsund nemandur námskeið í íslensku við háskóla erlendis.

Einnig var fjallað um stöðu íslenskukennslu erlendis á fundinum og rannsókn á hverjir stunda nám þar, um íslenskukennslu fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands, þróun grannmálakennslu á Norðurlöndum og bókmenntakynningu erlendis. Í tengslum við fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Við marga háskóla á Norðurlöndum hefur kennsla í máli og menningu Norðurlanda, þ.e. grannlandanna, átt undir högg að sækja á undanförunum árum, en íslenskukennslan hefur víða verið þáttur í grannmálakennslu skólanna. Nokkuð hefur borið á því að ekki sé ráðið í sendikennarastöður sem losna eða að þær lenda í erfiðri samkeppni við aðrar lausar stöður, t.d. í móðurmáli og bókmenntum viðkomandi þjóða. Röksemdir um menningarlegar skyldur háskóla við að halda uppi kennslu í tungumálum og bókmenntum grannþjóðanna mega sín minna en áður. Samtök sendikennara í íslensku erlendis skora því á íslensk stjórnvöld og aðra velunnara íslensks máls og menningar að leggja sitt af mörkum til eflingar íslenskukennslu erlendis, og þá sérstaklega á Norðurlöndunum.

Aðalfundurinn vill enn fremur vekja athygli á því að íslenskukennslan við erlendar háskólastofnanir hefur stuðning af mjög mismunandi ríkulegum bókakosti. Auðveldur aðgangur að bókum og öðrum gögnum er grundvallaratriði varðandi árangursríka kennslu í íslensku og íslenskum fræðum. Vill fundurinn beina því til stjórnvalda að grípa til enn öflugri ráðstafana en fram til þessa til að efla bókasöfn þeirra stofnana sem hýsa íslenskukennslu erlendis og standa illa að þessu leyti.“

Nafnfræði í brennidepli

Föstudaginn 24. nóvember 2008 var haldið árlegt málþing tímaritsins *Orðs og tungu* í Safnaðarheimili Neskirkju. Fyrirlesarar voru Ari Páll Kristinsson, Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Svavar Sigmundsson og Torfi Hjartarson. Efni fyrirlestranna mun birtast sem þemagreinar í 12. hefti tímaritsins snemma árs 2010.

ÚTGÁFA

Bækur

Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hítardal. I. bindi. Texti. (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rit 70). Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfu. Reykjavík 2008. (485 bls.)

Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hítardal. II. bindi. Registar. Myndir úr ættartöluhandritum. Um ættartöluhandrit seinni alda og bókiðju séra Þórðar í Hítardal. (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rit 70). Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfu. Reykjavík 2008. (527 bls.)

Tímarit

Orð og tunga 10. hefti kom út á árinu. Í því birtust fjórar þemagreinar unnar upp úr fyrirlesturum sem fluttir voru á málþingi sem fram fór 16. mars 2007 á vegum tímaritsins og stofnunarinnar undir heitinu Orðabækur og tímans tönn. Auk þess eru í ritinu ein grein utan þemahlutans, ritdómur, umsagnir um bækur og fréttir af ráðstefnum á sviði tímaritsins. Ritsstjóri heftisins var Guðrún Kvaran en í ritnefnd sátu Ari Páll Kristinsson, Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Svavar Sigmundsson og Veturliði Óskarsson.

Fréttabréf

Alþjóðasvið stofnunarinnar gaf út fréttabréf á ensku tvisvar á árinu. Fréttabréfinu er ætlað að auka tengslin milli íslenskra og erlendra fræðimanna og veita upplýsingar um íslensk fræði. Fréttabréfið var sent til um 1200 aðila. Það var prentað í 500 eintökum og sent til þeirra stofnana víða um heim sem stofnunin hefur á póstfangaskrá sinni en til einstaklinga sem viðhengi í tölvupósti.

ATBURÐIR

Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti dr. Andrew Wawn, prófessor við háskólann í Leeds, opinberan fyrirlestur í Þjóðarbókhöðunni í boði stofnunarinnar sem hann kallaði „Fresh light on Þorleifur Repp“. Í fyrirlestrinum fjallaði Andrew Wawn um áður ókannað efni úr fórum fjölskyldu Þorleifs Repps (1794–1857), tengt ævi og störfum hans á sviðum textafræði, stjórn mála og bókmennta. Um 100 manns sóttu fyrirlesturinn.

Málstofa stofnunarinnar 2008

4. janúar. Gunnlaugur Ingólfsson. Tvær ritgjörðir eftir Sveinbjörn Egilsson.

29. febrúar. Þórður Ingi Guðjónsson. Tómas saga postula: Frá Sýrlandi til Íslands.

28. mars. Ármann Jakobsson. Spjall um nýja útgáfu Morkinskinnu.

2. maí. Haraldur Bernharðsson. Málbreytingar og stafsetning í miðaldahandritum.

23. maí. Sigrún Helgadóttir, Eyrún Valsdóttir og Anton Karl Ingason. Mörkuð íslensk málheild.

26. september. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Um Völsungasögu í máli og myndum.

31. október. Kristín Bjarnadóttir. Gryfon, Fofnir, Fáfñir. Tilraun til vélrænnar breytingar á stafréttum texta í nútímamáltexta.

28. nóvember. Einar Gunnar Pétursson. Tvö skrif um Kötludraum.

AÐILD AÐ STJÓRNUM SJÁLFSEIGNARSTOFNANA

Eins og á síðasta ári átti Úlfar Bragason sæti í stjórn Snorrastofu í Reykholti og Vésteinn Ólason í stjórn Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri.

STARFSEMI SVIÐA

Alþjóðasvið

Þjónusta

Sendikennurum í íslensku erlendis voru veittar ýmsar upplýsingar, svo sem um kennslubækur og kennslugögn, bókaútgáfu og styrki. Þá voru sendikennurunum sendar bækur eftir óskum þeirra fyrir bókastyrk sem kennarastólunum var veittur á árinu. Alþjóðasvið sinnti einnig mörgum fyrirspurnum um íslensk fræði.

Á alþjóðasviði er einnig haldið utan um upplýsingar um fræðimenn um allan heim. Upplýsingarnar eru aðgengilegar í gagnabanka sem er vistaður á heimasíðu stofnunarinnar. Í gagnabankann eru skráðir á sjöunda hundrað fræðimenn í íslenskum fræðum. Slóð á skrá yfir fræðimenn í íslenskum fræðum: www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_fraedimanna_skra.

Þá tók alþjóðasvið á árinu saman lista yfir þýðendur úr íslensku máli yfir á erlend mál. Listinn er aðgengilegur á heimasíðu stofnunarinnar. Slóðin er: http://www.arnastofnun.is/page/a_inter_publ_translators.

Sendikennsla

Stofnunin annast umsjón með kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið.

Árið 2008 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Voru flestir kennararnir, sem sinntu kennslunni, í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi og einn í Kanada. Sérstakir samningar gilda um framlög til íslenskukennslu við University College London, Humboldt-háskóla í Berlín, en í báðum þessum skólum greiða íslensk stjórnvöld hálf laun íslenskukennara, og Manitoba-háskóla í Winnipeg en árlegt launaframlag til kennslunnar þar nemur einni milljón króna. Þá greiðir stofnunin samkvæmt samkomulagi við menntamálaráðuneyti hluta rannsóknarstöðu við háskólann í Erlangen-Nürnberg sem einnig fylgir kennsla í íslensku. Annars staðar byggjast framlög á bréflögu viljrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda sendikennurunum að hafa samband við heimalandið. Allir sendikennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega. Einnig nýtur bókasafnið við Manitoba-háskóla 500 þúsund kr. styrks á hverju ári. Stundakennsla í íslensku við Cambridge-háskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2007–2008. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Waseda-háskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu. Frá og með hausti 2008 var hafinn stuðningur við kennslu í íslensku við Beijing University of Foreign Studies og réð skólinn Íslending um stundasakir til kennslunnar. Stefnt er að því að koma þar á föstum kennarastóli í íslensku. Þá var að tilhlutan menntamálaráðuneytisins gerður samningur við Rómaháskóla um kennarastól í íslensku og staðan auglýst. Kennarinn tekur til starfa í byrjun árs 2009.

Þær breytingar urðu í liði íslenskukennara erlendis á árinu 2008 að dr. Helga Hilmisdóttir hætti störfum við Manitoba-háskóla og tók við lektorsstöðu í íslensku við

Helsinki-háskóla frá og með haustmisseri. Sigrún Steingrimsdóttir MA var ráðin kennari í íslensku við Manitoba-háskóla skólaárið 2008–2009. Enginn hefur verið ráðinn í starf íslenskukennara við háskólann í Lyon eftir að Þór Stefánsson lét af störfum 2007. Gísli Hvannadal Ólafsson íslenskunemi var ráðinn til að sinna íslenskukennslu við Beijing University of Foreign Studies skólaárið 2008–2009. Þá var Sigríður Albertsdóttir cand. mag. valin úr hópi umsækjenda sem íslenskulektor við Rómarháskóla.

Fyrir utan þá skóla þar sem íslensk stjórnvöld styðja íslenskukennslu er íslenskt nútímamál kennt við nokkra erlenda háskóla af þarlandum kennurum eða Íslendingum í stundakennslu. Meðal þessara skóla eru háskólarnir í Greifswald, Göttingen, Bonn, Köln, Frankfurt, Tübingen og Freiburg í Þýskalandi, Basel og Zürich í Sviss, Moskvu í Rússlandi, Vilnús í Litháen, Poznan og Varsjá í Póllandi, Sofíu í Búlgaríu, Brigham Young University og University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum og Tokai-háskóli í Japan. Stofnunin hefur þó veitt þessum skólum margháttaðar upplýsingar og sent sumum þeirra bókagjafir.

Á alþjóðasviði eru uppfærðar reglulega upplýsingar um háskóla sem kenna íslensku erlendis, bæði formálið og nútímamál. Upplýsingarnar eru aðgengilegar í gagnabanka sem vistaður er á heimasíðunni. Í gagnabankann eru skráðir um 100 skólar sem kenna íslensku, forna og nýja, í 19 löndum. Slóðin er: www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_gagnasafn_skolaskra.

Icelandic Online

Icelandic Online I og II er kennsluefni á netinu sem unnið var í samstarfi milli íslenskuskorar hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Hugvísindastofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals. Birna Arnbjörnsdóttir dósent hefur verið verkefnisstjóri. Aðrir í verkefnisstjórninni eru Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, Þóra Björk Hjartardóttir dósent og Úlfar Bragason rannsóknarprófessor. Samvinna var höfð við Wisconsin-háskóla í Madison og nokkra Evrópuháskóla, þar sem íslenska er kennd, um gerð námsefnisins.

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands bauð upp á fjarnámskeið í sambandi við Icelandic Online bæði á vormisseri og haustmisseri 2008. Á vormisseri bauð íslenskuskor jafnframt upp á fimm eininga vefnámskeið í íslensku fyrir skiptistúdentu þar sem Icelandic Online var notað. Frá og með haustmisseri 2008 er boðið upp á sérstaka námsleið í hagnýtri íslensku fyrir erlenda stúdentu og er Icelandic Online þar notað í sjálfstýrðu námi.

Kolbrún Friðriksdóttir MA og Bjarki M. Karlsson BA unnu í hlutastarfi allt árið við að endurskoða efnið og bæta við það. Jafnframt unnu þau að gerð íslenskuprófa á netinu. Þá vann Bjarki á haustmisseri að því að endurskoða hugbúnaðinn sem notaður hefur verið í Icelandic Online og greiddi stofnunin fyrir það verk.

Síðan 2005 hefur það verið skilyrði fyrir þátttöku á sumarnámskeiði stofnunarinnar að hafa lokið Icelandic Online I með góðum árangri. Þetta er nú einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í vetrarnámi við Háskóla Íslands. Gerð var viðhorfskönnun um Icelandic Online meðal nemenda á sumarnámskeiði 2008. Reyndust flestir mjög ánægðir með vefnámsefnið. Í lok 2008 voru að jafnaði 550 manns víða í heiminum sem heimsóttu Icelandic Online hvern dag. Slóðin er: www.icelandic.hi.is.

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Með samningi menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands frá 6. september 2004 um tiltekin verkefni Stofnunar Sigurðar Nordals var komið á fót samráðsnefnd stofnunarinnar og hugvísindadeildar Háskólans vegna íslenskukennslu erlendis. Samkvæmt samningnum á forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals sæti í nefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslenskuskor. Í nefndinni hafa setið auk forstöðumanns, nú stofustjóra á alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Bergljót Kristjánsdóttir prófessor og Þóra Björk Hjartardóttir dósent. Nefndin hélt tvo fundi á árinu.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þáðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans. Nefndin kom tvisvar saman til reglulegs fundar á árinu, í Stokkhólmi 7. mars og í München 5.–6. nóvember.

Nefndin úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengst auk þess fyrir kennaraþingum í Evrópu. Samstarfsnefndin hefur einnig leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku. Árið 2006 var gerður samningur við háskóla í Kaliforníu og Utah um verkefni til þriggja ára á sviði bókmenntasögu og kallast „Mapping Nordic Literary Culture“.

Í samvinnu við norrændeild háskólans í München efndi nefndin til ráðstefnunnar „Nordisk kraftsamling“ dagana 6.–8. nóvember. Til ráðstefnunnar var boðið háskólakennurum í tungumálum Norðurlanda, sem starfa í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Á ráðstefnunni var fjallað um kennslu í tungumálum, menningu og samfélagsskipan á Norðurlöndum og kynntar nýjar bókmenntir. Rúmlega 80 manns sóttu ráðstefnuna.

Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu hennar. Þá var unnið að gerð frekara kynningarefnis fyrir nefndina.

ELN plus

Stofnunin hóf á árinu 2005 þátttöku í þriggja ára Evrópuverkefni sem Lingua-áætlunin studdi og stjórnað var frá Litháen. Með verkefninu átti að auka upplýsingaflæði til almennings á netinu um tungumál Evrópu og tungumálakennslu í námsflokkum og á endurmenntunastofnunum. Markmiðið með þátttökunni var að kynna og stuðla að framgangi íslenskrar tungu og menningar. Unnið var að því að ljúka við íslenska vefsíðu verkefnisins. Einnig var unnið að kynningu á vefnum meðal fræðimanna og erlendra nemenda sem stunda nám í íslensku. Verkefninu lauk formlega í árslok 2008 en stofnunin hefur skuldbundið sig til að uppfæra reglulega á næstu árum upplýsingar um íslensku og íslenskukennslu sem eru á vefnum.

Snorrastyrkir

Reglur um styrki Snorra Sturlusonar voru gefnar út 24. júní 1992. Með þeim var ákveðið að Stofnun Sigurðar Nordals auglýsti styrkina, tæki á móti umsóknum og greiddi götu styrkþega meðan á Íslandsdvöl þeirra stæði. Jafnframt voru styrkirnir teknir upp í fjárlagafrumvarp fyrir 1993 undir fjárlagalið stofnunarinnar. Þá var forstöðumaður skipaður formaður úthlutunarnefndar. Á árinu 2004 var ný úthlutunarnefnd styrkjanna skipuð til þriggja ára. Auk forstöðumanns áttu sæti í nefndinni Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur, tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskólans. Þessi nefnd var endurskipuð árið 2007.

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjá mánuði hið minnsta í því skyni að kynnast sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Á árinu 2008 nutu þriggja mánaða styrkja hvor: dr. Christopher Abram, lektor við University College London, Bretlandi, til að vinna að bók um norræna goðafræði og viðtökur á Eddunum á síðari öldum, og dr. Jakub Morawiec, fræðimaður við Silesíuháskóla í Katowice, Póllandi, til að vinna að þýðingu á Hallfreðar sögu vandræðaskálds á pólsku, skrifa fræðilegan inngang að þýðingunni og taka saman skýringar við söguna.

Styrkirnir fyrir árið 2009 voru auglýstir lausir til umsóknar í júlí 2008. Umsóknarfrestur var til 1. nóvember. Bárust 28 umsóknir áður en umsóknarfresti lauk frá 18 löndum.

Pau sem hljóta styrki árið 2009, til þriggja mánaða hvort, eru dr. Emily Lethbridge, fræðimaður í Cambridge, Bretlandi, til að fást við varðveislu fjögurra fornsagna sem handritið AM 556a 4to, svokölluð Eggertsbók, hefur að geyma, og dr. Leszek Pawel Slupecki, prófessor, Rzeszow-háskóla, Póllandi, til að þýða Snorra-Eddu á pólsku, skrifa inngang að þýðingunni og skýringar við hana.

Handritasvið

SÁ varðveitir þann hluta af handritasafni Árna Magnússonar (1663–1730) sem afhentur var frá Danmörku til Íslands á árunum 1971 til 1997 ásamt íslenskum handritum sem samtímis voru afhent úr Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, en einnig hefur stofnunin eignast handrit úr öðrum áttum. Í handritasafni stofnunarinnar eru geymdar margar elstu ritaðar heimildir um íslenskt mál, sögu og bókmenntir allt frá því um miðja tólftu öld. Handritasafn Árna Magnússonar á að baki um 300 ára sögu en það varð til við söfnun hans á handritum hér á Íslandi á árunum 1685 til 1730. Eftir hans dag var það í varðveislu Árnanevndar og Háskólans í Kaupmannahöfn uns rösklega helmingur þess var afhentur til Íslands eins og áður segir.

Á handritasviði er unnið að rannsóknum og fræðilegum útgáfum á textum handritanna í safninu, skráningu þeirra, forvörslu og stafrænni ljósmyndun. Handritasýning á vegum sviðsins er opin í Þjóðmenningarhúsi og sviðið tekur þátt í sýningum í samstarfi við önnur söfn heima og erlendis. Handritasvið á margháttaða samvinnu við innlendar og erlendar stofnanir og er aðili að fjölbýðlegum rannsóknarverkefnum. Sviðið annast styrki sem árlega eru veittir dönskum fræðimönnum til rannsókna á handritum hér á landi.

Rannsóknarverkefni

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Ekki tókst að ljúka útgáfu fjórða bindis Ljóðmæla Hallgríms Péturssonar, en það mun koma út á árinu 2009. Í því verða meðal annars morgun- og kvöldsálmur, vikusálmur, barnalærdómur, borðsálmur og veðurvísur. Þórunn Sigurðardóttir cand. mag. vann mest að útgáfunni á liðnu ári í samvinnu við Margréti Eggertsdóttur og Svanhildi Óskarsdóttur. Kristján Eiríksson vannur að fimmta og síðasta bindi Ljóðmæla en í því verða einkum lausavísur. Unnið hefur verið jöfnum höndum að því að bæta og auka gagnagrunn verkefnisins.

Konungsbók eddukvæða – rafræn útgáfa. Verkefni styrkt af RANNÍS

Á árinu gekk Haraldur Bernharðsson frá lausum endum í xml-merkingu textans og las yfir orðstöðulykil og samræmdan texta. Vinnu hans lýkur snemma á árinu 2009. Guðvarður Már Gunnlaugsson lauk við að leiðrétta uppskrift kvæðanna og hafði nær lokið samningu skriftarlýsingar um áramót. Philip Roughton þýddi á ensku ritgerð verkefnisstjóra um sögu bókarinnar og rannsóknarsögu og ritgerð Drífu Kristínar Þrastardóttur um kóðíkólógíuna. Eftir er að fullvinna notendaviðmót á disk. Verkefninu mun ljúka með útgáfu á disk á fyrri hluta árs 2009.



*Vésteinn Ólason, forstöðumaður
Árnastofnunar, Ingibjörg S.
Sverrisdóttir landsbókavörður og
Matthew J. Driscoll, forstöðumaður
Árnasafns, undirrita samstarfssamning
stofnananna í Árnagarði sumarið 2008.*

Vinna við ENRICH-verkefnið hófst í desember 2007 eins og greint er frá í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir það ár. Árnastofnun í Reykjavík, Árnasafn í Kaupmannahöfn og Landsbókasafn Íslands hafa sérstaka samvinnu sín á milli innan verkefnisins og stefna að því að koma upp sameiginlegum gagnagrunni þar sem hægt verður að nálgast upplýsingar um handrit í vörslu stofnananna og myndir af þeim. Undirrituðu forstöðumenn stofnananna samning um samstarfið í Árnagarði þann 27. júní.

Vinna við verkefnið felst m.a. í því að allar xml-MASTER-skráningarfærslur sem til voru um handrit stofnunarinnar hafa á árinu verið yfirfærðar

á TEI-P5-staðal og verða endurunnar og auknar á styrktímabilinu jafnframt því sem nýjum skráningum er bætt við eftir föngum. Skráning fyrir hvert einstakt handrit er sjálfstætt skjal í gagnagrunninum en jafnhliða eru teknar saman xml-safnskrár (authority files) sem einnig munu liggja í gagnagrunninum með ítarupplýsingum um mannanöfn, staðanöfn og prentuð rit sem handritunum tengjast og eru tenglar þangað frá handritafærslunum.

Jafnhliða þessu hafa frumgerðir stafrænna mynda, sem gerðar voru á sínum tíma fyrir Sagnanetið, verið afritaðar í fullri upplausn af geymsluböndum inn á diska til þess að auðvelda endurvinnslu þeirra og hefur verið unnið að undirbúningi þess að færa þær inn í nýjan myndagrunn sem keyrður verður samhliða handritaskráningargrunninum. Myndum, sem teknar hafa verið af ljósmyndara stofnunarinnar á þeim árum sem liðið hafa frá því að vinna við Sagnanetið lauk, verður einnig hlaðið inn í myndagrunninn og gengið frá þeim með sama hætti. Myndirnar verða allar yfirfarnar og heitum þeirra breytt til samræmis við staðlaða nafngjöf sem stofnanirnar hafa komið sér saman um. Allar myndir af handriti fá hver um sig sína xml-skráningu sem vistuð verður í handritaskránni og að auki verða krækjur í myndirnar í myndagrunninum frá öllum tilvísunum í einstakar síður sem koma fyrir í lýsingu handritsins. Myndirnar verða aðgengilegar á vefnum í hærri upplausn en á Sagnanetinu og bæði á .pdf- og .jpg-sniði.

Á árinu voru ráðnir tveir starfsmenn til að vinna við handritaskráninguna. Þeir eru Þórunn Sigurðardóttir sem er í 60% vinnu við ENRICH og hóf störf í byrjun mars og Valgerður Hilmarsdóttir sem hóf störf í byrjun september og er í fullu starfi. Þá var Eric J. Haswell tölvusérfræðingur, sem fyrir nokkrum árum smíðaði xml-tilraunagagnagrunn fyrir Árnasafn í Kaupmannahöfn, fenginn til þess að endurhanna þennan gagnagrunn til þess að

hýsa handritaskráningu allra stofnananna þriggja. Hann aðstoðaði við að setja hann upp á tölvubúnaði Landsbókasafns Íslands í sumar og einnig hefur hann á árinu unnið að gerð leitarviðmóts fyrir gagnagrunninn. Eric yfirfærði allar MASTER-skráningar Árnastofnunar yfir á TEI-P5-staðalinn og bjó þær í hendur Þórunnar og Valgerðar sem yfirfara skráningu hvers handrits, leiðrétta hana og auka við upplýsingum, en skráning handritanna í MASTER-skjölunum er misítarleg. Þá hafa þær unnið að frágangi xml-safnskjálanna sem Eric J. Haswell og Wolf-Dieter Syring hjá Árnasafni í Kaupmannahöfn hafa séð um að steypa saman úr eldri nafna- og heimildaskrá og skrá yfir íslensk bæjanöfn sem fengin var frá Landmælingum ríkisins. Þórunn og Valgerður hafa að auki nýskráð nokkurn fjölda handrita eftir því sem tími og aðstæður hafa leyft, unnið að endurskoðun og uppfærslu efnisorðalista fyrir handritaskráninguna og Þórunn hefur endurskoðað gömlu MASTER-handbókina, aðlagð hana að TEI-P5-staðlinum og fært fjöldamörg atriði til betri vegar í samræmi við það sem reynslan við skráninguna hefur leitt í ljós. Bessi Aðalsteinsson hefur séð um að yfirfæra frummyndir af geymsluböndum á diska og afrita .tif-skjölin á jpg-snið og undirbúið gæðamat á myndasafninu og leiðbeint um vinnuferli. Upplýsingatæknihópur Landsbókasafns Íslands, þeir Kristinn Sigurðsson, Haukur Þorgeirsson og Georg Perreiter, hefur þróað myndagrunninn og vistað gagnagrunnana inni á tölvukerfi Landsbókasafns og sett upp subversion-kerfi sem tengir þá sem vinna við skráninguna inn í handritagagnagrunninn og heldur jafnframt utan um allar færslur og viðbætur sem gerðar eru. Þá hefur hópurinn unnið að gerð vinnuferla fyrir handritamyndirnar og færslu xml-skráningar þeirra inn í handritaskráninguna. – Matthew J. Driscoll, forstöðumaður Árnasafns í Kaupmannahöfn, einn af frumkvöðlum þessa verkefnis og helsti höfundur þeirra xml-staðla sem skráningin er unnin eftir og jafnframt brautryðjandi xml-skráningar íslenskra handrita, vakir yfir samstarfsverkefni stofnananna og er ávallt reiðubúinn til að leysa þau vandamál sem upp koma varðandi skráninguna.

Fjórir fundir voru haldnir á vegum ENRICH-verkefnisins á árinu, sá fyrsti í Kaupmannahöfn 28. og 29. febrúar og sátu Guðvarður Már Gunnlaugsson og Bessi Aðalsteinsson fundinn fyrir hönd stofnunarinnar; annar fundur var haldinn í Reykjavík 26. og 27. júní og sátu hann Bessi Aðalsteinsson, Þórunn Sigurðardóttir og Sigurgeir Steingrímsson af hálfu stofnunarinnar; þriðji fundurinn var haldinn í Flórens 22. og 23. mars en þar var Örn Hrafnkelsson á handritadeild Landsbókasafns fulltrúi beggja íslensku stofnananna; fjórða fundinn í París 3. og 4. desember sat Sigurgeir fyrir hönd beggja stofnananna. Fulltrúar stofnananna þriggja, sem íslensku handritin varðveita, héldu líka sína samráðsfundi í apríl, júní og október í Reykjavík.

Í maí og júní stóð ENRICH-verkefnið fyrir könnun meðal fræðimanna sem fást við handritarannsóknir í aðildarlöndunum á því hvaða valkosti þeir teldu æskilegast að hin sameiginlega vefgátt hefði upp á að bjóða þegar að því kæmi að hún opnaði þeim aðgengi að hinum ýmsu handritasöfnum sem standa að verkefninu. Könnunin fór fram á netinu og voru lagðar 23 spurningar fyrir þátttakendur þar sem þeim var boðið að leggja mat á þá valkosti sem til greina koma. Könnunin var þýdd á íslensku og send út á helstu póstlista í íslenska fræðasamfélaginu og voru viðbrögð fræðimanna hérlendis mjög góð í samanburði við hin löndin sem aðild eiga að verkefninu.

Verkefnisstjóri fyrir hönd Árnastofnunar er Sigurgeir Steingrímsson.

DNA-rannsókn á íslensku bókfelli

Verkefnið hlaut í upphafi árs 2008 hámarksstyrk til tveggja ára frá Rannsóknasjóði RANNÍS. Þetta er fyrsta rannsókn sem gerð hefur verið á erfðaeefni (DNA) í íslenskum skinnhandritum. Megintilgangurinn er að ákvarða þær dýrategundir sem hafðar voru til bókfellsgerðar á Íslandi og leggja þar með traustan grunn að þekkingu á uppruna íslensks bókfells sem varpað gæti frekari ljósi á stöðu Íslendinga á sviði handritagerðar, bókmennningar og verslunar með handrit á miðöldum. Undirbúningsvinna hófst árið 2006 og fyrstu sýnatökur hófust 2007. Vinnan

hefur síðan aðallega falist í þróun sýnatökuaðferða og PCR-tækni. Bjarni Páll Ingason lífefnafræðingur lagði undirstöðu að verkefninu ásamt dr. Marteini H. Sigurðssyni. Bjarni Páll hefur frá upphafi haft umsjón með helstu rannsóknarþáttum og hefur hann skipulagt og annast samstarf við aðila utan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Samstarfsaðilar eru Íslensk erfðagreining (Ásgeir Sigurðsson, Shyamali Ghosh, Þórarinn Blöndal, Agnar Helgason, Unnur Þorsteinsdóttir og Kári Stefánsson) og Háskóli Íslands (Guðmundur Hrafn Guðmundsson, prófessor í frumulíffræði). Soffía G. Guðmundsdóttir hefur kortlagt sýnatökustaði og Hersteinn Brynjúlfsson, forvörður Árnastofnunar, hefur tekið sýni úr handritum í nánu samstarfi við Bjarna Pál Ingason. Marteinn H. Sigurðsson hefur umsjón með vali á handritum ásamt Sigurgeiri Steingrímssyni. Vésteinn Ólason forstöðumaður er verkefnisstjóri.

Bragi – óðfræðivefur

Óðfræðivefurinn Bragi var opnaður almenningi á vísindavöku, 28. september 2007, og er nú á slóðinni: <http://ordab30.lexis.hi.is/bragi/>. Einingar hans eru: bragarhættir, höfundar, ljóð, lausavísur, lög, ljóðasafn og handbók. Stefnt er að því að háttgreina í Braga megnið af hefðbundnum kveðskap íslenskum frá upphafi til okkar daga. Út frá þeirri skráningu yrði unnt að gera rækilega grein fyrir íslenskri bragsögu. Þegar hafa verið skráðir yfir 500 bragarhættir í grunninn en þar af eru um 80 rímnahættir. Bragarhættir eru sýndir í myndrænu formi (bragmynd) sem tölva býr til út frá svonefndum kennistreng. Þá eru einnig gefin dæmi um einstaka hætti.

Í ljóðasafn eru skráð heil ljóð, flest ort fyrir 1800. Þegar hafa verið skráð í ljóðasafn 214 heil kvæði. Þar á meðal eru fjölmörg eddukvæði, nokkur helgikvæði, allir sálmar Marteins Einarssonar úr Sálmakveri hans frá 1555 og talsvert af kvæðum Einars í Eyðölum. Stefnt er að því að skrá í ljóðasafn Braga sem mest af íslenskum kveðskap, að minnsta kosti fram til 1800. Þessi eining ætti að geta nýst sem grunnur að fjölbreyttri útgáfustarfsemi þegar fram líða stundir, auk þess sem hún getur komið að margvíslegu gagni við orðfræðirannsóknir. Í grunninn hafa nú verið skráðar 280 lausavísur, þær flokkaðar og gerð grein fyrir sögum sem þeim tengjast séu þær þekktar.

Um fimmtíu lög með nótum eru í Braga og eru flest þeirra úr Sálmaþók Guðbrands Þorlákssonar frá 1589. Þessi eining er yngst og er enn verið að þreifa sig áfram með framsetningu hennar.

Í handbók eru skýringar á táknum bragarháttanna eins og þeir eru settir fram í Braga ásamt helstu hugtökum sem fyrir koma á vefnum og í óðfræði yfirleitt. – Einna minnstir hnökur eru á einingunum lausavísur og handbók þótt ekki séu þær miklar að vöxtum enn sem komið er.

Bragi er síbreytilegur vefur sem vex og dafnar eftir því sem meira efni kemur inn á hann. Á næstu mánuðum verður unnið í öllum einingum hans og þær bættar og auknar. Megináhersla verður þó lögð á að lagfæra og auka við ljóðasafnið. Kristján Eiríksson hefur umsjón með Braga og allri vinnu við hann en um forritun alla og vefviðmót sér Bragi Valdimar Skúlason.

Teiknibókin, AM 673 a III 4to

Unnið var áfram að því að búa til prentunar rannsókn Guðbjargar Kristjánsdóttur listfræðings á Teiknibókinni sem svo er nefnd og ljósprentun handritsins. Prófessor Peter Foote í London lauk á árinu við að þýða texta Guðbjargar á ensku, og Guðbjörg og Marteinn H. Sigurðsson luku samlestri þýðingarinnar við íslenska textann og yfirferð yfir heimildaskrá bókarinnar. Við árslok var allur texti bókarinnar sendur prófessor Anthony Faulkes til yfirlestrar og samræmingar og einnig til prófessor Marie-Thérèse Gousset í París til efnisleggrar gagnrýni. Unnið var að öflun mynda til birtingar í bókinni frá söfnum erlendis.

Sýning í Þjóðmenningarhúsi

Sýningin HANDRITIN var opin í Þjóðmenningarhúsi alla daga kl. 11–17. Gestir á sýningar hússins voru 20.331 á árinu 2008, þar af voru erlendir gestir 11.527 en innlendir gestir 8.804 og fækkaði erlendum gestum frá fyrra ári um 26,8% en innlendum gestum fjölgaði um 73,7%.

Safnkennari stofnunarinnar, Svanhildur Gunnarsdóttir, tekur á móti nemendum frá kl. níu árdegis á skóladögum, þegar þess er óskað, leiðbeinir þeim um sýninguna og fræðir þá um sögu og gerð handrita. Undir handleiðslu hennar fá nemendur að spreyta sig á því að skrifa texta á bókfell með fjaðurpennum, sem skornir eru á staðnum, og með bleki gerðu úr íslenskum jurtum eftir fornum uppskriftum sem varðveist hafa á bókum. Vekur þessi þáttur leiðsagnarinnar jafnan mikinn áhuga nemenda, en þeir voru alls 2.638 sem hennar nutu á árinu og af öllum skólastigum allt frá leikskóla til háskóla, innlendir og erlendir auk nemenda á vegum Alþjóðaskólans, Námsflokkanna, nemenda af ýmsum sumarnámskeiðum stofnunarinnar og Snorraverkefnisins. Flestir nemendanna voru íslenskir og af höfuðborgarsvæðinu auk grunnskólanema frá Flúðaskóla, Grunnskóla Njarðvíkur, Myllubakkaskóla, Grunnskóla Borgarness og Grunnskóla Stykkishólms.

Sýning um Jónas Hallgrímsson

Sýningu, sem sett var upp árið 2007 á Akureyri, í Kaupmannahöfn og að síðustu í Þjóðmenningarhúsinu í minningu þess að þá voru liðin 200 ár frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúrufræðings, lauk sunnudaginn 1. júní 2008. Þrjú eiginhandarit Jónasar í vörslu stofnunarinnar voru á sýningunni.

Ljósmyndastofa

Öll ljósmyndun handrita er stafræn og eins og undanfarin ár er stefnt að því að öll handritin verði mynduð í heild þannig að hægt verði að veita aðgengi að þeim gegnum netið. Samhliða þeirri vinnu eru sem fyrr afgreiddar myndir til einstaklinga og bókaforlaga sem þurfa myndir vegna rannsókna sinna og bókaútgáfu.

Handritaviðgerðir

Helstu verkefni ársins voru framhald vinnu að viðgerð á bandi GKS 1005 fol I, Flateyjarbók, viðgerð og styrking á tréspjöldum AM 132 fol., viðgerðavinna á AM 38 8vo, AM 548 4to, AM 557 4to, AM 757 4to og búið var um nokkur handrit í sérunnum hlífðaröskjum. Auk þess var gert við hand- og fræðibækur í eigu stofnunarinnar. Handrit undir safnlið SÁM voru rúmtaksmæld með hlífðaröskjugerð í huga. Á árinu tók forvörður ásamt Bjarna Páli Ingasyni lífefnafræðingi þátt í rannsóknarvinnu sem lýtur að DNA-greiningu skinnhandrita stofnunarinnar. Samhliða þessu sinnir forvörður aðbúnaði og viðbúnaðarverkefnum í tengslum við sýningu stofnunarinnar í Þjóðmenningarhúsinu.

Handritastyrkir

Á árinu 2008 veitti stofnunin fimm dönskum fræðimönnum styrki til dvalar hér á landi við handritarannsóknir, samtals í átta mánuði: Matthew James Driscoll hlaut tveggja mánaða styrk til rannsókna á handritum Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi og annarra síðari alda skrifara sem honum eru tengdir. Charlotte Frantzdatter Johansen tveggja mánaða styrk vegna rannsókna sinna á því hvernig sögur hafa verið endursagðar frá fornöld til nútíma með áherslu á sögurnar af Hrólfi kraka. Rolf Stavnem eins mánaðar styrk vegna útgáfu sinnar á Rekstefju. Þorbjörg Helgadóttir styrk í einn mánuð vegna útgáfu sinnar á Rómverja sögu og Tove Hovn Olsen í tvo mánuði vegna útgáfu sinnar á Tíódelis sögu.

Málræktarsvið

Málræktarsvið annast ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli og ýmiss konar íðorðafraeðileg verkefni, sér um varðveislu, eflingu og viðhald málfarsbanka og orðabanka; beitir sér fyrir rannsóknnum á sviði málræktar og íðorðafraeði og annast samningu stafsetningarorðabóka og hliðstæðra gagna. Málræktarsvið annast jafnframt málefni Íslenskrar málnefndar fyrir hönd stofnunarinnar.

Ráðgjöf og leiðbeiningar – Málfarsbankinn

Svarað var u.þ.b. 2.000 fyrirspurnum um málfar árið 2008, ýmist í síma eða tölvupósti. Það er um fimmtungi minna en árið áður. Fjöldi fólks nýtir sér nú orðið málfarsbankann (<http://www.ismal.hi.is/malfar>) sem líklega veldur því að álag vegna hinnar hefðbundnu fyrirspurnaþjónustu hefur minnkað. Í málfarsbankanum er að finna leiðbeiningar og ráðleggingar m.a. um stafsetningu og beygingu orða, ýmis orðasambönd, ritreglur, landa- og íbúaheiti og margt annað. Jóhannes B. Sigtryggsson vann að því á árinu, í samstarfi við Þórdísi Úlfarsdóttur og Ragnar Hafstað tölvufræðing, að koma efnivið málfarsbankans yfir í gagnagrunn. Málfarsbankinn er nú í frumstæðri skrá sem lítið er hægt að þróa frekar. Stefnt var að því að gera þetta á sem ódýrastan hátt. Vinnan var stopul á árinu en í árslok var henni nær lokið og stutt í að hægt verði að opna nýja heimasíðu málfarsbankans. Vegna þessarar vinnu var lítið nýtt efni sett inn í gamla málfarsbankann á árinu en sumt yfirfarið. Í árslok 2008 voru í birtingarhluta hans 7.642 flettur. Ýmislegt annað leiðbeiningar- og fræðsluefni um mál og málfar er að finna undir liðnum „málrækt“ á vef stofnunarinnar.

Orðabankinn

Orðabankinn er á vef stofnunarinnar og hefur einkum að geyma íðorðasöfn. Í árslok 2008 voru í orðabankanum rúmlega 20.000 færslur (hugtök) í vinnsluhluta og hátt í 200.000 í birtingarhluta í orðasöfnum í ýmsum greinum. Í árslok 2008 voru um 50 orðasöfn í birtingarhluta orðabankans. Um 60 orðasöfn eru á vinnusvæðum í vinnsluhluta orðabankans og á árinu voru helstu viðbætur gerðar við orðasöfnin Íslensk plöntuheiti, Bílorðasafn, Orðasafn í tannlækningum, Orðasafn í myndlist, Orðasafn í upplýsingafræði og Lögfræðiorðasafn. Lögfræðiorðasafnið kom einnig út sem bók á árinu og voru útgefendur Bókaútgáfan Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands. Á árinu var enginn samstarfssamningur undirritaður við nýja rétthafa íðorðasafna um vinnusvæði og birtingu orðasafna þeirra í orðabankanum. Vegna bilunar í tölvu Reiknistofnunar Háskólans, sem hýsir gagnagrunn orðabankans, eru nákvæmar tölur um aðsókn að orðabankanum síðasta ár ekki tiltækar nema fyrir desembermánuð. „Heimsóknir“ í birtingarhluta orðabankans í desember voru að meðaltali 960 á dag (en árið 2007 voru þær 817 á dag að meðaltali allt árið). Uppflettingar í orðabankanum voru að sjálfsögðu fleiri því að notendur fletta oft mörgum atriðum upp í hverri lotu. Uppflettingar í birtingarhlutanum í desember voru að jafnaði 1.837 á dag (en voru 1.802 á dag árið 2007). Stofnuð var orðanefnd í faraldsfræði sem hittist reglulega í húsakynnum málræktarsviðs. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins óskaði eftir samstarfi við málræktarsvið til að koma á samræmi í notkun íðorða sem varða viðfangsefni hennar. Í framhaldi af því hefur hópur hist og rætt íðorð og skilgreiningar hugtaka sem einkum varða símenntun og fullorðinsfræðslu. Áfram var unnið að endurhönnun og forritun orðabankans og er nýr vinnsluhluti langt kominn.

Haldið var áfram samnorrænu tilraunaverkefni um fjarkennslu í íðorðafraeði, TERMDIST, sem hófst árið 2005. Í fyrsta sinn var boðið upp á nám í íðorðafraeði í Háskóla Íslands á vormisseri.

Stafsetningarorðabókin

Endurskoðunarnefnd Stafsetningarorðabókarinnar hélt fjóra fundi á árinu. Samþykkt hafði verið á síðasta nefndarfundi ársins 2007 að Jóhannes B. Sigtryggsson yrði ráðgjafi nefndarinnar og sæti einnig fundi hennar. Áætlað er að Jóhannes taki að sér ritstjórn endurskoðaðrar stafsetningarorðabókar í byrjun árs 2010 og stefnt er að því að hún komi út 2011. Kiljuútgáfa bókarinnar, ódýrari en harðspjaldaútgáfan frá 2006, kom út í ágúst. Kiljuútgáfan er óbreytt frá frumútgáfu að öðru leyti en því að leiðréttar voru örfáar prentvillur. Vefútgáfa bókarinnar, sem öllum verður aðgengileg, var í undirbúningi við lok ársins.

Handbók um málnotkun

Ritnefnd handbókar um málnotkun (sjá síðustu ársskýrslu) hélt fimm fundi árið 2008. Meginvinna ritstjóra (Jóhannesar B. Sigtryggssonar) á árinu hefur farið í að skipuleggja efni bókarinnar sem verður öll byggð á frumsömdu efni, að ritstýra efni frá höfundum og frumsemja kafla. Jóhanna Bogadóttir vann í hálfu starfi að söfnun efnis og undirbúningi handbókarinnar á árinu. Tímabundinni ráðningu hennar lauk 14. september. 14 höfundar munu skrifa kafla fyrir handbókina. Í lok árs hafði verið skilað drögum 18 kafla og sex lokagerðum. Auk þess hefur ritstjóri samið drög að allmörgum köflum. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að bókin verði um 200–250 síður og í henni verði u.þ.b. 60 kaflar. Stefnt er að því að handbókin komi út í byrjun árs 2010.

Þjónusta við Íslenska málnefnd

Stofnunin sér Íslenskri málnefnd fyrir fundaraðstöðu og fundarritara, veitir nefndinni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti. Allir starfsmenn á málræktarsviði unnu að málefnum Íslenskrar málnefndar á árinu, m.a. við undirbúning málræktarþings málnefndarinnar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, og við að aðstoða málnefndina við undirbúning ritsins *Íslenska til alls* sem var kynnt þann dag. Stofnunin stóð með málnefndinni að nýyrðasamkeppni í grunnskólum sem einnig var hleypt af stokkunum 16. nóvember og átti Ágústa Þorbergsdóttir m.a. sæti í framkvæmdanefnd verkefnisins. Ari Páll Kristinsson sótti ráðstefnu og aðalfund Evrópusamtaka málræktarstofnana (EFNIL) í Lissabon 12.–14. nóvember ásamt formanni Íslenskrar málnefndar, sem og norræna málnefndarþingið á Helsingjaeyri 4.–5. september. Jóhannes B. Sigtryggsson annast vefsíðu Íslenskrar málnefndar, www.islenskan.is.

Norrænt samstarf

Stofnunin tekur þátt í samstarfsneti norrænu málnefndaskrifstofanna, s.s. með þátttöku í samvinnuverkefnum á sviði málfarsráðgjafar, rannsókna, tæknimála, útgáfu tímaritsins *Språk i Norden* o.fl. Jóhannes B. Sigtryggsson er fulltrúi í samnorrænum hóp um skýrt mál í stjórnsýslu. Hann sótti ráðstefnu um málnotkun á vefsíðum hins opinbera 16.–18. október í Bálsta í Svíþjóð. Jóhannes er einnig fulltrúi stofnunarinnar í samvinnuhópi norrænu málnefndaskrifstofanna um vefmál og gagnagrunna. Ari Páll Kristinsson sat fund í ritnefnd *Språk i Norden* á Helsingjaeyri 5. september og málþing samstarfsnetsins þar 3. september um gagnagrunna, máltækni, vefsíður um málfarsráðgjöf o.fl. Jafnframt sótti Ari Páll norræna málnefndarþingið á sama stað 4.–5. september, ásamt formanni Íslenskrar málnefndar, og flutti þar andvarserindi um markmið norrænu málstefnuyfirlýsingarinnar í ljósi niðurstaðna rannsóknarverkefnis um tökuorð í Norðurlandamálum.

Samstarf við innlenda aðila

Málræktarsvið nýtur góðs af samvinnu við MS (Mjólkursamsöluna), m.a. við undirbúning og framkvæmd málræktarþings Íslenskrar málnefndar. MS lagði einnig til 100 þús. kr. styrk til málþingsins „Málstefnumorgunn“ sem málræktarsvið stóð fyrir 30. maí. Málræktarsvið veitir

MS á móti ýmsa málfarslega þjónustu, t.d. við undirbúning og frágang á ýmsu kynningarefni fyrirtækisins. Jóhannes B. Sigtryggsson hélt áfram góðu samstarfi við Námsgagnastofnun með því að semja 50 málfarsráðleggingar sem settar voru á nýjan vef sem kallast *Málfarsmolar*, <http://www.nams.is/malfarsmolar/index.htm>, á heimasíðu Námsgagnastofnunar. Verkefnið var unnið í samstarfi við Hildigunni Halldórsdóttur hjá Námsgagnastofnun.

Dagur íslenskrar tungu

Fyrir hönd stofnunarinnar tók málræktarsvið að sér verkefni að beiðni menntamálaráðuneytis í tengslum við dag íslenskrar tungu. Verkefnið fól m.a. í sér að undirbúa bréf til að vekja athygli á deginum, undirbúa fréttatilkynningar og annast önnur samskipti við fjölmiðla, velja staðsetningu, skipuleggja og stýra hátíðardagskrá, skipa og annast tengsl við ráðgjafarnefnd sem gerir tillögu um verðlaunahafa og viðurkenningarhafa verðlauna Jónasar Hallgrímssonar, að safna efni á vef dags íslenskrar tungu og annast aðra kynningu. Vinnuframlag stofnunarinnar við undirbúning hátíðardagskrár nýttist að þessu sinni að talsverðu leyti sameiginlega í þágu Íslenskrar málnefndar og menntamálaráðuneytis. Efnt var til samkomu í hátíðasal Háskólans 16. nóvember sem var í senn málræktarþing Íslenskrar málnefndar, með kynningu á tillögum nefndarinnar að íslenskri málstefnu, *Íslensku til alls*, og hátíðardagskrá menntamálaráðuneytis með afhendingu verðlauna Jónasar Hallgrímssonar. Jafnframt var upplestur og tónlistarflutningur. MS lagði til ýmsa aðstoð, m.a. við gerð ráðstefnugagna og auglýsinga, ásamt veitingum við lok dagskrárinnar.

Gestafræðimaður

Frá september 2008 er Amanda Hilmarsson-Dunn, University of Southampton, skráð gestafræðimaður á málræktarsviði. Hún stundar m.a. rannsóknir á íslenskri málstefnu og vinnur nú með Ara Páli Kristinssyni að bókarkafli um Ísland sem væntanlegur er í ritröðinni Language Planning and Policy, ritstj. R.B. Kaplan og R.B. Baldauf Jr.

Heimsóknir

Að vanda komu margir gestir, erlendir og íslenskir, ýmissa erinda á málræktarsvið stofnunarinnar. Þar má t.d. nefna 9 manna hóp frá Nasjonalt senter for nynorsk i opplæringa sem kom 31. maí til að fræðast um starfsemi stofnunarinnar og íslenska málstefnu og hóp starfsmanna Árnasafns í Kaupmannahöfn 9. desember. Erlendir gestir eru annars oftast en ekki fjölmiðlamenn sem hafa einkum áhuga á nýyrðasmíð og íslenskri málstefnu.

Ýmis önnur atriði í starfi SÁ sem snúa að málræktarsviði:

Jóhannes B. Sigtryggsson situr í vefnefnd og jafnréttisnefnd stofnunarinnar. Hann hefur séð um að halda við undirsíðu málræktarsviðs á vef stofnunarinnar. Frá október 2008 hefur hann einnig verið málfarsráðgjafi Orðanefndar rafmagnsverkfræðingadeildar Verkfræðingafélags Íslands.

Ari Páll Kristinsson situr í ritnefnd handbókar um málnotkun, endurskoðunarnefnd Stafsetningarorðabókarinnar, ritnefnd afmælisrits Svavars Sigmundssonar, ritnefnd *Orðs og tungu* og ritnefnd *Språk i Norden*.

Ágústa Þorbergsdóttir situr í ritstjórn minningarrits um Ásgeir Blöndal Magnússon (ásamt Gunnlaugi Ingólfssyni og Jónínu Hafsteinsdóttur). Einnig situr hún í orðanefnd í faraldsfræði (ásamt Hólmfríði K. Gunnarsdóttur, Hirti Pálssyni, Hólmgeiri Björnssyni, Laufeyju Tryggvadóttur og Lilju Sigrúnu Jónsdóttur).

Stofnunin á aðild að Staðlaráði Íslands. Ari Páll Kristinsson sótti aðalfund ráðsins 29. maí.

Stofnunin á aðild að fulltrúaráði Málræktarsjóðs. Ari Páll Kristinsson sótti aðalfund ráðsins 6. júní.

Hafinn var undirbúningur að því að endurprenta bók Kjartans G. Ottóssonar, *Íslenska málhreinsun* (1990).

Nafnfræðisvið

Nafnfræðisvið flutti aðsetur sitt 29. janúar 2008 úr Lyngási 7 í Garðabæ á Neshaga 16 í Reykjavík eftir að örnefnasafnið hafði haft vist í Garðabænum frá 1998. Sviðið hefur nú fimm herbergi á 2. hæð hússins til afnota auk kaffistofu sem það deilir með málræktarsviði sem hefur aðsetur á sömu hæð. Flutningurinn hafði í för með sér aukið samneyti við aðra starfsmenn stofnunarinnar sem aðsetur hafa á Neshaga 16 og er margvíslegt hagræði af því að búa undir sama þaki og önnur málsvið stofnunarinnar.

Örnefnasafn

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Elsta skráin er úr forum Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi og er dagsett 29. október 1910. Skrárnar skipta þúsundum en margar eru enn sem komið er aðeins til vérlitaðar. Unnið er að því á vegum stofnunarinnar að koma skránum á stafrænt form og er talsverður hluti þegar kominn í gagnagrunninn Sarp. Hægt er að leita í þessum gagnagrunni á nafnfræðisviði eða skoða skrárnar sjálfar í vérliti. Örnefnasafnið er mikið notað af almenningi og fræðimönnum, bæði fólki sem byggir jarðir eða tengist þeim á annan hátt, sumarhúsafólki, ferðamönnum, sagnfræðingum, málfræðingum, landfræðingum, þjóðfræðingum og mörgum öðrum. Enn bætast við endurskoðaðar örnefnaskrár og einstöku kort, uppdættir eða loftmyndir með örnefnum sem einstaklingar hafa gert á stafrænu formi eða á pappír.

Á árinu vann Svavar að því að skrá örnefni á afréttum Vestur-Eyfellinga á loftmyndir í samvinnu við kunnuga bændur, einkum Guðjón Ólafsson í Syðstu-Mörk og Baldur Björnsson á Fitjamýri.

Í nóvember og desember vann Óskar Leifur Arnarsson fornleifafræðingur að skráningu á örnefnum á 10 jörðum í Geiradalshreppi, Gufudalshreppi og Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu á loftmyndir.

21. október afhenti Landsvirkjun kort með örnefnum sem fóru undir Háslón ásamt skýrslu Helga Hallgrímssonar og Páls Pálssonar á Aðalbóli um örnefnin. Verkfræðistofa Austurlands vann verkið fyrir Landsvirkjun. Verkefnið var unnið að beiðni Örnefnastofnunar Íslands. Kortið var afhent á Egilsstöðum að viðstöddum nokkrum aðstandendum verksins.

Í árslok færði Kjartan Ólafsson, fyrrv. ritstjóri, nafnfræðisviðinu afrit af ritverki sínu *Firðir og fólk*, um Vestur-Ísafjarðarsýslu og sex hreppa í Barðastrandarsýslu, á disk til afnota á stofnuninni.

Ráðstefnurit 14. norrænu nafnfræðiráðstefnunnar

Fjórtaða norræna nafnfræðiráðstefnan var haldin í Borgarnesi dagana 11.–14. ágúst 2007 en hana skipulögðu Nafnfræðifélagið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Undirbúningur að útgáfu ráðstefnurits með 44 greinum hefur staðið yfir frá því að henni lauk og kom það út í janúar 2009. NORNA-förlaget í Uppsölum er útgefandi í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar og er ritið nr. 84 í ritröðinni NORNA-Rapporter, 538 bls. að stærð. Ritnefnd skipuðu Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson. Bessi Aðalsteinsson annaðist umbrot. Letterstedtska föreningen og Nordplus Sprog styrktu útgáfuna.

Skönnun

Stofnunin festi kaup á öflugum tækjabúnaði á árinu 2007 og naut til þess styrks úr tækjakaupasjóði Rannís. Keyptur var kortaskanni af gerðinni Colortrac SmartLF Cx40 sem gerir nafnfræðisviði kleift að taka afrit af korta- og uppdráttasafni sínu auk þess sem nú er hægt að senda almenningi kort og uppdrætti í tölvupósti. Stofnunin keypti einnig kortaprentara af gerðinni Canon iPF700. Stofnunin er nú loks sjálfbjarga með að prenta út kort, uppdrætti og loftmyndir en hingað til hefur hún þurft að leita til einkafyrirtækja með það. Að endingu keypti stofnunin mjög öflugan textaskanna af gerðinni Canon DR-9080C sem gerir kleift að skanna allar örnefnaskrár örnefnasafns og önnur prentgögn í eigu stofnunarinnar. Tækið gerir stofnuninni kleift að efla þjónustu við almenning og stuðla að betri varðveislu frumgagna. Öll þessi tæki eru geymd í örnefnasafni en önnur svið hafa leitað þangað með einstök verkefni.

Samstarf við Landmælingar Íslands og Loftmyndir ehf.

Á árinu hófust viðræður um samstarf nafnfræðisviðs Árnastofnunar við Landmælingar Íslands og Loftmyndir ehf. um að koma á fót gagnagrunni um loftmyndir fyrir Ísland þar sem hægt væri að færa inn örnefni. Nokkrir fundir voru haldnir og rætt um nánari útfærslu. Niðurstaðan varð sú að gera kerfið veflægt, þ.e. að hægt þyrfti að vera að merkja og hnitsetja örnefni inn á loftmyndir á veraldarvefnum. Tilraunir voru gerðar í þessu skyni og prófaðar síðla árs. Þær lofa góðu fyrir framhaldið. Loftmyndagrunnurinn er vistaður hjá Loftmyndum ehf. og hafa samstarfsaðilarnir aðgang að honum gegnum vefsíðu. Þar geta þeir merkt örnefni inn á loftmyndir og skilgreint ýmsa þætti þeirra og eiginleika, t.d. tegund örnefnis, heimild, flokkun (skv. staðli um landupplýsingar (LU)) o.fl. Á síðari stigum þessa verks er gert ráð fyrir að almenningur hafi aðgang að þessum upplýsingum og geti jafnvel í sumum tilfellum gert viðbætur við það sem fyrir er eða athugasemdir við örnefni. Í kerfinu eru nú yfir 20.000 örnefni sem koma úr gagnagrunni Landmælinga Íslands, ÍS 50V. Verkefni nafnfræðisviðs verður í framtíðinni m.a. að setja inn fleiri örnefni og endurskoða þau sem fyrir eru.

Sarpur

Á árinu var unnið að því í framkvæmdastjórn Sarps að fá lausn á kerfisvanda gagnagrunnsins og gera upp á milli tveggja kosta sem í boði voru, að færa hann í norska gagnagrunninn Primus eða að smíða nýjan venslaðan grunn hér innanlands. Niðurstaðan af þeirri könnun leiddi í ljós að mun dýrara og óhagkvæmara var að velja norska kostinn. Ákvörðun var því tekin um að semja við fyrirtækið Þekkingu um að smíða nýjan gagnagrunn í Microsoft-umhverfi, MS SQL fyrir Sarp 3.0. Um leið fékkst fé það afhent sem veitt var á fjárlögum 2006 til kerfisgerðar og menntamálaráðuneytið hafði varðveitt. Samningar voru undirritaðir skömmu fyrir árslok og er því unnið að uppfærslunni. Vegna þeirra tafa, sem orðið hafa á því að flytja gögn Sarps í nýtt umhverfi, var ekki aukið inn efni úr söfnum nafnfræðisviðs í Sarp á árinu 2008. Með nýjum Sarpi opnast á ný möguleiki að setja inn meira efni, rafrænt og skannað, og um leið að gera það aðgengilegt á netinu.

NORNA

Með nafnaráðstefnunni í Borgarnesi 2007 lauk stjórnartímabili Íslands í NORNA (Norrænni samvinnunefnd um nafnarannsóknir) þar sem Svavar Sigmundsson gegndi formennsku í 4 ár. Fulltrúi í stjórnarnefnd fyrir Íslands hönd var þá kosin Guðrún Kvaran og sótti hún stjórnarfund í Osló 31. janúar til 1. febrúar. Varamaður hennar er Svavar Sigmundsson og sótti hann annan stjórnarfund NORNA á árinu, en hann var haldinn í Uppsölum í Svíþjóð 15.–16. september.

Fyrirlestrar og fundir

Svavar sótti ráðstefnu í Osló, Fellesmøte Statens Kartverk og Stedsnavntjenesten 17.–19. september, þar sem norskir nafnfræðingar ræddu sín mál og flutti hann þar fyrirlestur. Svavar sótti einnig fund í Norden Division í UNGEGN í Kaupmannahöfn 8.–9. október.

Uppflettirit

Svavar hefur unnið áfram að samningu uppflettirits um örnefni sem hefur verið í smíðum undanfarin ár. Uppflettinöfn eru nú um 5.100 og bætast stöðugt ný við auk þess sem skýringar eru lagfærðar. Handritið nýtur eins og fyrr góðs af vinnu við svör um örnefni sem samin hafa verið fyrir Vísindavefinn, einnig vinnu við Örnefni mánaðarins, sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar (sjá Ritaskrá).

Örnefnanefnd

Svavar hefur setið í örnefnanefnd á árinu eins og undanfarin ár og er varaformaður hennar. Nafnfræðisviðið er aðsetur nefndarinnar og berast erindi til hennar þangað. Ýmiss konar erindrekstur er á hendi varaformanns fyrir nefndina, upplýsingagjöf og ritun fundargerða o.fl. en fundir eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði.

Ýmis störf

Hallgrímur J. Ámundason hefur verið í vefsíðunefnd á árinu, annast skönnun örnefnaskráa og korta og séð um þau nýju tæki sem keypt voru á árinu 2007. Hann vann að undirbúningi ráðstefnuritsins frá Borgarnesi og hann hefur einnig unnið að útgáfu á Guðmundar sögu góða ásamt Aðalsteini Eyþórssyni og Svanhildi Óskarsdóttur. Auk þess hefur Hallgrímur setið í stjórn starfsmannafélags stofnunarinnar.

Jónína Hafsteinsdóttir annaðist frágang á örnefnaskráum sem borist hafa og hefur lokið ýmsum eldri skráum sem biðu frágangs. Þá hefur vinna hennar falist að umtalsverðu leyti í afgreiðslu fyrirspurna og hún hefur aðstoðað gesti sem komið hafa til að afla upplýsinga úr örnefnaskráum eða öðrum gögnum. Einkum hefur hún svarað fyrirspurnum frá Landmælingum Íslands vegna örnefna á kortum, bæði vegna staðsetningar þeirra og stafsetningar. Jónína vann að undirbúningi ráðstefnuritsins frá Borgarnesi. Hún hefur annast skráningu nýrra bóka sem borist hafa beint til nafnfræðisviðs og jafnframt haldið áfram skráningu eldri bóka í Gegni. Unnið er að gerð lista um nafnbera hjá Landmælingum Íslands og hafa þau Jónína og Svavar setið einn fund með starfsmönnum LMÍ við yfirferð á honum.

Svavar Sigmundsson hefur starfað í tveimur nefndum stofnunarinnar á árinu, málstofunefnd og kynningarnefnd. Hann á einnig sæti í framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps f.h. stofnunarinnar. Þá hefur hann setið í undirbúningsnefnd Víkingafundar sem haldinn verður í Reykjavík og Reykholti í ágúst 2009. Að fundinum standa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands og Seðlabanki Íslands.

Allir starfsmennirnir hafa veitt þjónustu við almenning með einhverjum hætti, m.a. svarað fyrirspurnum sem borist hafa símleidis eða um heimasíðu og afgreitt örnefnaskrár eða örnefnaupprætti, annaðhvort á staðnum eða með sendingum í tölvupósti.

Orðfræðisvið

Orðfræðisvið varðveitir söfn Orðabókar Háskólans og annast frekari heimildasöfnun um orð og orðanotkun í rituðu og töluðu máli. Söfnin geyma mikilvægar heimildir um orðaforðann og þau eru aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning, m.a. í opnum gagnasöfnum á vef stofnunarinnar. Á orðfræðisviði er unnið að ýmiss konar fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem snerta íslenskt mál og íslenskan orðaforða. Áhersla er lögð á rannsóknir sem tengjast

orðum og orðasamböndum, rannsóknir á orðaforðanum og þróun hans og rannsóknir í orðabókafraeðum og tungutækni.

Ritmálssafn

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans er stærsta safn orðfræðisviðs. Á liðnu ári var unnið að endurbótum á gagnagrunni þeim sem safninu hefur verið komið í og stendur sú vinna enn yfir. Í tilraunaskyni var settur upp nýr gagnagrunnur fyrir *Ritmálssafn* Orðabókarinnar. Hönnun og uppsetning á gagnagrunninum var unnin í sjálfboðavinnu af Stefáni B. Sigurðssyni hjá Reikniverki ehf., Kristín Bjarnadóttir sá um greiningu á gögnum og Bessi Aðalsteinsson um úttak úr Informix-gagnagrunninum sem gögnin komu úr. Talsverðar leiðréttingar á gögnum reyndust nauðsynlegar við færslu á milli kerfa. Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir tók að sér vinnu við viðmótið á nýja gagnagrunninum í samvinnu við Guðrúnu Kvaran, Gunnlaug Ingólfsson og Kristínu Bjarnadóttur.

Sótt var um styrk til Þjóðhátíðarsjóðs og kom í hlut stofnunarinnar ein og hálf milljón til þess að slá inn um 70.000 kveðskapardæmi og koma þeim fyrir í grunninum. Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson munu hafa umsjón með innslættinum sem unninn verður sumarið 2009.

Talmálssafn

Talmálssafnið er annað stærsta safn stofnunarinnar. Enn er leitað eftir stuðningi almennings við söfnun úr mæltu máli og fer sú vinna nú fram í samvinnu við þáttinn Vít og breitt sem er á dagskrá Ríkisútvarpsins. Umsjón með þættinum hefur Pétur Halldórsson og er spurt um orð og orðasambönd á fimmtudögum hálfsmánaðarlega. Guðrún Kvaran sér um val orða fyrir þáttinn og tekur við svörum hlustenda.

Orð vikunnar

Fyrir nokkrum misserum var tekinn upp sú nýbreytni að birta orð vikunnar á heimasíðu Orðabókar Háskólans og síðar á heimasíðu SÁ. Tóku flestir starfsmenn þátt í að skrifa pistlana. Talsvert hafði safnast í sarpinn í ársbyrjun 2008 og var þá tekin sú ákvörðun að endurbirta eldri orð vikunnar tvisvar til þrisvar í mánuði en nýtt orð að minnsta kosti mánaðarlega. Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson hafa nú umsjón með þessu verkefni og voru 18 nýir pistlar birtir á síðasta ári.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Veflæg orðmyndabók

Helstu verkþættir í vinnu við Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls á árinu 2008 voru þessir:

Unnið að endurbótum á vinnuviðmóti fyrir gagnagrunninn Veflæga orðabók, í samvinnu við Hjálmar Gíslason. Breytingarnar felast í bættum leitaraðgangi til vinnu við gögnin og frágangi á uppsetningu beygingardæma. Jafnframt var unnið að frágangi á kerfislýsingu um gagnagrunninn þar sem nákvæm grein er gerð fyrir málfræðilegum greiningaratriðum og uppsetningu kerfisins.

Beygingarflokkar sagnorða og lýsingarorða voru endurskoðaðir í heild og beygingarflokkar settir upp fyrir sterkar sagnir sem hingað til hafa verið settar handvirkt inn í gagnagrunninn. Við endurskoðunina var að mestu stuðst við Ritmálssafn og önnur gögn Orðabókarinnar. Þá var vinnuferli til innsetningar á nýju efni þróað en vinna við samræmingu á beygingarflokkum var forsenda þess að hægt væri að nota sömu aðferð við nýtt efni, úr hvaða orðflokki sem er.

Í lok ársins 2008 voru beygingardæmi í Beygingarlýsingunni u.þ.b. 270.000. Helstu viðbætur voru orðaforðinn úr *Tölvuorðasafni* (2005), örnefni úr lista frá Landmælingum Íslands og fyrirtækjaheiti úr Fyrirtækjaskrá. Heildartala beygingardæma hefur hækkað um

u.þ.b. 10.000 frá fyrra ári en að auki hefur endurtekningum í gagnagrunninum verið eytt þannig að viðbætur eru ívið meiri en talan gefur til kynna.

Talsverðu efni er einnig bætt við eftir ábendingum frá notendum en frá þeim koma vel þegnar athugasemdir um leiðréttingar og viðbætur, ásamt fyrirspurnum um ýmiss konar vafaatriði í beygingardæmunum og um málnotkun. Til þess að mæta þörfum almennra notenda eru birtar ábendingar fyrir ofan einstök beygingardæmi um ýmislegt sem varðar hömlur á notkun beygingarmynda, val á afbrigðum í beygingardæmunum og annað það sem getur komið notendum að gagni. Notendaathugasemdir af þessu tagi eru nú við u.þ.b. 3.400 beygingardæmi.

Ritstjóri Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls er Kristín Bjarnadóttir.

Mörkuð íslensk málheild

Í ársskýrslu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir árið 2007 var gerð grein fyrir vinnu við Markaða íslenska málheild á árinu 2007. Hér verður í stuttu máli greint frá því sem gert var á árinu 2008.

Á árinu var aðallega safnað efni úr prentuðum bókum og aflað leyfa til þess að fá að nota textana í Textasafni stofnunarinnar og Markaðri íslenskrí málheild. Einnig var unnið við að hreinsa textana og undirbúa þá fyrir mörkun.

Í nóvember 2008 hafði verið safnað textum með ríflega 18 milljónum orða fyrir málheildina. Efnið skiptist í grófum dráttum þannig: Blogg (1.964 þús. orð); prentaðar bækur (1.192 þús. orð); dagblöð, prentuð eða á vef (7.376 þús. orð); texti til upplestrar (488 þús. orð); lög, reglugerðir og dómar (2.527 þús. orð); skólaritgerðir (722 þús. orð); ýmiss konar smáprent (33 þús. orð); textavarp (47 þús. orð); tímarit, prentuð eða á vef (1.952 þús. orð); tölvupóstlistar (121 þús. orð); vefsetur stofnana og fyrirtækja (1.069 þús. orð); vísindavefur HÍ (983 þús. orð).

Stjórnir Rithöfundasambands Íslands og Hagþenkis hafa lýst yfir stuðningi við verkefnið og hinn 19. desember 2008 var undirritað samkomulag milli Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Félags íslenskra bókaútgefenda um að félagið skoraði á félagsmenn sína að afhenda stofnuninni texta sem réttthafar hafa gefið leyfi fyrir. Á grundvelli þess samkomulags verður unnt að setja kraft í söfnun texta úr prentuðum bókum.

Sigrún Helgadóttir verkefnisstjóri (75% starfshlutfall), Hjördís Stefánsdóttir (100% vinna í júní – ágúst og 20% í september – desember) og Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir (50% í janúar og febrúar) unnu við verkefnið á árinu 2008. Auk þess var Anton Karl Ingason ráðgjafi við undirbúning gagnasafns fyrir málheildina.

Í ársskýrslu fyrir árið 2007 voru kynnt tvö verkefni styrkt af Rannsóknasjóði sem verkefnisstjóri tekur þátt í og tengjast málheildarverkefninu. Hið fyrra var Samhengisháð ritvilluleit og hið síðara Aukin mörkunarnákvæmni íslensks texta. Vinna stendur enn yfir við bæði verkefnin.

Sigrún Helgadóttir situr í Íslenskrí málnefnd sem fulltrúi iðordafólks og tók þátt í undirbúningi og úrvinnslu nýyrðakeppni í 5.–7. bekk grunnskóla sem haldin var í tengslum við dag íslenskrar tungu 16. nóvember 2008. Íslensk málnefnd hafði frumkvæði að keppninni en ásamt málnefndinni stóðu Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Námsgagnastofnun og Skýrslutæknifélag Íslands að keppninni.

ISLEX – Íslensk-norræn veforðabók

Á árinu 2008 unnu að jafnaði þrír fastir starfsmenn í 2,3 stöðugildum við íslenska hluta ISLEX-orðabókarinnar. Þar að auki komu þrír sérfræðingar hjá SÁ að verkinu á árinu.

Starfsmenn verkefnisins árið 2008 voru:

Þórdís Úlfarsdóttir aðalritstjóri
Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri og ritstjóri
Ágústa Þorbergsdóttir ritstjóri
Gunnlaugur Ingólfsson rannsóknardósent

Jón Hilmar Jónsson rannsóknarprófessor vann að merkingarflokkun orðaforðans í ISLEX á árinu. Hann hefur jafnframt veitt leyfi til afnota af efni úr riti sínu *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun* (JPV útgáfa 2005). Efni, sem fengið var þaðan á árinu 2008 voru einkum ýmis föst orðasambönd með sagnorðum.

Guðrún Kvaran prófessor lagði verkefninu einnig lið með þátttöku sinni í ritstjórn á árinu 2008.

Á vegum ISLEX starfar sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana og sitja Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson sem fulltrúar SÁ í þeirri nefnd.

Þýðendur ISLEX í Skandinavíu á árinu 2008 voru:

Svíþjóð, háskólinn í Gautaborg: Anna H. Hannesdóttir, Hákan Jansson og Ylva Hellerud.

Noregur, háskólinn í Bergen: Margunn Rauset, Kjersti Lea og Ragnhild Svelling.

Danmörk, DSL í Kaupmannahöfn: Aldís Sigurðardóttir og Liisa Theilgaard.

Vinna við ISLEX gekk samkvæmt áætlun á árinu 2008 og í lok desember var búið að fullvinna 31.650 flettur. Haldið var áfram vinnu við nafnorð og lýsingarorð, en við bættist vinnsla atviksorða og sagna. Áfram var unnið út frá efnislegri flokkun nafnorða og lýsingarorða, en samkvæmt því vinnulagi eru orðin ekki afgreidd í stafrófsröð heldur eru teknir fyrir ákveðnir flokkar í einu. Flokkarnir eru misstórir en oftast eru þeir 10–60 orð. Dæmi um slíka merkingarflokka eru lögfræði, jarðfræði, starfsheiti, matur, dýr, landslag og veður og eiginleikar eins og dugnaður, eigingirni, heiðarleiki, sóðaskapur og vaxtarlag.

Stöðugt hefur bæst við það efni sem búið er að þýða hjá samstarfsstofnunum ISLEX á Norðurlöndum. Í árslok 2008 var búið að þýða 21.300 flettur á dönsku, 18.350 flettur á norsku og 17.600 flettur á sænsku.

Dagana 10.–13. mars 2008 var haldinn fundur í Gautaborg með ritstjórum og verkefnisstjórnnum frá þáttökulöndunum fjórum.

16.–18. september 2008 var haldinn annar fundur á Leirubakka í Landsveit með ritstjórum frá öllum löndum. Á báðum þessum fundum voru margvísleg mál rædd og verk samhæfð, og áætlanir voru gerðar um framhaldið.

Á árinu 2008 hóf Ragnar Hafstað tæknilega vinnu við notendaviðmót ISLEX-orðabókarinnar ásamt heimasíðu hennar. Hönnun síðunnar var gerð í samvinnu við Þórdísi Úlfarsdóttur. Í lok ársins var heimasíðan komin í nokkuð endanlega mynd þótt ýmsum verkþáttum væri ólokið.

Haldnir voru fyrirlestrar og kynningar á ISLEX-orðabókinni á árinu 2008. Verkefnið var sýnt bæði hópum og einstaklingum. Helstu kynningar voru eftirfarandi.

ISLEX-verkefnið var kynnt fyrir sendiherra Noregs, Margit Tveiten, ásamt Per Landrø þann 28. janúar 2008.

Flutt var erindi um ISLEX á málstofu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 1. febrúar 2008.

ISLEX-verkefnið var kynnt fyrir sendiherra Frakklands, Olivier Mauvisseau, 28. febrúar 2008. Í för með honum voru Ásdís R. Magnúsdóttir og Jóhanna B. Guðjónsdóttir, kennarar í frönsku við HÍ.

Flutt var erindi um ISLEX á 13. ráðstefnu EURALEX, samtaka orðabókarmanna í Evrópu, í Barcelóna 16. júlí 2008.

Flutt var erindi um ISLEX á ráðstefnunni Internordisk kommunikation og nordisk sprogpolitik (Seminar i samarbejde med Nordisk Ministerråd) á Hótel Sögu 6. desember 2008.

Ásta Svavarsdóttir og Jón Hilmar Jónsson voru í rannsóknarleyfi allt árið 2008.

Þjóðfræðisvið

Þjóðfræðisvið annast þjóðfræðisafn stofnunarinnar en í því er hljóðritað efni sem safnað er úr munnlegri geymd. Lögð er áhersla á varðveislu, viðhald, flokkun og skráningu safnsins þannig að gott aðgengi sé að því. Á sviðinu er unnið að margvíslegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, oft í samvinnu við aðra og er útgáfa snar þáttur í starfsemi sviðsins. Á árinu 2008 var unnið að ýmsum verkefnum en fjárskortur háði mjög og varð til þess að þau töfðust flest.

Útgáfur á efni úr safninu

Sögur úr Vesturheimi eru nærri 20 klst. af uppteknum og uppskrifuðum sögum og kvæðum úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur til Vesturheims veturinn 1972–1973. Útgáfan er á lokastigi.

Endurútgáfa á *Einu sinni átti ég gott* átti að koma út 2008 og var unnið að henni en útgáfunni var frestað vegna fjárskorts.

Kvæðamannafélagið Iðunn heldur áfram útgáfu á lagboðum sínum og er nú verið að undirbúa 160 þeirra til útgáfu. Upptökurnar eru á segulböndum í safni Iðunnar sem stofnunin varðveitir. Stofnunin hefur lagt útgáfunni lið með því að veita vinnuástöðu og aðstoð.

Rósa Þorsteinsdóttir hefur unnið með Skúla Gautasyni að hljómdiski með efni sem hann hljóðritaði með Ásu Ketilsdóttur kvæða- og sagnakonunni. Diskurinn er væntanlegur í útgáfu Strandagaldurs og stofnunarinnar á fyrri hluta árs 2009.

Sögur Íslendinga – Bergmál þjóðar

Þetta er samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs og Kára G. Schram kvikmyndagerðarmanns, og felst í söfnun og miðlun þjóðfræðiefnis með kvikmyndum. Hugmyndin er að safna efni vítt og breitt um landið, með svipuðum hætti og áður hefur verið gert á vegum stofnunarinnar, en að nýta hreyfimyndateknina við þá söfnun og gera efnið sem aðgengilegast með skráningu og vistun á vef jafnóðum. Sú skráning verði tengd við Ísmús-samstarf þjóðfræðisviðs og sett upp með svipuðum hætti og hljóðsafnið. Á fjárlögum 2008 voru veittar þrjár milljónir til verkefnisins en það er talsvert lægri upphæð en nauðsynleg væri til að vinna verkefnið að fullu þótt hún dygði til að fleyta því úr vör. Vegna óvissu um hvort framlagið fengist greitt tókst ekki að ljúka öðru en að taka nokkur prufuviðtöl. Í lok ársins fékkst síðan fullvissa um að staðið yrði við fjárveitinguna og er nú gert ráð fyrir að verkefnið komist á þann reksþöl sem því var ætlaður fyrir ári.

Munnleg hefð – Skráning og útgáfa þjóðfræðiefnis úr Austur-Skaftafellssýslu

Samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs, Háskólaseturs á Hornafirði og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Þjóðfræðisvið átti frumkvæði að því að hrinda af stað uppskriftarverkefni á hljóðrituðu efni úr Austur-Skaftafellssýslu árið 2007. Þjóðfræðisvið hefur séð um að leiðbeina fólki við skráningu og söfnun nýs efnis. Fjórir starfsmenn unnu að verkefninu á Höfn árið 2008 og verður því haldið áfram á komandi árum. Markmið verkefnisins er að vinna úr þeim heimildum sem þegar eru til og verður leitast við að draga fram einstaka atburði, sögur og

kennileiti í landslagi og gefa heimamönnum og gestum færi á að kynnast sögu svæðisins á ferðum sínum um héraðið.

Munnleg geymd

Vinnu við að endurhanna gagnagrunninn Munnleg geymd, sem veitir aðgang að þjóðfræðiefni Árnastofnunar á netinu, var haldið áfram og lauk að mestu leyti á árinu. Jafnframt var hafist handa við að samræma og leiðrétta upplýsingar og gögn eftir flutning yfir í nýja grunninn. Enn á eftir að hanna notendaviðmót fyrir þennan nýja grunn en á meðan geta notendur leitað í eldri gagnagrunni. Hægt er að leita eftir heimildarmönnum, landshlutum og efni, en við hverja færslu er síðan viðeigandi upptaka tengd. Í október var lokið við að færa hljóðritað efni safnsins, sem til er á svokölluðum geymsluböndum, yfir á stafrænt form og áfram er unnið að því að klippa það til að gera aðgengilegt á netinu. Þetta var allt unnið í samvinnu við Ísmús og Lausn ehf. Þessi vinna leggur grunninn að stafrænu hljóðritasafni þjóðfræðisviðs og er nú ekki lengur afritað yfir á segulbönd nema í undartekningartilvikum. Með endurhönnun gagnagrunnsins var einnig hugað að uppsetningu gagnagrunns um þjóðlagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar sem er samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs, Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Ísmús. Þar verða myndir af lögunum eins og þau eru prentuð með nótum í bók Bjarna, *Íslensk þjóðlög*, myndir af handritunum sem eru frumheimildir hans að lögunum og skráning hvers lags þar sem fram koma upplýsingar um þau og heimildir fyrir þeim. Segja má að öll gögn séu nú tilbúin og bíði þess að vera færð inn í grunninn, en þar hafa nú aðeins verið skráð upphöf kvæða sem birt eru með nótum í prentuðu safni Bjarna.

Myndskreyttar munnmælasögur

Þetta samvinnuverkefni Þjóðfræðisviðs, Fyrirmyndar, félags myndskreyta á Íslandi, Listasafns Reykjavíkur og Bókaútgáfunnar Æskunnar fólst í því að tólf teiknarar myndskreyttu jafnmargar sögur úr þjóðfræðisafni stofnunarinnar. Úr varð bæði bókin *Vel trúi ég þessu!* og sýning sem hóf feril sinn í Ásmundarsafni árið 2007 og stóð þar út það ár. Á sýningunni var bæði hægt að lesa sögurnar og hlusta á þær sagðar um leið og myndirnar sem fylgdu voru skoðaðar. Á árinu 2008 var hún sett upp á nokkrum stöðum úti á landi, fyrst í Menningarmiðstöðinni á Höfn í Hornafirði, þá í Amtsbókasafninu á Akureyri og síðast í Safnahúsinu á Sauðárkróki.

Aðföng, notkun og varðveisla safnsins

Auk viðtala sem Gísli Sigurðsson og Kári G. Schram kvikmynduðu á árinu hljóðritaði Rósa Þorsteinsdóttir ýmislegt efni í Reykjavík, Hofsósi og Egilsstaðakoti í Flóa. Þá bárust safninu hljóðrit frá Einari G. Péturssyni, Hjalta Pálssyni, Kristínu Einarsdóttur og Steindóri Andersen. Kvæðamannafélagið Iðunn afhenti stofnuninni einnig snældusafn með upptökum á fundum félagsins og fleiru. Afgreiddar voru 24 pantanir á afritum sem voru tekin af 138 hljóðritum. Nokkuð var um heimsóknir til vinnu í hljóðveri og einnig voru spólur lánaðar til gerðar útvarpsþátta. Nokkrir þjóðfræðinemendur unnu rannsóknarverkefni í safninu og fólust þau öll í því að hlusta á sagnir og skrá þær og skilgreina ítarlegar en áður hafði verið gert.

Samskipti við aðrar stofnanir

Gísli Sigurðsson situr í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu og kenndu hann og Rósa Þorsteinsdóttir á tveimur námskeiðum í söfnun munnlegra heimilda sem miðstöðin stóð fyrir í september og október.

Í september sótti Rósa Þorsteinsdóttir árvissan fund norrænna þjóðlagafraeðinga og -safna sem í þetta sinn var haldinn í Helsinki.

RANNSÓKNARVERKEFNI NÝDOKTORA OG DOKTORSNEMA

Aðalheiður Guðmundsdóttir

1) *Fornaldarsögur Norðurlanda: Þessa heims og annars*. Verkefni styrkt af RANNÍS (Rannsóknastöðustyrkur) til 31. 7. 2008, en eftir það tímabundinni sérfræðingsstöðu hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um er að ræða rannsókn á Fornaldarsögum Norðurlanda þar sem stefnt er að útgáfu bókar sem mun skiptast í 4 hluta. Farið verður í uppruna sagnanna, umfang bókmenntagreinarinnar og einkenni, auk þess sem áhersla verður lögð á heimsmynd sagnanna. Í þeim hluta verður sérstaklega litið á hina tvískiptu heimsmynd: þennan heim og „annan“, birtingarmynd hins „yfirnáttúrulega“ og viðhorfs til þess innan sagnanna. Um er að ræða ítarlega samantekt og úrvinnslu. Efnisorð úr fornaldarsögunum (40–50 sögur) hafa nú þegar verið slegin inn í gagnagrunn, og verða hugmyndir sem tengjast viðfangsefninu athugaðar á þeim grundvelli. Í kjölfar grunnrannsóknarinnar verður hið yfirnáttúrulega skilgreint, þ.e. eins og það birtist okkur í sögunum, og spurt verður í hvaða tilgangi sagnahöfundar grípa til þess: eru töfralausnir t.d. notaðar sem „ódyrar lausnir“ fyrir framvindu sagnanna? – eða skírskota þær með einhverjum hætti til samfélags viðtakenda á 13. og 14. öld?

2) *Dans og danskvæði*. Áframhaldandi rannsóknir á danssögu og dansmenningu á Íslandi fyrr á öldum. Verkefnið hlaut styrk frá Hagþenki, félagi höfunda fræðiritna. Á árinu voru niðurstöður birtar í máli og riti, en tvær greinar eru væntanlegar árið 2009.

Ari Páll Kristinsson

„Í fréttum er þetta helst.“ Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls. Ritgerð til doktorsprófs í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. Doktorsnefnd skilaði 10. nóvember því álitni til deildarforseta íslensku- og menningardeildar hugvísindasviðs að ritgerðinni væri lokið og mælti með því að hún yrði falin í hendur andmælendum. Leiðbeinandi er Kristján Árnason prófessor.

Jóhannes B. Sigtryggsson

Ævisaga Jóns Steingrímssonar og málið á 18. öld. Áfram var unnið við þetta verkefni á árinu og miðaði því allvel. Er ritgerðin nú um 250 bls. á lengd. Doktorsnefnd las yfir meginhluta hennar á árinu. Leiðbeinandi er Guðrún Kvaran prófessor.

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova)

Íslenskar þulur síðari alda, doktorsverkefni. Unnið var að nokkrum afmörkuðum þáttum verkefnisins, sem felur í sér rannsókn og lýsingu á þulum síðari alda (15.–20. öld) og undirbúning útgáfu þeirra. Meðal þessara þátta er bygging þulna síðari alda og sambærilegs kveðskapar á Norðurlöndum. Hluti af þeim þætti var vettvangsferð um Færeyjar en færeysk *skjaldur* eru sá kveðskapur á Norðurlöndum sem stendur íslenskum þulum næst. Vettvangsrannsóknin miðaði að því að kanna varðveislu og byggingu nútíma *skjaldra* í samanburði við íslenskar þulur (niðurstöður eru væntanlegar í greinarformi). Einnig var haldið áfram tölvuskráningu á þulum, þ.e. textum og öðrum upplýsingum (s.s. heimildalýsingum), og ritgerðarskrifum. Leiðbeinandi er Vésteinn Ólason prófessor.

Þórður Ingi Guðjónsson

Gísla saga Súrssonar – Textafræðileg rannsókn og túlkun, doktorsverkefni. Gísla saga er til í tveimur heillegum gerðum og brot hefur varðveist af þeirri þriðju. Með útgáfu textanna og rækilegum samanburði þeirra er ætlunin að varpa nánara ljósi á þá og meta hvort þeir gefi tilefni til ólíkrar túlkunar. Sögugerðirnar þrjár verða gefnar út eftir aðalhandritum með samræmdri stafsetningu (þessum verkþætti er lokið). Unnið er nú í köflum þar sem gerð er grein fyrir varðveislu sögunnar í handritum, og þar sem fjallað er um rannsóknarsögu Gísla sögu og gerð grein fyrir fræðilegum viðhorfum og aðferðum. Leiðbeinandi er Vésteinn Ólason prófessor.

Auk þess var á tímabilinu unnið við ritstjórn að útgáfu á Morkinskinnu í tveimur bindum sem áætlað er að komi út hjá Hinu íslenska fornritafélagi haustið 2009.

GESTIR VIÐ RANNSÓKNARSTÖRF

Gestir á alþjóðasviði

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Þingholtsstræti 29 árið 2008 voru: Gary Laverty frá Bandaríkjunum, Jean Renaud frá Frakklandi, Arthúr Björgvin Bollason frá Þýskalandi, Silvain LaLot frá Frakklandi, Jill Weight frá Bandaríkjunum, Allan Cummings frá Bretlandi, Patricia Prinz frá Bandaríkjunum, Gunnhild Röthe frá Noregi, Christopher Abrams frá Bretlandi, Koji Irie frá Japan, Astrid Ogilvie frá Bandaríkjunum, François-Xavier Dillmann frá Frakklandi, Andrew Wawn frá Bretlandi og Einar Már Jónsson frá Frakklandi.

Gestir á handrita- og þjóðfræðasviðum

Aaron Ralby	N.Y.	U.S.A
Adam Oberlin	Minnesota	U.S.A.
Andrew Wawn	Leeds	Englandi
Anna María Hákonardóttir	Reykjavík	Íslandi
Annette Lassen	Reykjavík	Íslandi
Antonio Costanzo	Napolí	Ítalíu
Barbara Laconi		Ítalíu
Birgit Nyborg	Osló/Reykjavík	Noregi
Carl Olsen	Berkeley, California	U.S.A.
Charlotte Frantzdatter Johansen	Kaupmannahöfn	Danmörku
Christopher Abram	Cambridge	Englandi
Cyril de Pins	París	Frakklandi
Elisabeth Ward	Berkeley, California	U.S.A.
Elise Kleivane	Osló	Noregi
Elizabeth M. Swedo	Minneapolis, Minnesota	U.S.A.
Giovanni Verri	Mílanó	Ítalíu
Guðbjörg Kristjánsdóttir	Kópavogi	Íslandi
Guðmundur Steinn Gunnarsson	Reykjavík	Íslandi
Guðrún Ingólfssdóttir	Reykjavík	Íslandi
Gunnvör Karlsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Helen F. Leslie	York	Englandi
Herbert Wäckerlin	Basel	Sviss
Hélène Tétrel	Brest	Frakklandi

Jane Heward	Cambridge	Englandi
Jaroslava Kosinova	Prag	Tékklandi
Jenny Jochens	Baltimore	U.S.A.
Johnny Lindholm	Kaupmannahöfn	Danmörku
Jóhanna Árnadóttir	Reykjavík	Íslandi
Jóhanna Katrín Friðriksdóttir	Oxford	Englandi
Jón Viðar Sigurðsson	Osló	Noregi
Jóna Kristín Sigurðardóttir	Reykjavík	Íslandi
Júlíana Magnúsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Karl Ó. Ólafsson	Reykjavík	Íslandi
Kate Heslop	Zürich	Sviss
Kjartan Ottósson	Reykjavík	Íslandi
Laufey Guðnadóttir	Reykjavík	Íslandi
Lenka Kovárová	Prag	Tékklandi
Margaret Cormack	Charleston, South-Carolina	U.S.A.
Marianne Kalinke	Illinois	U.S.A.
Martin Chase	Bronx, NY	U.S.A.
Matthew Driscoll	Kaupmannahöfn	Danmörku
Merrill Kaplan	Ohio	U.S.A.
Michael Chesnutt	Kaupmannahöfn	Danmörku
Nicola Lugoch	Pemaquid, ME	U.S.A.
Philip Roughton	Reykjavík	Íslandi
Rolv Stavnem	Kaupmannahöfn	Danmörku
Sárka Wohlmuthová	Prag	Tékklandi
Soffía G. Guðmundsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Stephen Leonard	Oxford	Englandi
Tove Hovn Ohlsson	Helsingborg	Svíþjóð
Valgerður Brynjólfsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Þorbjörg Helgadóttir	Kaupmannahöfn	Danmörku
Þorleifur Hauksson	Reykjavík	Íslandi
Þórgunnur Snædal	Stokkhólmi	Svíþjóð

Gestir á nafnfræðasviði

Finnbogi Jónsson, Sigurður R. Helgason.

Gestir á orðfræðisviði

Aldís Sigurðardóttir	Kaupmannahöfn	Danmörku
Anna Katrín Þórarinsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Margunn Rauset	Bergen	Noregi
Þorsteinn Indriðason	Bergen	Noregi
Þóra Björk Hjartardóttir	Reykjavík	Íslandi

RIT OG FYRIRLESTRAR STARFSMANNA

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Rit:

- 1) „Fra balladedans til hringbrot og sværddans.“ *Balladdans i Norden*. Symposium i Stockholm 8–9 november 2007. Meddelanden från Svenskt Visarkiv 48. Ritstj. Nanna Stefania Hermansson. Svenskt Visarkiv. Stokkhólmi. Bls. 61–78.
- 2) „Systra þula.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 10–13.
- 3) „A Fornaldarsaga on Stage: From a Mythic Past to a Modern Icelandic Audience.“ *Fornaldarsagerne. Myter og virkelighed*. The Legendary Sagas: Myths and Reality. Studies in the Old Icelandic Fornaldarsögur. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen. Museum Tusulanums Forlag, Kaupmannahöfn.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Um dans og danskvæði.“ Fyrirlestur á námskeiðinu Tilurð og tónsmíðar Þursanna hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, 18. febrúar.
- 2) „Bernskuminningar.“ Sagnakvöld í Straumi. Hafnarfjarðarbær, Viking Circle og sjf menningarmiðlun. 14. febrúar.
- 3) „Gangið hægt um gleðinnar dyr“: um skemmtanasiði Íslendinga fyrr á öldum í tilefni af nýútkominni dansögu Norðurlanda, Norden i Dans. Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða, 24. apríl.
- 4) „Strengleikar: Past and present.“ 22^e congrès de la Société internationale arthurienne, 15.–20. júlí, Rennes.
- 5) „Um *Völsunga sögu* í máli og myndum.“ Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 26. september.
- 6) „Dansmenning fyrri alda.“ Kennslufyrirlestur í námskeiðinu Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi (Þjó 313G), 9. október. Umsjón: Kristín Einarsdóttir.

Ari Páll Kristinsson

Rit:

- 1) „Málræktarfræði.“ *Íslenskt mál* 29:99-124.
- 2) „Stedsnavn på Island – lov og forvaltning.“ *Språk i Norden* 2008:175-184.
- 3) „Den nye islandske rettskrivningsordboka.“ *Nordiske Studier i Leksikografi*. 9. Rapport fra konference om leksikografi i Norden Akureyri 22.-26. maj 2007. Bls. 19-30. Ritstj. Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Jón Hilmar Jónsson. Skrifter udgivet af Nordisk Forening for Leksikografi. Skrift nr. 10. Reykjavík.
- 4) „Iceland’s language technology: policy versus practice.“ Meðhöfundur: Amanda Hilmarsson-Dunn. *Proceedings of the BAAL Annual Conference 2007*. Bls. 43-45. Ritstj. Martin Edwardes. Scitsiugnil Press, London. ISBN 978-0-9559533-0-9. Á geisladiski.
- 5) „Ny språklitteratur / Island.“ *Språk i Norden* 2008:267, 271, 275-277.
- 6) „Í Hofsó.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 17-18.
- 7) „Þrjár doktorsritgerðir sem varða íslenska málræktarfræði.“ *Íslenskt mál* 29:213-215.
- 8) „Norrænir íðorðadagar - Nordterm 2007.“ *Orð og tunga* 10:113-114.

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga* 10/2008. [Í ritnefnd ásamt Ástu Svavarsdóttur, Jóni Hilmari Jónssyni, Svavari Sigmundssyni og Veturliða Óskarssyni.]
- 2) *Språk i Norden* 2008. Tema: Namn. [Í ritnefnd ásamt Hannele Ennab, Rikke E. Hauge, Piu Jarvad, Birgittu Lindgren, Svein Nestor og Charlottu af Hällström-Reijonen.]

Þýðingar:

Íslensk þýðing á útdráttum og kynningartextum um efni allra greina tímaritsins *Språk i Norden* 2008. 6 bls. Veffang: <http://www.nordisk-sprakrad.no/dokumenter/SiN-islandsk.doc>.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Íslandsk språkrøkt.“ Flutt á dagskrá í Norræna húsinu, 12. maí 2008.
- 2) „The ‘overt’ and the ‘covert’ in LPP terminology / Det ‘offentliga’ och det ‘dolda’ inom språkpolitik- och språkvårdsterminologin.“ Internationell konferens: Forskning om språkvård och språkpolitik. Svenska språknämnden. Saltsjöbaden, Stokkhólmi, 9. júní 2008.
- 3) „Replik til Nuolijärvi: om språkdeklarationens mål och importordprojektets resultat.“ Nordisk konference om sprogbrug, sprogholdninger og sprogpolitik. Helsingjæyri, 4. september 2008.
- 4) „Um íslenska örnefnastýringu.“ Málþing tímaritsins *Orðs og tungu*: Nafnfræði í brennidepli. Neskirkju, 24. október 2008.
- 5) „Afskipti af máli.“ Erindi í boði Háskólans á Akureyri í tilefni dags íslenskrar tungu. Háskólanum á Akureyri, 17. nóvember 2008.

Ágústa Þorbergsdóttir

Rit:

„Nýyrði vantar.“ *Skíma* 30,1:22–23. [Ásamt Jóhannesi B. Sigtryggssyni og Jóni Guðmundssyni.]

Ritdómur:

„Umhverfistækni – Íðorðabók.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:209–212.

Ásta Svavarsdóttir

Rit:

- 1) „Staffið er mega kúl.“ Om tilpasning af moderne importord i islandsk skriftsprog. Í: Omdal, Helge, og Helge Sandøy (ritstj.): *Nasjonal eller internasjonal skrivemåte? Om importord i seks nordiske språksamfunn*, 21–48. (Moderne importord i språka i Norden 8.) Novus, Osló.
- 2) Ordbogsbrug og ordbogskultur i Island. Undersøgelse af ordbogsbrug blandt islandske modermållærere. *LexicoNordica* 15:115–134.
- 3) Icelandic. Í: Ammon, Ulrich, og Harald Haarmann (ritstj.). *Sprachen des europäischen Westens / Western European Languages I*, bls. 441–457. (Wieser Enzyklopädie / Wieser Encyclopaedia A-I.). Wieser Verlag, Klagenfurt.

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga* 10/2008. [Í ritnefnd ásamt Ara Páli Kristinssyni, Jóni Hilmarí Jónssyni, Svavari Sigmundssyni og Veturliða Óskarssyni.]
- 2) *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22. – 26. maj 2007. Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi. Skrift nr. 10. I samarbejde med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sprákráðet i Norge. [Ásamt Guðrúnu Kvaran, Gunnlaugi Ingólfssyni og Jóni Hilmarí Jónssyni.]
- 3) Í ritnefnd tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29.

Fyrirlestrar:

- 1) Ordbogsbrug og ordbogskultur i Island — en undersøgelse blandt universitetsstuderende. Málþing NFL og LexicoNordica, Ordbogsbrug i Norden, Kaupmannahöfn 11.–13. janúar 2008. [Ásamt Jóni Hilmarí Jónssyni.]
- 2) Talmál og tilbrigði. Skráning, úrvinnsla, mörkun og setningafræðileg nýting talmálssafna. Málstofan Íslenskan öll? Á Hugvísindapíngi, Reykjavík 5. apríl 2008. [Ásamt Eiríki Rögnvaldssyni.]

Einar G. Pétursson

Rit:

- 1) „Hugleiðingar um Þjóðlendumál.“ *Skessuhorn*. 1.–2. tbl., 11. árg. 2008, bls. 25.
- 2) „Sábínuvík — Nábeinavík.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri* 12. ágúst 2008. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 21–23.

Ritdómur:

„En ny kildeudgave fra Nationalarkivet i Island. *Jón Guðmundsson ritstjóri. Bréf til Jóns Sigurðssonar forseta 1855-1875*. (Redaktør Jón Guðmundsson. Brev til leder Jón Sigurðsson 1855-1875.) Einar Laxness stod for trykning, affattede forord og forklaringer. Reykjavík, Islands Nationalarkiv, 2007. xxxii, 557 sider.“ *Nordisk Arkivnyt*. 53:2 (2008). Bls. 109–110.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Kirknaeignir á fjalllendi. Fyrirlestur haldinn í Snorrastofu í Reykholti á málþinginu „Þjóðlendumál og eignarréttur.“ 8. mars 2008.
- 2) Jón lærði — ævi og störf. Fyrirlestur haldinn í Hjaltalundi á samkomunni „Dagur Jóns lærða“ í Hjaltastaðapínghá sunnudaginn 10. ágúst 2008.
- 3) Tvö skrif um Kötluðraum. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 28. nóv. 2008.

Gísli Sigurðsson

Rit:

- 1) Inngangur, skýringar og skrár í *The Vinland Sagas: The Icelandic Sagas about the First Documented Voyages across the North Atlantic*. Penguin Books 2008.
- 2) „*Hin almælti saga af Guðmundi ríka.“ *Skírnir* 182 (vor 2008):174-193.

- 3) „Orality Harnessed: How to Read Written Sagas from an Oral Culture?“ *Oral Art Forms and their Passage into Writing*. Ritstj. Else Mundal og Jonas Wellendorf. Museum Tusulanum Press, University of Copenhagen 2008. Bls. 20-28.
- 4) „The North Atlantic Expansion.“ *The Viking World*. Ritstj. Stefan Brink og Neil Price. Routledge 2008. Bls. 562-570.
- 5) „Arfur og miðlun: Hugmyndafræði og nýjar rannsóknir.“ *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun*. Ritstj. Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson. Skrudda, Reykjavík 2008. Bls. 138-145.
- 6) „Ættanna kynlega bland: Munnleg geymd og rósavettlingar á Hofsósi.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 26-28.

Ritdómur:

„Margaret Clunies Ross. A History of Old Norse Poetry and Poetics ...“ *Speculum* 2008, bls. 680-682.

Þýðingar:

Ensk þýðing á Virgiles rímum, í *The Virgilian Tradition: The First Fifteen Hundred Years*. Ritstj. Jan M. Ziolkowski og Michael C. J. Putnam. Yale University Press, New Haven 2008. Bls. 881-888. [Ásamt Stephen Mitchell.]

Ritstjórn:

- 1) *Gripla XIX*. [Ásamt Margréti Eggertsdóttur, Svanhildi Óskarsdóttur og Úlfari Bragasyni.]
- 2) *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. [Ásamt Ólöfu Benediktssdóttur og Svanhildi Óskarsdóttur.]

Fyrirlestrar:

- 1) Goðafræðin: Tungumál stjarnfræðinnar. Fyrirlestur í Reykholti 14. janúar 2008.
- 2) Landið, sögurnar og sjálfsmýnd þjóðar. Fyrirlestur á vegum háskólasetsins á Höfn á Nýheimadegi 22. febrúar 2008.
- 3) Om Torfeus sett fra Island. Fyrirlestur í Landsbókasafni Norðmanna í Osló á ráðstefnu vegna útkomu norskrar þýðingar á Noregssögu Þormóðar Torfasonar, 8. apríl 2008.
- 4) Snorre og traditionen. Fyrirlestur við Háskólann í Stavanger, 10. apríl 2008.
- 5) Völuspá as the product of oral tradition: What does that entail? Fyrirlestur á ráðstefnu um Dómsdagsmyndina frá Hólum og Völuspá, á vegum Stofnunar Árna Magnússonar, Þjóðminjasafns Íslands og Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands 2.-3. maí 2008.
- 6) The Island as Vinland. Fyrirlestur á vegum Vínlandsfélagsins á Prince Edward Island, haldinn í Charlottetown Hotel, 7. maí 2008.
- 7) Identity and prosperity. Fyrirlestur við Háskólann á Prince Edward Island í Kanada, 8. maí 2008.
- 8) Mynd ritheimilda af landnámi og uppruna landnámsmanna. Fyrirlestur á ráðstefnu um Landnám í Rangárþingi, sem haldin var á vegum Lærdómssetursins á Leirubakka 6.-8. júní 2008.
- 9) Origins and culture. Fyrirlestur á ráðstefnu um Pathways to the Past á vegum Háskólans í Nottingham, 21. júní 2008.
- 10) How are texts used? Fyrirlestur á ráðstefnu Háskólans í Stavanger um Vikingtid/muntlighetens historie, 26.-28. september 2008.

- 11) Mentale kart: De muntlige overleveringer i sagaerne. Fyrirlestur við Háskólann í Stavanger 29. september 2008.
- 12) Where was Vinland? Tveir fyrirlestrar í boði félaga Íslendinga og Norðmanna í Minneapolis, október 2008.
- 13) Poet, Singer of Tales, Storyteller and Author. Fyrirlestur á ráðstefnu um Tradition and the Individual Talent á vegum Háskólans í Bergen, 17.-19. nóvember 2008.
- 14) Myth as Encoded Knowledge about the World. Fyrirlestur á ráðstefnu um Myth and Memory in Old Norse Culture á vegum Háskólans í Árósum 20.-21. nóvember 2008.

Guðrún Ása Grímsdóttir

Rit:

- 1) *Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hítardal*. I-II. I. bindi: Texti. II. bindi: Registor. Myndir úr ættartöluhandritum. Um ættartöluhandrit seinni alda og bókiðju séra Þórðar í Hítardal. (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rit 70). Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfu. Reykjavík 2008.
- 2) „Úr norðlenskri ættartölubók.“ Guðrún Ása Grímsdóttir tindi saman. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttir fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík 2008. Bls. 29–30.

Erindi:

„Um útgáfu ættfræðihandrita.“ – Málþing um neftóbaksfræði á vegum ReykjavíkurAkademíunnar, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samstarfi við ORG ættfræðipjónustuna ehf. í fyrirlestrasal Þjóðarbóklöðunnar 10. maí 2008.

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Tónlistararfleið Þórðar biskups.“ Menntun og menning í Skálholtsstifti 1620-1730. Skálholtsskóla 17.–19. október 2008.
- 2) „Sungið fyrir Himnasmiðinn: Flutningur helgikvæða á miðöldum og tilvera sálmsins í handritum skrifuðum eftir siðaskiptin.“ Kolbeinn Tumason og sálmur hans. Málþing á Hólum 29.–31. ágúst 2008.

Guðrún Kvaran

Rit:

- 1) Biblía 21. aldar. 2008. Aðdragandi – verklag – athugasemdir. *Studia theologica Islandica*. 26:41-76.
- 2) Nýrri biblíupýðingu lokið. 2008. Verklag og viðbrögð. *Glíman. Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* 5:9–59.
- 3) „Rangvella sive Idiomatica Rangvellensium“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:141–165.
- 4) Første skridt til en officiel islandske sprogpøolitik. *Nog ordat?* Festskrift til Sven-Göran Malmgren den 25 april 2008. Meijerbergs arkiv för svensk ordforskning 34:218-224. Göteborg.

- 5) Glemte og genopvakte navne fra sagaerne i nutidens navngivning. „Vi skal alla vara velkomna!“ *Nordiska studier tilägnade Kristinn Jóhannesson*. Mejerbergs arkiv för svensk ordforskning 35:175–186.
- 6) Heyló. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 35–38.
- 7) Nye tendenser i islandsk navngivning — hvorfor? *Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Nordiska namn — Namn i Norden. Tradition och förnyelse*. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007. Bls. 189–198. NORNA-rapporter 84. NORNA-Förlaget, Uppsala 2008.
- 8) En ny tysk-islandsk ordborg. Metode og problemer. [Ásamt Heimi Steinarssyni.] *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22.–26. maj 2007. Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi. Skrift nr. 10. Bls. 181–194. Samarbejde med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sprákrádet i Norge.
- 9) Geschichte der Nachnamen in Island. *Zunamen/Surnames*. Ritstj. Silvio Brendler. Heft II. S. 113-123.

Alls skrifaði Guðrún 78 svör fyrir Vísindavefinn árið 2008 (<http://visindavefur.is>) og nú pistla fyrir Orð vikunnar (www.arnastofnun.is)

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga* 10/2008.
- 2) *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22.–26. maj 2007. Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi. Skrift nr. 10. I samarbejde med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sprákrádet i Norge. [Ásamt Ástu Svavarsdóttur, Gunnlaugi Ingólfssyni og Jóni Hilmari Jónssyni.]
- 3) *Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Nordiska namn — Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007*. NORNA-rapporter 84. NORNA-Förlaget, Uppsala 2008. [Ásamt Hallgrími Ámundasyni, Jónínu Hafsteinsdóttur og Svavari Sigmundssyni.]
- 4) Í ritnefnd tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „... orðasöfnunin er andleg grasatínsla ...“. Um orðasöfnun úr mæltu máli. Erindi flutt á 22. Rask-ráðstefnunni í stofu 101 í Háskólatorgi 26. janúar 2008.
- 2) Biblía 21. aldar. Arfur og endurnýjun. Fyrirlestur haldinn hjá Hvítabandinu að Hallveigarstöðum 6. febrúar 2008.
- 3) Biblía 21. aldar – gamlar rætur, nýir tímar. Fyrirlestur haldinn í boði Glerárkirkju, Akureyri, miðvikudaginn 13. febrúar 2008.
- 4) Biblía 21. aldar. Verklag og viðtökur. Fyrirlestur haldinn hjá Félagi íslenskra fræða í Odda 6. mars 2008.
- 5) Orðasöfnunarævintýri Þórbergs. Fyrirlestur fluttur í Þórbergsstofu í Hátíðasal Háskóla Íslands 9. mars 2008. [Ásamt Gunnlaugi Ingólfssyni.]
- 6) Biblían, sjálfstæðisbaráttan og nafngjafir á 18., 19. og 20. öld. Hugvísindapung 4.–5. apríl 2008.
- 7) Áhyggjur orðasafnarans. Fyrirlestur fluttur á hátíðarsamkomu í hátíðarsal Íþróttahúss Álftaness 4. október 2008.

- 8) Orðabókarmaðurinn Konráð Gíslason. Fyrirlestur haldinn á málþinginu „Konráð Gíslason 1808-1891“ 11. október 2008 í Þjóðarbókhöllu á vegum Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.
- 9) Götum skal nafn gefa. Erindi flutt á málþinginu „Nafnfræði í brennidepli“ í safnaðarheimili Neskirkju 24. nóvember 2008.
- 10) The Icelandic Language in Business and Commerce in Iceland. Fyrirlestur haldinn á ársfundi EFNIL (European Federation of National Institutes for Language) í Lissabon 13. nóvember 2008.
- 11) Fyrsta íslenska málstefnan – aðdragandi og skipulag vinnu. Erindi haldið á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2008 í hátíðasal Háskóla Íslands.
- 12) Forslag til en ny islandsk sprogpolitik. Fyrirlestur haldinn 6. desember 2008 á málþinginu „Internordisk kommunikation og nordisk sprogpolitik“ í samvinnu við Nordisk ministerråd. Málþingið var eitt af mörgum á ráðstefnunni „Cultures in translation. Nordic Network for Intercultural Communication NIC 2008“ sem haldin var dagana 4.–6. desember 2008.
- 13) Nordisk sprogforståelse — hvor står vi, hvad kan vi gøre? Fyrirlestur haldinn í boði Nordisk ministerråd í Kaupmannahöfn 10. desember 2008 í tengslum við fund samstarfsráðherra Norðurlanda.

Guðvarður Már Gunnlaugsson

Rit:

- 1) „The origin and the development of Icelandic script.“ *Régionalisme et Internationalisme. Problèmes de Paléographie et de Codicologie du Moyen Âge. Actes du XVe Colloque du Comité International de Paléographie Latine (Vienne, 13-17 septembre 2005)*, bls. 87–94. Otto Kresten og Franz Lackner (ritstj.). Veröffentlichungen der Kommission für Schrift- und Buchwesen des Mittelalters. Reihe IV, Band 5. Österreichische Akademie der Wissenschaften. Philosophisch-historische Klasse. Denkschriften, 364. Band. Verlag der Österreichischen Akademie der Wissenschaften, Wien.
- 2) „Rósa & Þorsteinsdóttir.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 38–41.

Ritstjórn:

Í ritnefnd tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Reading and Writing in Medieval Iceland. – Fyrirlestur fluttur á XVIe Colloque international (Enseigner l'écriture, apprendre à écrire – Teaching Writing, Learning to Write) sem haldið var á vegum Comité International de Paléographie Latine í Institute of English Studies, University of London í London 4. september 2008.
- 2) Periodisk inndeling af islandsk skrift. Fyrirlestur fluttur á Nordisk bokhistorisk konferanse (Bøker og boksamlinger i Norden i et tusenårsperspektiv) sem Nasjonalbiblioteket hélt í Osló, 30. október 2008.

Gunnlaugur Ingólfsson

Rit:

‘Þurraþóf’ þæft af Gunnlaugi Ingólfssyni. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.

Gunnlaugur skrifaði níu pistla fyrir Orð vikunnar (www.arnastofnun.is).

Ritstjórn:

- 1) *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22.–26. maj 2007. Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi. Skrift nr. 10. I samarbejde med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sprákrádet i Norge. [Ásamt Ástu Svavarsdóttur, Guðrínu Kvaran og Jóni Hilmari Jónssyni.]
- 2) Í ritnefnd tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Tvær ritgjörðir eftir Sveinbjörn Egilsson. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 4. janúar 2008.
- 2) ‘Rask og Fjölur’ eftir Sveinbjörn Egilsson. 22. Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði, 26. janúar 2008.
- 3) Fjölnefndarsetningin: upphaf, viðtök, afdrif. Hugvísindafundur 3. og 4. apríl 2008.
- 4) Um stafsetningarhugmyndir Konráðs Gíslasonar. Málþing í minningu Konráðs Gíslasonar 1808–1891, haldið 11. október 2008 að tilhlutan Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Íslenska málfræðifélagsins.

Halldóra Jónsdóttir

Rit:

ISLEX – an Icelandic-Scandinavian Multilingual Online Dictionary. *Ráðstefnurit EURALEX*. Barcelóna 2008. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur, Lars Trap-Jensen, Önnu H. Hannesdóttur, Aldísi Sigurðardóttur og Hákan Jansson.]

Ritstjórn:

Dönsk-íslensk lögfræðiorðabók. Orðasafn unnið í samvinnu við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. www.snara.is.

Fyrirlestrar:

- 1) ISLEX-orðabókin. Kynnt fyrir sendiherra Noregs, Margit Tveiten, 28. janúar 2008. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]
- 2) ISLEX – Íslensk-skandinavísk veforðabók. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1. febrúar 2008. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]
- 3) ISLEX-orðabókin. Kynnt fyrir sendiherra Frakklands, Olivier Mauvisseau, þann 28. febrúar 2008. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]
- 4) ISLEX – an Icelandic-Scandinavian Multilingual Online Dictionary. 13. ráðstefna EURALEX, samtaka orðabókarmanna í Evrópu, Barcelóna, 16. júlí 2008. [Ásamt

- Þórdísi Úlfarsdóttur, Lars Trap-Jensen, Önnu H. Hannesdóttur, Aldísi Sigurðardóttur og Hákan Jansson.]
- 5) ISLEX – Íslensk-skandinavisk webordbog. Erindi á ráðstefnunni Internordisk kommunikation og nordisk sprogpolitik (Seminar i samarbejde med Nordisk Ministerråd), 6. desember 2008. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]

Hallgrímur J. Ámundason

Rit:

„Skerjalákur frá Hólmi, Mosfellssveit og íslensk örnefni.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.

Ritstjórn:

Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Nordiska namn — Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007. NORNA-rapporter 84. NORNA-Förlaget, Uppsala 2008. [Ásamt Guðrúnu Kvaran, Jónínu Hafsteinsdóttur og Svavari Sigmundssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

Óformleg örnefni. Fyrirlestur fluttur á málþingi *Orðs og tungu*, Nafnfræði í brennidepli, 24. október 2008 í Safnaðarheimili Neskirkju.

Haraldur Bernharðsson

Rit:

- 1) Den islandske navnelov. *Språk i Norden* 2008:59–73.
- 2) *Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*. Rit 38. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík. [Ásamt Guðrúnu Kvaran, Sigríði Sigurjónsdóttur, Steinunni Stefánsdóttur, Þórarni Eldjárn o.fl.]
- 3) Til Hofsósar. Um tilbrigði í eignarfalli nokkurra samsettra örnefna. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 48–51.
- 4) Lokal markerethed i islandske stednavne. Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson (ritstj.): *Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Hefðir og endurnýjun. Nordiska namn – Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007*, bls. 205–15. NORNA-rapporter 84. NORNA-förlaget, Uppsala, 2008.

Ritstjórn:

Íslenskt mál og almenn málfræði, 29. árgangur, 2007. [Ásamt Höskuldi Þráinssyni prófessor.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Íslensk málstefna: leitin að aðalatriðunum.“ Erindi á íslenskuhátíð Mímis, félags stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2008.

- 2) „Íslenska til alls. Nokkrir megindrættir í tillögum Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu.“ Erindi á Málræktarþingi Íslenskrar málnefndar, menntamálaráðuneytis og Mjólkursamsölunnar á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2008.
- 3) „An Electronic Edition of the Codex Regius of the Poetic Edda.“ Erindi á Philtag n=“7” — Communicating eHumanities: Archives, Text centres, Portals, Universitát Trier, 13.–14. október 2008.
- 4) „Hvernig tryggjum við framtíð íslenskrar tungu í alþjóðlegu viðskiptalífi á Íslandi?“ Erindi á málþingi Íslenskrar málnefndar, Viðskiptaráðs, Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og viðskiptadeildar Háskólans um íslensku í viðskiptalífinu í Reykjavík 23. september 2008.
- 5) „Málbreytingar og stafsetning í miðaldahandritum.“ Erindi á málstofu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2. maí 2008.
- 6) „Hvernig tryggjum við framtíð íslenskrar tungu í alþjóðlegu háskólasamfélagi á Íslandi?“ Erindi á málþingi Íslenskrar málnefndar og Háskólans á Akureyri um íslensku í háskólum 11. apríl 2008.
- 7) „Hvernig tryggjum við framtíð íslenskrar tungu í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi?“ Erindi á málþingi Íslenskrar málnefndar og Alþjóðahúss um íslensku sem annað mál 28. mars 2008.
- 8) „Verður íslenska brátt ónothæf í vísindasamfélaginu á Íslandi?“ Erindi á málþingi Íslenskrar málnefndar og Vísindafélags Íslendinga um málnotkun í vísindum og fræðum 15. febrúar 2008.

Jóhannes B. Sigtryggsson

Rit:

„Nýyrði vantar.“ *Skíma* 30,1:22-23. [Ásamt Ágústu Þorbergsdóttur og Jóni Guðmundssyni.]

Jón Hilmar Jónsson

Rit:

Lemmatísing og tilgangsstruktur. *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden Akureyri 22.–26. maj 2007. Bls. 267–279.

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga* 10/2008. [Í ritnefnd ásamt Ástu Svavarsdóttur, Ara Páli Kristinssyni, Svavari Sigmundssyni og Veturliða Óskarssyni.]
- 2) *Nordiske studier i leksikografi* 9. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22.–26. maj 2007. Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi. Skrift nr. 10. I samarbejde med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Sprákráðet i Norge. [Ásamt Ástu Svavarsdóttur, Guðrúnu Kvaran og Gunnlaugi Ingólfssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Ordbogsbrug og ordbogskultur i Island. – Málþing á vegum Norræna orðabókafræðifélagsins og tímaritsins *LexicoNordica* 13. janúar 2008.

- 2) Semantiskt ordnät på fraseologisk grundval. Om uppbyggnaden av Íslenskt orðanet. – Málstofa á vegum Institutionen för svenska språket við Gautaborgarháskóla 27. febrúar 2008.
- 3) Lemmatisation of Multi-word Lexical Units: Motivation and Benefits. – Málþing á vegum Centre for Lexicography við Árósaháskóla undir yfirskriftinni Lexicography at a Crossroads 19.-21. maí 2008.
- 4) Tekist á við orðaforðann. Íslenskt orðanet, gerð þess og grundvöllur. – Fræðslufundur Félags íslenskra fræða 11. september 2008.

Jónína Hafsteinsdóttir

Rit:

„Smalað til Haukabergsréttar.“ *Árbók Barðastrandarsýslu*, 19. árg. 2008, bls. 142-154.

Ritstjórn:

Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Nordiska namn — Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007. NORNA-rapporter 84. NORNA-Förlaget, Uppsala 2008. [Ásamt Guðrúnu Kvaran, Hallgrími J. Ámundasyni og Svavari Sigmundssyni.]

Kristín Bjarnadóttir

Fyrirlestur:

Gryfon, Fofnir og Fáfmir. Tilraun til vélrænnar breytingar í stafréttum texta í nútímamáltexta. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 31. október 2008.

Kristján Eiríksson

Ritstjórn:

- 1) *Són – tímarit um óðfræði*, 6. hefti. [Ásamt Rósu Þorsteinsdóttur og Þórði Helgasyni.]
- 2) Í ritstjórn *La Tradukisto*. Út kom eitt hefti á árinu.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Ljóðmæli Einars í Eydölum og útgáfur bundins máls á lærdómsöld. – Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða 21. febrúar 2008.
- 2) Einn bragarháttur. Um sálm Kolbeins Tumasonar, Heyr himna smiðr. – Málþing á Hólum í Hjaltadal 29.–31. ágúst 2008.
- 3) Bragi, a database of Icelandic metrical forms. – Special session on databases and technology. [Ásamt Þórði Helgasyni.] Greinir skáldskapar – the Branches of Poetry. An international conference on metrics, organised by the Nordic Society for Metrical Studies in cooperation with the University of Iceland and the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies, Reykjavík – Reykholti 18.–21. júní 2008.

Þýðingar:

Eftirfarandi ljóðum í *Brevis commentarius de Islandia* í íslenskri lausamálsþýðingu Einars Sigmarssonar snúið í bundið mál samkvæmt frumbrag á latínu: 1. Frá höfundu til lesara

eftir Arngrím lærða, bls. 67–69, Epigramm: Til Arngríms Jónssonar, hins mætasta samlanda eftir Sigurð Stefánsson Íslending, bls. 259–260, og Annað epigramm: Ættjörðin ávarpar höfundinn eftir Guðmund Einarsson Íslending, bls. 261–262. (Sjá *Brevis commentarius de Islandia*. Stutt greinargerð um Ísland. Sögufélag. Reykjavík 2008.)

Margrét Eggertsdóttir

Rit:

- 1) The Anomalous Pursuit of Love in *Kormaks saga*. *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland*. Essays in Honor of Marianne Kalinke. Ed. by Kirsten Wolf and Johanna Denzin, bls. 81–111. *Islandica LIV*. Cornell University Library, Íþöku.
- 2) Luther-inspireret salmedigtning i yngre islandske håndskrifter. *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv*, bls. 120–125. Sven-Åke Selander og Karl-Johan Hansson (ritstj.). Arcus förlag, Lund.
- 3) Sautjándu aldar sólarýn. *Glíman. Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* (5), bls. 217–236. Ritstj. Egill Arnarson o.fl. Grettisakademía, Reykjavík.

Dýðingar:

Walter Benjamin. Orð og skrift í barokkinu. *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla*. Ritstjóri Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Háskólaútgáfan, Reykjavík. [20 bls.]

Ritstjórn:

Gripla XIX. [Ásamt Gísla Sigurðssyni, Svanhildi Óskarsdóttur og Úlfari Bragasyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Krossferli að fylgja þínum ...“ Stutt erindi haldið á málþinginu Þíslarganga í listum sem haldið var í Háteigskirkju 1. mars.
- 2) „Hallgrímur Pétursson and his literary context“. Boðsfyrirlestur haldinn á vegum Anglican-Lutheran Society á dagskránni Hallgrímsdagur í Lundúnum 8. mars.
- 3) „Handritamiðstöðin í Skálholti“. Fyrirlestur á ráðstefnunni Menntun og menning í Skálholtsstifti 1620–1730 sem haldin var í Skálholti 17.–19. október.
- 4) Nyere forskning i skandinavisk 1600-tallets litteratur. Fyrirlestur á námskeiði fyrir doktorsnema á vegum Georg-Brandes skolen sem haldið var í Basel 11.–13. nóvember.
- 5) Fixity and Fluidity in the transmission of Hallgrímur Pétursson’s poetry. Fyrirlestur haldinn á ráðstefnunni Rhetorik des Buches sem haldin var í Basel 13.–15. nóvember.

Ólafur Halldórsson

Rit:

Prestsdóttirin frá Gaulverjabæ. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 80-82.

Ólöf Benediktsdóttir

Rit:

- 1) Feneyskar þjóðsögur. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 83-85.
- 2) Fræðasamfélög. *Bókasafnið* 32, bls. 27-32.

Ritstjórn:

Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Svanhildi Óskarsdóttur.]

Rósa Þorsteinsdóttir

Ritdómur:

„Íslensk og ólensk ævintýri. Eiríkur Laxdal: Ólandssaga. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík, 2006.“ *Tímarit Máls og menningar*, 2008/1:131-135.

Ritstjórn:

Són. Tímarit um óðfræði. 6. hefti. [Ásamt Kristjáni Eiríkssyni og Þórði Helgasyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Þjóðtrú tengd nýári og þrettánda – Fundur hjá Kvæðamannafélaginu Iðunni 4. janúar.
- 2) Munnleg kvæða- og þjóðlagahefð – Tilurð og tónsmíðar Þursanna, námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, 14. febrúar.
- 3) Íslensk hljóðfæri – Tilurð og tónsmíðar Þursanna, námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, 25. febrúar.
- 4) Rannsóknir og miðlun á íslenskum tónlistararfi. – Tilurð og tónsmíðar Þursanna, námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, 25. febrúar.

Sigrún Helgadóttir

Rit:

- 1) Morphological Tagging of Old Norse Texts and Its Use in Studying Syntactic Variation and Change. Í 2nd *Workshop on Language Technology for Cultural Heritage Data*, bls. 40-46. LREC 2008 workshop. Marrakech. http://www3.hi.is/~eirikur/Tagging_ON.pdf. [Ásamt Eiríki Rögnvaldssyni.]
- 2) A Mixed Method Lemmatization Algorithm Using a Hierarchy of Linguistic Identities (HOLI). Í Nordström, Bengt, and Arne Ranta (ritstj.): *Advances in Natural Language Processing*, bls. 205-216. (Lecture Notes in Computer Science, Vol. 5221.) Springer, Berlin. <http://www.springerlink.com/content/h530q7157285563u/fulltext.pdf>. [Ásamt Antoni Karli Ingasyni, Hrafni Loftssyni og Eiríki Rögnvaldssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Mörkuð íslensk málheild. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 23. maí 2008. [Ásamt Eyrúnu Valsdóttur og Antoni Karli Ingasyni.]

- 2) Mörkuð íslensk málheild kynnt á Gervigreindarhátíð í Háskólanum í Reykjavík 15. nóvember 2008.
- 3) Fyrirlestur 14. apríl 2008 á vegum námskeiðsins Íðorðafræði (05.02.61) í Háskóla Íslands.

Sigurgeir Steingrímsson

Fyrirlestur:

En glimt av isländsk bokhistoria – Seminar for nordiske boghistorikere. Kaupmannahöfn (Schæffergården og Det kgl. Bibliotek) 10.-11. janúar 2008.

Svanhildur Óskarsdóttir

Rit:

- 1) „Arctic Garden of Delights: The Purpose of the Book of Reynistaður.“ *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland: Essays in Honor of Marianne Kalinke*. Ritstj. Kirsten Wolf og Johanna Denzin. *Islandica LIV*. Cornell University Library, Íþöku. Bls. 279-302.
- 2) „Hetjusögur úr Gyðingalandi. Biblíupýðingar í íslenskum miðaldahandritum.“ *Ritröð Guðfræðistofnunar* 26 (2008): 9-25.

Ritdómur:

„Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages. Volume VII: Poetry on Christian Subjects. Parts 1-2. Edited by Margaret Clunies Ross.“ *Scripta Islandica* 59 (2008).

Ritstjórn:

- 1) *Gripla XIX*. [Ásamt Gísla Sigurðssyni, Margréti Eggertsdóttur og Úlfari Bragasyni.]
- 2) *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Ólöfu Benediktsdóttur.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Guðmundur Arason og Kolbeinn Tumason í meðförum Arngríms Brandssonar. Kolbeinn Tumason og sálmur hans — málþing á Hólum í Hjaltadal 29.-31. ágúst 2008. [Útvarpað á Rás 1 Ríkisútvarpsins 30. september 2008.]
- 2) Work in progress: The making of Reynistaðarbók (AM 764 4to). Tradition and the Individual Talent: Modes of Authorship in the Middle Ages. Centre for Medieval Studies, Bergen, 17.-19. nóvember 2008.

Svavar Sigmundsson

Rit:

- 1) Varifrán kom ortnamnen till Island? „Vi ska alla vara välkomna!“ *Nordiska studier tillägnade Kristinn Jóhannesson*. Ritstj. Auður G. Magnúsdóttir, Henrik Janson, Karl G. Johansson, Mats Malm, Lena Rogström. Göteborg. Bls. 155–164.

- 2) Cultural Landscape in Iceland. *Símunarbók. Heiðursrit til Símun V. Arge á 60 ára degnum 5. september 2008*. Ritstjórn: Caroline Paulsen og Helgi D. Michelsen. Fróðskapur – Faroe University Press, Tórshavn 2008. Bls. 216–221.
- 3) Dictionary of Icelandic Place Names. *Proceedings of the 21st International Congress of Onomastic Sciences. Uppsala 19–24 August 2002*. Uppsala. Bls. 172–177.

Örnefni mánaðarins á heimasíðu Árnastofnunar janúar–desember, www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefni_manadarins_2008. (Jarlhettur, Smalaskáli, Elliðaár, Bjalli, Brellur, Hindisvík, Hvítabjarnar-örnefni, Skorbeinn, Silfur-örnefni, Kreppa, Myrká, Skáld-örnefni.)

Alls skrifaði Svavar sjö svör á Vísindavefnum (<http://visindavefur.is>) og samdi spurningar um örnefni (Íslenskt mál) sem birtust í þættinum Vítt og breitt í Ríkisútvarpinu aðra hverja viku.

Þýðingar:

Heimferð um Ísland. Grein eftir Steffen Stumman Hansen í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2006–2007*, bls. 93–114.

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga 10*. [Í ritnefnd ásamt Ara Páli Kristinssyni, Ástu Svavarsdóttur, Jóni Hilmari Jónssyni og Veturliða Óskarssyni.]
- 2) *Norræn nöfn — Nöfn á Norðurlöndum. Nordiska namn — Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes 11–14 augusti 2007*. NORNA-rapporter 84. NORNA-Förlaget, Uppsala 2008. [Ásamt Guðrúnu Kvaran, Hallgrími J. Ámundasyni og Jónínu Hafsteinsdóttur.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Um íslenskar bænabækur. Neskirkja 16. apríl.
- 2) Den offentlige stedsnavnnormering på Island. Fellesmøte Statens Kartverk og Stedsnavntjenesten i Språkrådet i Oslo 18. september.
- 3) Örnefni og örnefnasöfnun. Félagsmiðstöðin Aflagrandá 40 22. október.
- 4) Um örnefnaskýringar. Málþing *Orðs og tungu* um nafnfræði í Safnaðarheimili Neskirkju 24. október.

Sverrir Tómasson

Rit:

- 1) Mírmanns saga: The First Old Norse-Icelandic Hagiographical Romance? Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland. Essays in Honor of Marianne Kalinke. *Islandica* LIV:319–335. Ritstj. Kirsten Wolf og Johanna Denzin. Cornell University Library, Íþöku.
- 2) Hvað skrifaði Sæmundur fróði? Konunga ævi eða veraldarsögu? *Í garði Sæmundar fróða*. Bls. 47–59. Ritstj. Gunnar Harðarson og Sverrir Tómasson. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- 3) Jarteinir á Þingvelli. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 95–96.

Ritstjórn:

- 1) *Í garði Sæmundar fróða*. Ráðstefnurit. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands 2008.

- 2) Íritnefnd *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*. Register. Band 1 & 2 (2008).

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) The textual problems of Njáls saga. One work or two? On editing Old Scandinavian Texts: Problems and Perspectives. University of Trento 14th/15th February 2008.
- 2) Frá upphafi íslenskrar textafræði. Útgáfur Konráðs Gíslasonar á íslenskum fornritum. Konráðsþing 11. okt. 2008. Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- 3) Höfundr – skáld. Author – compiler – scribe in Old Norse Literature. Tradition and the individual talent. Modes of Authorship in the Middle Ages. Björgvin 17.–19. nóvember 2008. Centre for Medieval Studies. Universitet i Bergen.

Úlfar Bragason

Rit:

- 1) „*Mirsa-vitran*: Rímur kveðnar af Hólmsfríði Indriðadóttur á Hafralæk.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri*, 12. ágúst 2008. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 97–100.
- 2) „Sturla Þórðarson on Love.“ *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland: Essays in Honor of Marianne Kalinke*. *Islandica* 54. Ritstj. Kirsten Wolf og Johanna Denzin. Cornell University Library, Íþöku. Bls. 111–134.

Ritstjórn:

Gripla XIX. [Ásamt Gísla Sigurðssyni, Margréti Eggertsdóttur og Svanhildi Óskarsdóttur.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Flugumýrabrenna.“ Hugvísindapöng, Háskóla Íslands, 4.–5. apríl 2008.
- 2) „The New Adam and the Icelandic immigrants.“ Triennial NACS Conference Tromsø, 6.–9. ágúst 2008.
- 3) „The Emigration to the New World: A successful advertising campaign?“ Man, Culture and Nature in Canada and Iceland, University of Manitoba – University of Iceland, 2008 Partnership Conference, Háskóla Íslands, 28.–29. ágúst 2008.
- 4) „Jon and Thora’s Story.“ Halldorson – Benson Reunion, Chicago, 11. júlí 2008.
- 5) „Iceland Then and Now.“ Halldorson – Benson Reunion, Chicago, 12. júlí 2008.

Vésteinn Ólason

Rit:

- 1) *Ég tek það gilt. Greinar um íslenskar bókmenntir á 20. öld*. Mál og menning, Reykjavík. 295 bls. [Formáli bls. 7-17. Greinarnar hafa birst áður en eru hér lítillga endurskoðaðar og frágangur samræmdur.]
- 2) Benedikt Gröndal som norrønfilolog. “*Vi ska alla vara välkomna!*” *Nordiska studier tillägnade Kristinn Jóhannesson*. Ritstj. Auður Magnúsdóttir, Henrik Jansson, Karl G. Johansson, Mats Malm og Lena Rogström. Meijerbergs arkiv för svensk ordforskning. Ritstj. Bo Ralph, 35. Göteborg 2008. Bls. 319-333.

- 3) Snorri Sturluson – tiden, mannen og verket. *Høvdingen. Om Snorre Sturlasons liv og virke*. Ritstj. John Ole Askedal og Klaus Johan Myrvoll. Oslo. Vidarforlaget 2008. Bls. 21-40.
- 4) Rödd og rit. *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 101-103.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Fyrsti andmælandi við doktorsvörn Bergsveins Birgissonar við háskólann í Bergen um ritið: *Inn í skaldens sinn: kognitive, estetiske og historiske skatter i den norrøne skaldediktningen*. 29. febrúar.
- 2) Völuspá and Time – Now, Before, and After. *A Nordic Apocalypse: The Hólar Judgement Day and Völuspá*. Ráðstefna haldin í samstarfi Guðfræðistofnunar, Stofnunar Árna Magnússonar og Þjóðminjasafns. Þjóðminjasafni 2. maí.

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova)

Rit:

- 1) „Egill Skalla-Grímsson: A Viking Poet As A Child And An Old Man.“ *Youth and Age in the Medieval North*. Ritstj. Shannon Lewis-Simpson. (The Northern World, 42.) Brill, Leiden og Boston, 2008. Bls. 285–304.
- 2) „Barnagælur og barnafætur.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 104–106.
- 3) „Íslenskar þulur og færeysk skjaldur: er allt sama tóbakið?“ *Frændafundur 6: Fyrirlestrar frá fýroyskari-íslenskari ráðstevnu í Tórshavn 26.–28. juni 2007*. Ritstj. Turið Sigurðardóttir og Magnús Snædal. Tórshavn, Fróðskapur, 2008. Bls. 175–199.

Þórður Ingi Guðjónsson

Rit:

- 1) Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson. *Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 2008 [útgáfuár 2007].
- 2) Útgáfa á tveimur gerðum *Tómas sögu postula* (með lesbrigðum og skýringum), bls. 291-328, ásamt inngangi (6. kafli bókarinnar), bls. 106-223.
- 3) „Útgefandi kemur í leitirnar.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 107-108. [Um útgefanda postulasagna, Viðey 1836.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Tómas saga postula: Frá Sýrlandi til Íslands.“ – Málstofa á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 29. febrúar 2008.
- 2) „Arfur Tómasar postula.“ – Guðspekifélaginu, 10. október 2008.
- 3) „Tómasarkristni frá Sýrlandi til Íslands.“ – Guðspekifélaginu, 28. nóvember 2008.

Þórdís Úlfarsdóttir

Rit:

ISLEX – an Icelandic-Scandinavian Multilingual Online Dictionary. *Ráðstefnurit EURALEX*. Barcelona 2008. [Ásamt Lars Trap-Jensen, Önnu H. Hannesdóttur, Aldísi Sigurðardóttur, Halldóru Jónsdóttur og Hákan Jansson.]

Fyrirlestrar:

- 1) ISLEX-orðabókin. Kynnt fyrir sendiherra Noregs, Margit Tveiten, 28. janúar 2008. [Ásamt Halldóru Jónsdóttur.]
- 2) ISLEX – Íslensk-skandinavísk veforðabók. Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1. febrúar 2008. [Ásamt Halldóru Jónsdóttur.]
- 3) ISLEX-orðabókin. Kynnt fyrir sendiherra Frakklands, Olivier Mauvisseau, 28. febrúar 2008. [Ásamt Halldóru Jónsdóttur.]
- 4) ISLEX – an Icelandic-Scandinavian Multilingual Online Dictionary. 13. ráðstefna EURALEX, samtaka orðabókarmanna í Evrópu, Barcelona, 16. júlí 2008. [Ásamt Lars Trap-Jensen, Önnu H. Hannesdóttur, Aldísi Sigurðardóttur, Halldóru Jónsdóttur og Hákan Jansson.]
- 5) ISLEX – Íslensk-skandinavísk webordbog. Erindi á ráðstefnunni Internordisk kommunikation og nordisk sprogpolitik (Seminar i samarbejde med Nordisk Ministerråd), 6. desember 2008. [Ásamt Halldóru Jónsdóttur.]

Þórunn Sigurðardóttir

Rit:

- 1) „Tvær ritgerðir um skáldskap í Kvæðabók úr Vigur (AM 148 8vo).“ Þórunn Sigurðardóttir bjó til prentunar. *Gripla XIX* (2008).
- 2) „„Dilla mér, drottinn góður, með dúfufjöðrum þín.“ Andvökubæn þeirrar manneskju sem ekki getur sofið.“ *Rósaleppar þæfðir Rósu Þorsteinsdóttur fimmtugri 12. ágúst 2008*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík. Bls. 109–112.
- 3) „Katekespsalmer í ísländska handskrifter“. *Martin Luthers psalmer i de nordiska folkens liv. Ett projekt inom forskarnätverket Nordhymn*, bls. 305. Sven-Åke Selander og Karl-Johan Hansson (red). Arcus förlag, Lund.

Fyrirlestur:

„A sojourner for breeding sake.“ Um Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda og Skálholtsakademíuna á tíunda áratug 17. aldar. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni Menntun og menning í Skálholtsstifti 1620–1730, sem haldin var í Skálholti 17.–19. október 2008.

VIÐAUKI 1

REGLUGERÐ

um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

1. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin hefur nán tengsl við Háskóla Íslands, m.a. þar sem hún varðveitir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi fyrir hönd Háskóla Íslands. Stofnunin starfar náið með Háskóla Íslands í samræmi við samstarfssamning, sbr. 7. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skal varðveita og sjá um handrit og skjalagögn sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971, um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknnum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Verkefni stofnunarinnar eru einkum þessi:

a. *Varðveisla, öflun og skráning.*

Varðveisla, öflun og skráning mikilvægra frumgagna og afrita; handrita, skjala, hljóðritana, orðasafna, örnefnasafna o.fl. Stofnunin safnar þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaforða. Stofnunin ábyrgist öryggi, afritun og forvörslu efnisins.

b. *Rannsóknir.*

Stofnunin vinnur að rannsóknum á einkennum, sögu, texta og efni handrita; á þjóðfræðafni; á sögulegum heimildum; á íslenska orða- og nafnaforðanum og sögu hans; á samtímamálinu; og að rannsóknum á sviði íslenskrar menningar að fornu og nýju. Stofnunin sinnir ýmsum tungutækni- og iðorðafræðilegum verkefnum.

c. *Ráðgjöf og miðlun þekkingar.*

Stofnunin miðlar þekkingu á íslenskri tungu.

Málfarsráðgjöf og leiðbeiningar hennar miða að eflingu og varðveislu íslenskrar tungu í ræðu og riti og skulu byggðar á fræðilegum grundvelli. Stofnunin veitir aðgang að því efni sem hún varðveitir, m.a. með því að starfrækja opna gagnagrunna.

d. *Samstarf, kynningar- og kennslumál.*

Stofnunin kynnir íslenska menningu heima og erlendis og beitir sér fyrir umræðu um stöðu hennar, m.a. með sýningum á gögnum stofnunarinnar, ráðstefnum, námskeiðum, fundum og fyrirlestrum. Stofnunin starfar að eflingu kennslu í íslensku sem erlendu máli innan lands og utan og kennslu þeirra sem eiga sér íslensku sem annað mál. Hún sér um sendikennslu erlendis skv. samningi við menntamálaráðuneyti og aflar og miðlar gögnum um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskri menningu. Stofnunin á samstarf við aðrar íslenskar og erlendar stofnanir sem geyma íslensk frumgögn og við hliðstæðar rannsóknarstofnanir og háskóla innan lands og utan. Hún tekur þátt í samstarfi fræðimanna á sínu sviði, leiðbeinir og starfar

m.a. með þeim sem vinna að íðorðasöfnum og orðabókargerð og með útgefendum landakorta að því er varðar birtingu örnefna og að örnefnavernd.

e. *Útgáfa.*

Stofnunin gefur út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaefti, orða- og nafnabækur og annað efni sem tengist starfsemi hennar.

f. *Bókasafn.*

Stofnunin starfrækir safn bóka og annarra upplýsingagagna á fræðasviði sínu til stuðnings rannsókna- og miðlunarhlutverki. Sérstök áhersla skal lögð á að afla bóka sem ekki eru til í öðrum söfnum hér á landi auk afrita af frumgögnum í innlendum og erlendum söfnum.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn, þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands, tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar.

Hlutverk stjórnar er að veita forstöðumanni ráðgjöf, svo og umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar. Hún tilnefnir einn fulltrúa í dómnefnd sem ráðherra skipar vegna skipunar í embætti forstöðumanns, sbr. 5. gr. og einn fulltrúa í dómnefnd sem forstöðumaður skipar vegna ráðningar til rannsóknarstarfa, sbr. 9. gr. Stjórnin veitir ráðherra umsögn vegna skipunar forstöðumanns með hliðsjón af áliti dómnefndar um hæfisskilyrði umsækjenda um starf forstöðumanns, sbr. 5. gr. Þá veitir hún umsögn um tillögu forstöðumanns að reglugerð, sbr. 4. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum.

4. gr.

Forstöðumaður kallar húsþing saman og stjórnar því. Á húsþingi stofnunarinnar eiga sæti þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina. Þeir hafa atkvæðisrétt vegna ákvarðana og umsagna sem löggin mæla fyrir um. Húsþing skal kalla saman ef þriðjungur þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa óskar. Húsþing tilnefnir mann í dómnefnd vegna skipunar forstöðumanns og veitir umsögn um tillögu forstöðumanns að reglugerð, sbr. 4. gr. laganna. Húsþing tilnefnir fulltrúa í dómnefnd vegna ráðningar til rannsóknarstarfa, sbr. 9. gr. og veitir forstöðumanni umsögn um slíka ráðningu. Húsþing veitir forstöðumanni rökstudda umsögn um umsækjendur um sérstakar rannsóknarstöður tengdar nafni Árna Magnússonar og Sigurðar Nordals, sbr. 8. gr.

Forstöðumaður getur boðað aðra starfsmenn til húsþings. Auk þeirra verkefna sem ákveðin eru með lögnum er húsþing vettvangur umræðu og ráðgjafar um innri málefni stofnunarinnar, um fræðilega stefnumótun, verkefni og útgáfumál.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fer eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður stjórnar stofnuninni og ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í

fyrirsvari fyrir hana. Um tengsl hans við Háskóla Íslands fer eftir samstarfssamningi stofnananna, sbr. 7. gr.

6. gr.

Starfsemi stofnunarinnar skiptist í svið eftir verkefnum: skal eitt eða fleiri svið sinna rannsóknum stofnunarinnar á handritum og textum úr skriflegri og munnlegri geymd og eitt eða fleiri svið sinna sérstaklega rannsóknum á íslensku máli, einkum orða- og nafnaforðanum. Starfsemi sem þjónar almennungi og fræðimönnum myndar eitt svið eða fleiri. Ýmis innri stoðþjónusta og stjórnsýsla þjónar allri stofnuninni.

Forstöðumaður skipar hverju sviði stjórnanda úr hópi starfsmanna sviðsins að höfðu samráði við starfsmenn þess. Stjórnendur sviða hafa daglega verkstjórn hver á sínu sviði og fyrirvar af hálfu þess gagnvart forstöðumanni og öðrum sviðum.

7. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Starfstengsl geta verið á sviði kennslu, leiðbeiningar doktors- og meistaranema, rannsókna og þjónustu. Stofnunin getur að eigin frumkvæði skipulagt námskeið en mat þeirra sem hluta háskólanáms er háð samþykki hlutaðeigandi háskóladeildar. Heimilt er að semja við Háskóla Íslands um sameiginlega umsjón ýmissa starfsmanna- og kjaramála, reglur um rétt starfsmanna til úthlutunar úr sjóðum, svo sem ársmatssjóði, sáttmálasjóði og vinnumatssjóði.

Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi og aðrar menningarstofnanir samkvæmt sérstökum samningum.

8. gr.

Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera tengd nafni Árna Magnússonar en hin nafni Sigurðar Nordals. Að jafnaði skal auglýsa stöðurnar en forstöðumaður getur að fenginni umsögn húspings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar. Húsping veitir rökstudda umsögn um umsækjendur og skal hún reist á könnun á ferli þeirra, framlögðum verkum og rannsóknaráætlunum. Skyldur þessara starfsmanna við stofnunina eru að sinna rannsóknum innan þess ramma sem lög stofnunarinnar mæla fyrir um og auglýsing starfanna gefur til kynna. Þeir skulu kynna rannsóknir sínar með fyrirlestrum og birtu efni. Heimilt er að fela þeim að taka þátt í kennslu á vegum stofnunarinnar eða sinna öðrum þjónustuverkefnum, þó aldrei meira en sem nemur 20% af starfsskyldu.

9. gr.

Við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skal fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, sbr. III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, með síðari breytingum. Þriggja manna dómnefnd, sem forstöðumaður skipar, metur hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður skv. tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húspings og einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra. Fulltrúar tilnefndir af stjórn og ráðherra eru fastafulltrúar í nefndinni en fulltrúi húspings skal valinn hverju sinni með tilliti til sérfræðipekkingar á því sviði sem starfið tekur til.

Forstöðumanni er heimilt að skipa sérstaka dómnefnd við mat á umsækjendum um einstakt rannsóknarstarf mæli sérstök rök með því, enda tilnefni sömu aðilar fulltrúa í dómnefndina og endranær, sbr. 2. mgr. 40. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Dómnefnd skal skera úr um hvort umsækjendur séu hæfir til starfsins. Engan má ráða til rannsóknarstarfa samkvæmt þessari grein nema meirihluti dómnefndar hafi talið hann hæfan. Fulltrúar í dómnefnd skulu hafa hæfi rannsóknardósents hið minnsta. Áður en forstöðumaður ræður í starfið skal hann leita umsagnar húspings og skal hún vera rökstudd.

Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.

Stofnunin setur sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

10. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Stofnuninni ber að sjá Íslenskri málnefnd fyrir fundaraðstöðu, fundarritara, veita henni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum getur gert tímabundna samstarfssamninga við Íslenska málnefnd þar sem m.a. yrði kveðið á um fjárhagsleg samskipti og sérstök verkefni.

11. gr.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa örnefnanefndar. Stofnuninni ber að sjá örnefnanefnd fyrir fundaraðstöðu, fundarritara, veita henni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum getur gert tímabundna samstarfssamninga við örnefnanefnd þar sem m.a. yrði kveðið á um fjárhagsleg samskipti og sérstök verkefni.

12. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru: tekjur af seldum útgáfubókum og öðrum útgefnum verkum, styrkir til einstakra verkefna og gjafir.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum, fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérúnnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaraðstöðu, fyrir veitta sérfræðiþjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. ágúst 2008.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Arnason.

VIÐAUKI 2

Stefna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum samþykkt á húsþingi 9. apríl 2008

Inngangur – saga, staða og meginstefna

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hóf starfsemi 1. sept. 2006 og tók þá við hlutverki fimm stofnana: Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Meginhlutverk stofnunarinnar eru: að afla frumgagna um íslenska menningu – handrit, skjöl, orða- og nafnasöfn og þjóðfræðasöfn – varðveita þau og skrá; að vinna að rannsóknum á íslenskum fræðum, tungu, bókmenntum og sögu; að miðla þekkingu á viðfangsefnum sínum til almennings og fræðasamfélags með ráðgjöf, kennslu, opnum gagnagrunnum og birtu efni og að efla samstarf stofnana á fræðasviði sínu utan lands og innan. Hlutverk stofnunarinnar er nánar skilgreint í lögum og reglugerð.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fékk ríkulegan arf frá þeim stofnunum sem hún leysti af hólmi. Hún er öflug varðveislu-, rannsóknar- og þjónustustofnun með góðan orðstír heima og erlendis vegna einstæðra rannsóknargagna, öflugrar og vandaðrar rannsóknarstarfsemi og góðrar rannsóknaraðstöðu, einnig vegna fjölpættar og góðrar þjónustu. Starfslið er vel þjálfað og samhent og starfsandi góður. Öflugt bókasafn með góð fjárráð er stofnuninni og rannsóknarumhverfinu mikilvæg stoð.

Nýrri stofnun er mikilvægt að treysta innra skipulag og stjórnun til samhæfingar krafta og fyllstu nýtingar fjármuna og tækja. Stuðla þarf að því að starfslið stofnunarinnar skynji sig æ betur sem hluta af heild og hver einstakur hafi skýra vitund um stöðu sína og mikilvægi innan þeirrar heildar. Óhjákvæmilega seinkar það samrunaferlinu að stofnunin dreifist á þrjá vinnustaði, en stefnt er að því að hún verði öll komin í sameiginlegt húsnæði ekki síðar en um mitt ár 2011. Um skeið hefur starfinu verið þröngur stakkur skorinn í fjárveitingum og húsnæði og nýliðun hefur verið takmörkuð. Auk rúmgóðs og hentugs húsnæðis fyrir gögn, tækjabúnað og fastráðna starfsmenn þarf stofnunin rými handa lausráðnu rannsóknarfólki, og hún leitast við að veita bæði íslenskum og erlendum gestum, ekki síst stúdentum Háskóla Íslands, aðgengi að rannsóknargögnum.

Stefnt er að því að styrkja innviði stofnunarinnar og efla starfsemina með ýmsum hætti: Leitast er við að skipuleggja allt starf vel og veita starfsmönnum góð kjör, þjónustu og aðstöðu. Stofnunin kappkostar að bæta eftir megni þjónustu sína við innlent og erlent fræðasamfélag, m.a. með aðkomu að kennslu í íslensku erlendis, námskeiðahaldi og kennslu innanlands, einkum í samvinnu við Háskóla Íslands. Stofnunin leggur rækt við að þjóna almenningi með uppbyggingu opinna gagnagrunna með aðgengilegum upplýsingum um íslenska tungu, þjóðfræði og ritaðar heimildir. Síðast en ekki síst keppir stofnunin að því að efla rannsóknarstarf sitt með hagnýtingu rafrænnar tækni, með því að efla samstarf fræðimanna innan stofnunar og við fræðimenn og stofnanir innan lands og utan, og með öflugri sókn í rannsóknarsjóði.

Stjórnun og skipulag

1. Stofnunin mun á næstu árum þróa skipurit sitt með hliðsjón af verkefnum og aðstöðu svo að það stuðli að fyllstu skilvirkni og bestu mögulegu nýtingu fjármagns og mannauðs í þágu markmiða stofnunarinnar. Til þess að ná því markmiði þarf að tryggja gott upplýsingastreymi innan stofnunar, móta árangursríkar aðferðir til að virkja starfsmenn til þátttöku í stefnumótun og stjórnun, styrkja fjármála- og starfsmannastjórn og taka upp hópvinnumerfi við skjalastjórnun. Þá verði þróaðar skipulegar aðferðir við stjórnun og mótun verkferla.

Stoðþjónusta

2. Bókasafns- og upplýsingasvið er grunnþáttur stoðþjónustu, og þangað verður beint auknum starfskröftum eftir að komið er í nýtt hús. Áfram verður stefnt að því að efla bókakost á fræðasviði stofnunarinnar og áhersla lögð á að afla afrita (ljósmynda og annarra eftirmynda eða -rita) af frumgögnum sem varðveitt eru erlendis. Mikilvægi gagnagrunna og annarrar stafrænnar vinnslu fer stöðugt vaxandi; mótuð verður stefna um þróun á því sviði; innan stofnunar verður góð þjónusta við tölvuvinnslu og í öðrum tæknilegum eignum. Stefnt er að því að öll stoðþjónusta verði eflað í nýrri byggingu.

Ráðgjafar- og kynningarþjónusta við fræðasamfélag og almenning

3. Heimasíða stofnunarinnar er andlit hennar og opnar aðgang að gagnasöfnum hennar, orðabókargrunnum, íðorðabanka, örnefna- og þjóðfræðagrunnum, stafrænum handritamyndum og margvíslegum efnisskrám og -lyklum. Gagnagrunnar þar sem almenningur getur leitað upplýsinga verða eflaðir, en jafnframt mun stofnunin áfram svara fyrirspurnum og gefa út fræðsluefni handa almenningi. Sýningarhald er snar þáttur í kynningarstarfi stofnunarinnar og verður eflt í nýju húsnæði. Stefnt er að því að kynna vel starf stofnunarinnar og viðburði á hennar vegum, jafnframt því sem skipulega verður að því unnið að tryggja orðstír hennar og ímynd.

Málrækt

4. Viðtækt málræktarstarf fer fram á vegum stofnunarinnar og unnið er að ýmsum hagnýtum verkefnum í því sambandi. Málfarsráðgjöf til almennings stendur á gömlum merg og felst m.a. í svörum við beinum fyrirspurnum. Aukin áhersla er lögð á gerð leiðbeiningaefnis sem komið er fyrir á vefsíðu stofnunarinnar og samning sérstakrar handbókar um málnotkun er hafin. Þá hefur stofnunin með höndum gerð og útgáfu íslenskrar stafsetningarorðabókar, og verður unnið að endurskoðun hennar. Stofnunin hefur einnig það hlutverk að styrkja íslenskt íðorðastarf með fræðilegri ráðgjöf til orðanefnda og annarra sem til hennar leita og með því að reka sérstakan íðorðabanka með umfangsmiklu safni íslenskra íðorða á fjölmörgum fagsviðum ásamt jafnheitum þeirra á erlendum málum.

Alþjóðleg samskipti

5. Samskipti við alþjóðlegt fræðasamfélag eru nú fjölþætt og öflug: fjöldi erlendra fræðimanna sækir stofnunina heim, nýtur aðstöðu til rannsókna, og auðgar samfélagið. Þá gengst stofnunin fyrir ráðstefnum og námskeiðum á fræðasviði sínu með þátttöku erlendra og innlendra fræðimanna, og starfsmenn stofnunarinnar eru í virkum

tengslum við fræðimenn á sínu sviði erlendis, sækja ráðstefnur og flytja erindi. Stefnt er að því að bæta aðstöðu fyrir erlenda gesti í nýju húsi og auka alþjóðlegt samstarf, ekki síst með þátttöku í rannsóknarverkefnum og samstarfi um fræðilegar útgáfur.

Menntun og kennsla

6. Stofnunin leitast við að styrkja menntun stúdenta í greinum sem fást við íslensk fræði og efla rannsóknir og kynningu á íslenskum fræðum innan lands og í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Starfsmenn stofnunarinnar taka að sér kennslu á sínum sérsviðum, eftir því sem um semst við Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir. Sérstök áhersla er lögð á leiðsögn stúdenta í rannsóknartengdu námi og þjálfun til rannsóknarstarfa. Stofnunin vinnur að því, í samstarfi við Háskóla Íslands og erlendar háskólastofnanir, að efla kennslu í íslensku sem erlendu máli innan lands og utan, bæta starfsaðstöðu og starfskjör sendikennara og styrkja fjarkennslu fyrir útlendinga í samvinnu við Háskóla Íslands. Hér er einnig horft til kennslu þeim til handa sem eiga sér íslensku sem annað mál. Kappkostað verður að nýta fjölþjóðlegar samskiptaáætlanir og samstarfssamninga með nemenda- og kennaraskiptum. Stefnt er að því að efla menntun kennara og rannsóknir á sviði máltileinkunar og menningarlæsis í samvinnu við Háskóla Íslands. Stefnt er að því að þróa námsefnið Icelandic Online enn frekar í samvinnu við aðila innan Háskóla Íslands og utan, auka við efni þess og gera það aðgengilegra fleiri notendahópum. Leitast verður við að styðja gerð kennslugagna sem taka tillit til aðstæðna við íslenskukennslu erlendis og taka mið af málámanburði.

Rannsóknir og útgáfa íslenskra texta eftir frumheimildum

7. Stefnt er að því að halda áfram öflugum textarannsóknum og útgáfustarfsemi í hæsta alþjóðlegum gæðaflokki. Tekið verður saman yfirlit yfir texta frá fyrri og síðari öldum sem æskilegt er að gefa út. Gætt verður bæði að eyðum í útgáfu handritatexta og þörf á nýjum útgáfum í stað eldri og vanbúinna. Til viðbótar við hefðbundnar prentaðar útgáfur og hljóðútgáfur á diskum, sem munu áfram koma út á vegum stofnunarinnar, býðst nú áður óþekkt tækni við fræðilega útgáfuvinnu og miðlun hennar, og verður kappkostað að nýta ætíð þær aðferðir sem best henta hverju verkefni. Stofnunin mun áfram gefa út rannsóknarrit sem starfsmenn eða aðrir hafa samið og standa að öflugri útgáfu fræðilegra tímarita á fræðasviði sínu.

Rannsóknir á orðaforða og miðlun þeirra með nýrri tækni

8. Rannsóknum á íslenskum orðaforða má nú miðla á miklu fjölþættari og markvissari hátt en áður, og orðfræðileg og orðabókarleg greining og efnisflokkun miðast nú við breytilegar þarfir þeirra sem rannsóknirnar eiga erindi við, hvort sem er til fræðilegra eða hagnýtra nota. Að þessu verður hugað enn frekar á næstu árum. Íslenskur orðabókastofn og samning íslensk-skandinavísku veforðabókarinnar ISLEX er dæmi um framsækið verkefni á þessu sviði. Hinn íslenski stofn verksins byggist á orða- og textasöfnum stofnunarinnar og margvíslegri orðfræðilegri greiningu á þeim efniviði, m.a. merkingarlegri flokkun orðaforðans. Sérstök áhersla er lögð á að nýta þá kosti sem vefmiðlun býður upp á, m.a. með því að skerpa hinar orðabókarlegu upplýsingar með mynd- og hljóðefni. Með ISLEX-verkefninu stuðlar stofnunin að því að auka og efla norrænt menningarsamstarf og greiða fyrir samskiptum við þær þjóðir sem í hlut eiga. Verkefnið er jafnframt gildur þáttur í skipulegri vefrænni miðlun upplýsinga um íslenskan orðaforða fyrir íslenska notendur.

Málheild og beygingarlýsing

9. Á næstu árum verður lögð sérstök áhersla á verkefni á sviði tungutækni. Meginverkefnið er að byggja upp málfræðilega greint textasafn með breiðu úrvali texta frá ólíkum tímabilum íslenskrar málsögu. Undanfarin ár hefur verið unnið að víðtækri lýsingu á beygingu íslenskra orða og með því lögð undirstaða að öðrum tungutæknilegum verkefnum, auk þess sem beygingarlýsingin gegnir hagnýtu hlutverki við orða- og dæmaleit og miðlar upplýsingum um beygingu einstakra orða.

Skráning og miðlun frumgagna

10. Gagnasöfn stofnunarinnar, gömul og ný, eru verðmætur og sígildur efniviður rannsókna á íslenskum orða- og nafnaforða, íslenskum bókmenntum og sögu, og verður kappkostað að styrkja enn það hlutverk þeirra. Hluti af frumgögnum stofnunarinnar er nú þegar skráður í rafrænni mynd og nýtist á ákjósanlegan hátt jafnt til rannsókna og almennrar fræðslu. Margt er þó enn óskráð á nútímavísu og er stefnt að því að rafræn skráning frumgagna verði stóraukin á komandi árum, bæði á því efni sem snertir rannsóknir á íslenskum orða- og nafnaforða, með sérstakri áherslu á örnefni, og því efni sem liggur til grundvallar fræðilegum útgáfum á textum í handritum og á hljóðritum. Með hinni nýju tækni verða sjálfar frumheimildirnar, svo sem ljósmyndir af handritum, hljóðskrár, orða- og örnefnaskrár, gerðar aðgengilegar á netinu. Kappkostað verður að gera einstök söfn með frumgögnum sem best leitarbær eftir efni, orðum, nöfnum, stöðum, aldri og fleiri þáttum, og hugað verður að því að nýta slíka leitarþætti til að tengja saman upplýsingar úr ólíkum söfnum. Mikilvægt margmiðlunarverkefni af þessu tagi er í því fólgið að tengja örnefnaskrár við kort og loftmyndir.

Söfnun nýrra gagna

11. Stofnunin stefnir að því að afla íslenskra handrita eftir því sem kostur er og skrá þau og stuðla jafnframt að því að til verði heildarskrá um íslensk handrit. Einnig verður unnið að því að skrá og varðveita þjóðfræðaeefni af vörum fólks, m.a. í samvinnu við þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Jafnframt hljóðritunum, sem tóku við af skráningu skrifara um miðja síðustu öld, er nú horft til þess hvernig megi nýta kvikmyndatækni við þessa vinnu. Í ráði er að hrinda af stað landsátaki í söfnun þjóðfræða með kvikmyndatækni og gera afraksturinn jafnóðum aðgengilegan á netinu. Áfram verður unnið að örnefna- og orðasöfnun. Söfnun orða úr rituðu máli tengist m.a. gerð markaðrar málheildar með úrvali íslenskra texta (sjá 10. lið). Orðanotkun og orðaforði talmáls nýtur vaxandi athygli, og áfram verður aflað vitneskju um orðafar, örnefni og önnur nöfn með beinu sambandi við heimildarmenn, m.a. gagnvirku netsambandi.

Varðveisla heimilda

12. Varðveisla frumgagna og annarra heimildagagna í eigu stofnunarinnar er mikilvægur þáttur í starfsemi hennar. Þessi gögn eru af ýmsu tagi: bækur og skjöl á bókfelli og pappír (þ.á m. seðlar), myndir á filmum og pappír (þ.á m. landakort), hljóðupptökur á vaxhólkum og segulböndum, auk umfangsmikilla og fjölbreyttra stafrænna gagnasafna. Stofnunin vinnur stöðugt að því að umhverfi, aðbúnaður og meðhöndlun slíkra gagna sé með þeim hætti að öryggi sé tryggt. Rekstur forvörslu- og

ljósmyndastofu gegnir þar veigamiklu hlutverki. Nýtt framtíðarhúsnæði stofnunarinnar á að uppfylla allar ítrustu kröfur um bestu varðveisluskilyrði og öryggi gagnanna.

Íslensk málnefnd

13. Stofnunin á náið samstarf við Íslenska málnefnd, sem hefur með höndum mótun opinberrar íslenskrar málstefnu, og veitir henni margs konar þjónustu.